

B

Nr. VI Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

XIV

GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 2

FRUMRIT : Bls. 503 - 1000

I

B Nr. VI Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 2

FRUMRIT : Bls. 503 - 1000

I

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 9/8 1976.

I dag um kl. 17:00 var ég undirritaður viðstaddir yfirheyrslu hr. Karls Schütz yfir Guðnýju Sigurðardóttur, eiginkonu Geirfinns Einarssonar. Yfirheyrslan fór fram á heimili Guðnýar og var þar einnig Pétur Eggerz, sem túlkur.

Hr. Schütz byrjaði að ræða um börn þeirra hjóna og skýrði Guðný honum þá frá því að drengur þeirra væri veikur, hann væri með hálsbólgu. Fékk hann að segja nokkur orð við hann, þar sem hann lá í rúmmi og sagði strákurinn honum að maður sá er hefði hringt til Geirfinns, að kvöldi 19. nóv. 1974, og strákurinn talaði við, hefði verið með hrjúfa rödd.

Varðandi samskipti þeirra hjóna, kvaðst Guðný hafa kynnst Geirfinni, er hann hefði unnið við fiskvinnslu í Keflavík. Kvaðst hún þá hafa verið svo ung að hún hefði ekki haft aldur til þess að fara á skemmtanir og hefði því Geirfinnur áfalt farið einsamall. Á seinni árum hefði Geirfinnur lítið farið út að skemmta sér, en þegar hann hefði farið hefði hún oftast farið með honum, en þó ekki alltaf. Hún kvaðst muna eftir einu skipti, er hann hefði farið einsamall út að skemmta sér og hefði hann ekki komið heim fyrr en um kl. 12.00 næsta dag. Kvaðst hún þá hafa spurt hann að því hvar hann hefði verið og hefði hann þá sagt að hann væri að kvoma frá lögreglunni, þar sem hann hefði gist um nöttina. Hefði Geirfinnur gefið þá skýringu á gistingu sinni hjá lögreglunni, að einhver maður hefði verið að "pirra" sig eða íta við sér og hefði hann þá lamið hann í höfuðið með flösku og síðan verið handtekin af lögreglunni. Guðný sagði að Geirfinnur hefði greitt kr.500.00 í sekt fyrir þetta atvik og kvaðst hún halda að maður sá er Geirfinnur lamdi hefði aldrei lagt fram kærur á hendur honum fyrir þetta.

Guðný sagði að Geirfinnur hefði unnið hjá fyrirtæki Ellert Skúlasonar í Njarvík og hefði hann unnið þar á stórvirkum vinnuveðlum. Geirfinnur hefði farið til vinnu, á vegum fyrirtækis Ellerts, að Búrfelli, þegar framkvæmdir hófust þar. Síðan hefði hann unnið við Sigölduvirkjun á árunum 1973 og 1974. Eftir að hann hætti vinnu í Sigöldu, þá hefði hann farið til vinnu um skamman tíma við Búrfellsvirkjun, en síðan hefði hann unnið í

Keflavík og nágreni hjá Ellert Skúlasyni.

Pegar Geirfinnur hefði unnið fjarri heimili sínum, t.d. við Búrfell og Sigoldu, hefði hann oftast skilið bifreið þeirra eftir heima og kvaðst Guðny þá hafa haft hana til afnota. Guðny sagði að Geirfinnur hefði unnið í 10 daga en síðan átt 4 daga frí og hefði hann þá alltaf komið heim, og þá hefði hann komið heim á fimmþudegi og farið aftur á sunnudagskvöld eða mánudagsmorgun.

Varandi fjármál þeirra hjóna sagði Guðny að Geirfinnur hefði séð um að greiða allar skuldir þeirra, pegað hann vann í Keflavík eða nágreni. Pegað hann hefði farið að vinna við Búrfell og Sigoldu hefði hún séð um að greiða réikningana og hefði hún haft leyfi til þess að skrifa tékka (ávísanir) úr ávísunarhefti Geirfinns. Guðny sagði að laun Geirfinns hefði verið lögð inn á ávísunarreikning þeirra og hefðu þau fengið kvittun frá vinnuveitanda þar um. Guðny kvaðst ekki vita til þess að Geirfinnur hefði farið með ávísunarhefti pegað hann hefði farið til vinnu í Búrfell og Sigoldu, heldur hefði hann látið sig hafa það, en farið sjálfur með peninga, sem hann taldi að nægðu fyrir tóbaki og því sem hann nauðsinlega þurfti að kaupa.

Varandi sambúð þeirra hjóna kvaðst Guðny hafa verið orðin talsvert breitt, þar sem Geirfinnur hefði látið sig mik ið afskiptalausa, eftir að hann fór að vinna fjarri heimilinu. Pegað hann hefði verið heima, hefði hann oftast setið og lesið bækur eða horft á sjónvarpum. Guðny sagði að þau hefði lítið farið út að skemmta sér, en pegað þau hefðu farið hefðu þau neytt áfengis og skemmt sér vel saman.

Guðny sagði að Geirfinnur hefði verið mjög dulur maður og virtst vera feimin. Pegað hann hefði verið búinn að neyta áfengis hefði hann verið opnari við sig og sagði hún það einkum eiga við kynferðissamband þeirra hjóna. Hún sagði að þau hefðu oft skoðað samþammyndir og pegað Geirfinnur hefði verið undir áhrifum áfengis hefði þau oft kysst á kynfæri hvors annars. Aldrei kvaðst Guðny hafa orðið vör við það að Geirfinnur hefðu hug á öðru kvennfólki, pegað þau hefðu skemmt sér saman, nema hann hefði stundum sagt að einhver kvennmaður væri laglegur. Eki kvaðst Guðny heldur hafa veitt því athygli að hann hefði nokkurn meiri áhuga fyrir karlmönnum og hefði hún aldrei orðið vör við það hann væri kynvilltur og hefði slikt aldrei komið fram í samskiptum þeirra hjóna.

Varðandi kvennarbandið, sem Geirfinnur hafði á handleggnum, (Klúbbnum 17. nóv. 1974) sagði Guðný að hún hefði átt það arband og hefði hún geymt það ofan á ~~xx~~ ísskápnum í eldhúsinu Þaðan hefði Geirfinnur tekið arbandið, án hennar vitundar. Ekki kvaðst Guðný hafa vitað um að Geirfinnur hefði verið með arbandið, fyrr en á manudagskvöldið, þegar hann bað hana um að opna lásin á arbandinu, sem hún kvaðst hafa gert. Þá kvaðst Guðnú hafa spurt Geirfinn að því, hversvegna hann væri með arbandið. Hefði hann þá svarað því til að hann hefði verið að fikta með arbandið og sett það á handlegginn á sér, sen síðan ekki getað eða kunnað að opna lásin og því orðið að hafa það á ~~xx~~ handleggnum.

Varðandi sambúsð þeirra hjóna, kvaðst Guðný hafa verið orðin mjög breitt á því, eins og áður hefur komið fram. Kvaðst Guðný því hafa rætt þau mál við Geirfinn og þá haft á orði við hann hvort þau ættu ekki að slíta samvistum. Hefði hann þá svarað því til ~~xx~~ að hann skyldi ekki standa í vegin fyrir því ef hún óskaði þess. Kvaðst Guðný þá hafa spurt hann að því hvort honum væri sama ~~xxxxx~~ ef hún hefði verið með öðrum karlmanni og hefði hann þá svarað því til að hann myndi fyrir-gefa henni það. Guðný kvaðst þá hafa rættum það við Geirfinn, hvað betur mætti fara í samskiptum þeirra. Guðný sagði að þessar samræður hefðu átt sér stað ca. 2 til 3 mánuðum áður en Geirfinnur hvarf.

Guðný skýrði enfremur frá því að eftir þetta samtal þeirra hefði Geirfinnur breitzt í umgengni og hefði hann t.d. hjálpað sér við húsverkin, þegar hann var heima og í eitt sínn kvaðst hún hafa beðið hann að fara í blómabilinn og kaupa tómata og þegar hann hefði komið aftur hefði hann komið með blóm og gefið sér. Guðný sagði að það hefði hann aldrei gert áður, og því hefði samband þeirra breitzt til batnaðar.

Guðný kvaðst hafa haldið framhjá Geirfinni, eða lifað með öðrum karmönnum og kvaðst hún hafa verið með eða haldið við mann þegar Geirfinnur hvarf. Guðný sagði að maður sá hét Vilhjálmur Svanberg Helgason, Alfheimum 28, Rvík., f. 20/6 1952, sími: 37251.

Guðný sagði að sunnudagskvöldið 17. nóv. 1974 hefði ~~xx~~ Vilhjálmur Svanberg komið heim til hennar, eftir að Geirfinnur hefði farið á dansleik í Klúbbinn. Sagði Guðný að hann (svanberg) hefði verið hjá sér þar til kl. 02:00, en þá hefði hún átt von á Geirfinni heim, og hefði Svanberg þá farið til vinkonu hennat

Sjafnar Traustadóttur, sem einnig býr í Keflavík. Guðny sagði að Geirfinnur hefði komið heim um kl. 02:00 og þá talað við hana, en síðan farið að sofa. Kvaðst hún þá hafa farið út og til Sjafnar og þar hitt Svanberg aftur. Hefðu þau verið þar eitthvað fram eftir nöttu, en þá kvaðst hún hafa boðið Svanberg að sofa í stofunni heima hjá sér. Guðny kvaðst hafa sagt Svanberg það, að það væri í lagi, hún læsti stofunni og Geirfinnur færí ekki ~~þangat~~ þangað inn, þegar hann færíð til vinnu um morguninn. Guðny sagði að Svanberg hefði sofið í stofunni það sem eftir var nætur og kvaðst hún hafa vakið Geirfinn til þess að faraí vinnuna skömmu fyrir kl. 10:00, en Svanberg hefði ekki farið frá henni fyrr en skömmu fyrir kl. 12:00, þegar hún átti von á stráknum sínum heim úr skólanum.

Hr. Schutz ræddi nú um síðust stundir í lífi Geirfinns og bað Guðny að segja okkur frá því.

Guðny sagði að Geirfinnur hefði komið heim frá vinnu eins og vant var. Kvaðst hún hafa verið að ganga frá í eldhúsinu og hefði Geirfinnur verið innmíð í baðherberginu. Þegar hún heyrði að Geirfinnur kallaði til hennar og sagði. " Af hverju öskrar þú ". Guðny kvaðst þá hafa svarað honum og sagt að hún hefði ekki öskrað. Þá hefði Geirfinnur kallað aftur " víst öskraðir þú, þú öskraðir eins og verið væri að drepa þig ". Guðny kvaðst þá hafa farið til hans og sagt að hún hefði ekki öskrað, það hefðu sennilega verið kettir að breima eða krakkar að öskra úti. Kvaðst Guðny síðan hafa farið með Geirfinni út til þess að athuga þetta, en þau hefði einskis orðið var. Kvaðst Guðny hafa haldið að Geirfinnur hefði heyrt þetta inn um opin glugga á baðherberginu.

Fyrrst þegar Hr. Schutz spurði Guðny nefnd orðaskipti, sagðist hún ekki muna eftir þeim, en þó kannast við orðin. Henni var þá skýrt frá því að hún hefði sagt þetta í skýrslu hjá lögreglunni og var ~~háxx~~ þetta ítrekað við hana. Guðny var þá mjög föl í andliti og niðurlút og bar því við að hún myndi ekki eftir því í hvaða sambandi hún hefði sagt þetta. Hún virtist einnig mjög taugaðstirk og skulfa á henni fingurnir þegar hún kvaðst alt í einu muna eftir þessu og sagði frá því eins og að framan er greint.

Hr. Schutz spurði þá Guðny að því hvað hún hefði séð út um eldhúsgluggann, sem hefði orðið þess valdandi að hún öskraði.

Guðný svaraði þá og sagði að hún hefði ekkert séð út um gluggann, þar sem rúllugardína hefði verið dregin fyrir gluggann. Guðný sagði enfremur að þó svo að ekki hafði verið dregið fyrir gluggann, þá hefði hún ekki séð hvort einhver hefði komið heim að húsínu, þar sem eldhúsglugginn væri þannig staðsettur að ekki ~~meink~~ væri hægt að sjá nena að næsta húsi.

Hr. Schutz spurði Guðný hversvegna hún hefði ekki munað eftir orða skiptum þeirra fyrst þegar hún var spurð að því. Svaraði Guðný því til að hún væri orðin preitt á öllum þessum blaðaskrifum og því hafa reynt að gleyma þessu.


Guðný sagði að besti vinur Geirfinns hefði verið Georg Valentínusson, en hann hefði flutt frá Keflavík um sumarið 1974.

Guðný var að því spurð hvort hún kannaðist við Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson, Þrlu Bolladóttur, Einar Bollason eða Albert Klahn Skaftason.

Kvaðst hún ekkert kannst við nöfn þessa fólks og sagði þá frá því að hún hefði skoðað myndir af mörgum mönnum hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík og þar hefði hún kannast við mynd af einum manni, en ekki hafa getað komið honum fyrir sig eða hafa getað áttað sig á því hvar hún hefði séð hann. Guðný sagði að þegar hún hefði farið frá rannsóknarlöggreglunni hefði hún áttað síg að því hvar hún myndi eftir þessu andliti og hefði það þá mynt sig á "leirhausinn". Þukki kvaðst Guðný hafa haft orð á þessu við rannsóknarlöggregluna.

Guðný sagði frá því að hún væri nú byrjuð að búa með öðrum manni, sem hún kvaðst hafa kynnst í ágúst 1975 og væri það bróðir vinkonu hennar. Guðný sagði mann þennan heita Einar Guðberg Gunnarsson og starfaði hann sem framkvæmdarstjóri hjá gluggaverksmiðjunni Ramma. Guðný kvaðst hafa selt íbúð þá er hún og Geirfinnur hefðu átt og hefði hún fest kaup á þeirri íbúð, sem hún nú byggi í, ásamt núverandi sambýlismanni hennar. Guðný kvaðst hafa selt ~~is~~ íbúðina sína á 5 milj. og hafa keypt þessa íbúð á kr. 6,7 milj.

Guðný skýrði frá því að Geirfinnur hefði unnið hjá Póst og síma, áður en hún kynntist honum og hefði hann unnið á austurlandi.


Sigurbjörn Eggertsson,
lögreglum.

R. 19/8 1976.

Kl. 19:57 var Erla Bolladóttir færð fram til viðtals við undirritaðan, í fangelsinu við Síðumúla.

Erlu voru sýndar myndir af ýmsum tegundum af sendibifreiðum og hún spurð að því hvort einhver pessa bifreiða líktist þeirri bifreið, sem verið hefði í Keflavík að kvöldi þess 19. nóv. 1974.

Erla bennti þá á mynd af M. Benz sendibifreið, sem merkt hafði verið með tölustafnum 9. Varðandi líf á bifreiðinni þá benti hún á lit, sem var á litaspjaldi, og var hann merktur með tölunni 17. Erla sagði að pessi bifreið, sem hún bennti á væri mjög lík þeirri bifreið, sem verið hefði í Dráttarbraut Keflavíkur að kvöldi 19. nóv. 1974.

Samtalinu lauk kl. 20:20.


Sigurbj. Viðir Eggertsson,
lögreglum.

R. 19/8 1976.

Kl. 20:24 var Sævar M. Ciesielski fæður fram til viðtals við undirritaðan, í fangelsinu við Síðumúla.

Sævari voru sýndar myndir af ýmsum tegundum sendibfreiða og spurður að því, hvort einhver þessara bifreiða líktist þeirri sendibfreið, sem verið hefði í Dráttarbrautinni í Keflavík þann 19. nóv. 1974.

Sævar svaraði því þá til að hann héldi að hann væri rangi maðurinn í þessu máli og gæti hann því ekki sagt til um það hafa bifreið hefði verið í Dráttarbrautinni 19. nóv. 1974, þar sem hann hefði ekki verið þar.

Það skal tekið fram að Sævar virtist mjög óstirkur á taugum.

Samtalinu lauk kl. 20:27.



Sigurbj. Þór Eggerthsson,
lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 19/8 1976.

Kl. 20:30 var Kristján Viðar Viðarsson færður fram til viðtals við undirritaðan, í fangelsinu við Síðumúla.

Kristjáni voru sýndar myndir af ýmsum tegundum af sendibfreiðum og spurður að því, hvort einhver þessara bifreiða líktist sendibifreið þeirri, sem verið hefði í Dráttarbrautinni í Keflavík þann 19. nóv. 1974.

Kristján sagði að hann væri viss um að engin ~~mynd~~ bifreið, sem væri á myndunum, líktist þeirri sendibifreið, sem verið hefði í Dráttarbrautinni 19. nóv. 1974. Hann sagði að bifreiðin hefði verið með farangurshúsi, sem hefði verið aðskilið frá stýrishúsini og nokkuð hærra heldur en það. Einnig hefði vélarhús bifreiðarinnar verið talsvert stærra. Hann kvaðst vera viss um að bifreiðin hefði verið blá að lit og benti þá á mynd, sem merkt var nr. 4, og sagði að litur á þeirri bifreið væri mjög lík litnum á sendibifreiðinni, sem verið hefði í Dráttarbrautinni þann 19. nóv. 1976.


Samtalinu lauk kl. 20:40.


Sigurður Eggertsson,
Lögreglu.

19.8.1976. Farið í dag til Keflavíkur og rætt
við Guðnyju Sigurðardóttir, f. 19.12.1948 í Keflavík; tilh.
Hólabraut 10, Keflavík, sími 3157.

Eg sýndi Guðnyju miðana, sem bárust hingað er Keflavíkur-
rannsóknin kom. Hún kunni svör við flestum þeirra, en
þó ekki öllum. Sagðist á sínum tíma hafa verið spurð um
þessa miða hjá Keflavíkurlöggreglunni, en muna þetta nú
öglöggt. Hún þekkir rithönd sína á sumum miðanna.

Guðny sagði, að þessir miðar, hefðu verið í dóti þeirra
ásamt fleiri pappírum og hefði allt verið afhent löggreglunni
í Keflavík og hefði henni síðan verið skilað öllu aftur,
nema umræddum miðum.


Ivar Hannesson
Löggreglum.
Ivar Hannesson.

19.8.1976. Farið í dag til Keflavíkur. Ræddi við Ellert Björn Skúlason, vinnuveitanda Geirfinns Einarssonar, f.9.10.1935, tilh. Grundarvegi 21, Ytri-Njarðvík sími 1880.

Ræddi við hann um Geirfinn og kom þar ekkert nýtt fram, en Eggert N. Bjarnason lögreglum. hafði áður rætt við Ellert varðandi Geirfinn.

Eg fékk hjá Ellert, vinnubók Geirfinns frá árinu 1974.

Iver Hannesson
lögreglum.

Iver Hannesson.

R. 23/8 1976.

I dag var athugað hvort Vilhjálmur Svanberg Helgason, fæddur 20/6 1952, til heimilis að Alfheimum 28, Rvík., sími: 37251, hefði hreint sakavottorð. Vilhjálmur Svanberg var viðhald Guðnýar Sigurðardóttur, eiginkonu Geirfinns.

Samkvæmt Upplýsingum frá sakaskrá ríkisins hefur hann verið sviptur ökuleyfi, með sátt, í 3 mánuði í des. 1974. 28. nóv. 1975 hefur hann verið sviptur ökuleyfi æfilangt, með dömi og hlotið 25 daga varðhald.



Sigurbj. Víðir Eggertsson,
lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 24/8 1976.

Kl. 14:00 í dag ræddi undirritaður við Jón Knútsson, f. 23/7 1957, til heimilis að Hlégerði 4, Kópavogi, sími: 40641, í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar.

Tilefni efni þess að ég ræddi við Jón, var það að hann hafi sagt löggreglunni frá því að hann væri hræddur vegna "Geirfinnsmálsins", en hann kvaðst þá vinna hjá Jóni Ragnarssyni, sem orðaður hefði verið við það mál.

Jón Knútsson kvaðst vera góður vinur Guðmundar Bjarna Guðmundssonar, sonar Guðmundar Agnarssonar. Sagði hann að móðir Guðmundar Bjarna, Guðrún Bjarnadóttir hefði komið að máli við síg og sagt að vinnuveitandi hans, Jón Ragnarsson og hans vinir, væru glæpamenn og viðriðnir þetta mál. Sagði hann þá, að sér hefði ekki staðið á sama, þar sem hann hefði mikið unnið fyrir Valhöll, sem Jón Ragnarsson er framkvæmdarstjóri fyrir.

Sagði hann að Jón Ragnarsson væri mikill peningamaður og hefði hann kynnst því að Jón telfdi mjög djarft í þeim málum. Hann kvaðst því persónulega trúá því að Jón Ragnarsson væri við þetta mál riðin, en kvaðst þó ekkert hafa fyrir sér í því annað en kynni sín af honum, þegar hugsanlega væru peningar annarsvegar.

Jón kvaðst hafa ekið sendibífreið fyrir Valhöll og hefði hann séðum um öll innkaup í Reykjavík og flutt varninginn austur. Sagði hann að það hefði verið allar tegundir af matvöru, hreinlætisvöru, sælgæti, áfengi o.s.fr.. Hann sagði að einnig hefði flutt vörur fyrir Valhöll, sendibífreið frá Sendibílastöðinni við Borgartún og hefði ökumaður hennar verið kallaður Palli, en hann hefði stöðvarnúmer 99, og hætti hann grán M. Benz af milli stærð. Jón sagði að þegar bifreið Valhallar hefði bilað, hefði verið gert við hana á bifreiðarverkstæði Hreins Halldórssonar, Vesturvör í Kópavogi, sem hann kvaðst telja að væri góður vinur Jóns Ragnarssonar.

Jón sagði að bifreiðin hefði verið geymd í undirgangi hjá Þórscaffé þegar hún hefði ekki verið í notkun, en nú væri það ekki hægt lengur, þar sem búið væri að breyta þar húsakinum og kvaðst hann vita til þess að Þór Ragnarsson hefði verið ~~Nes~~

bifreiðina sl. veturnar. Hann sagði að eiginn bifreiðageymsla væri austur á Valhöll, þar væru 4 geymsluherbergi og væri geymd matvara í 3 þeirra, en 1 væri notuð undir ýmiskonar áhöld í sambandi við veitingareksturinn. Hann sagði að í benzinafgreiðslunni ~~xækk~~ væru geymdir mótorar af bátum þeim sem Valhöll ætti, svo og bensingeymar frá þeim. Einnig væri lítil geymsla undir stiga í Valhöll, þar sem geymd væru ýmiskonar bréfsefni og sagði hann að, oft hefði verið erfitt að fá þá geymslu opnaða, en hversvegna kvaðst hann ekki vita.

Jón sagði að Sigurbjörn Eiríksson hefði oft komið að Valhöll í sumar og hefði hann oftast komið milli kl. 21:00 og 22:00 og farið aftur 24:00 til 01:00. Hefði Sigurbjörn þá komið til þess að ræða við Jón Ragnarsson og hefðu þeir oft ræðst saman á herbergi nr. 100 (svítunni), en þó hefði komið fyrir að þeir hefði talað saman á barnum. Einusinni sagði hann hafa tekið eftir því að þeir hefði gengið um í nagreni Valhallar og ræðst við, og sagði hann það mjög óvanalegt að Jón gerði slíkt, þar sem hann væri mjög latur og nennti ekki að hreifa sig of mikið.

Hann sagði að Sigurbjörn hefði einu sinni komið kl. 06:00 og þá verið að leita að Jón Ragnarssyni. Hefði Sgurbjörn sagt að þjólfarði bifreiðar hans, sem í þessu tilviki var Skóda bifreið frá bílaleigu Karnabæjar, hefði sprungið á heiðinni ~~mi~~ og hefði hann gengið að Valhöll. Jón sagði að Sigurbjörn hefði verið í heimsókn á Valhöll kvöldi áður.


Jón Knútsson kvaðst halda að gul sendibifreið, af tegundinni M. Benz, með gluggum aftur með hliðunum, hefði ekið fyrir Klubbinn. Ekki kvaðst hann þó vita hvaða bifreið petta væri, en hann sagðist hafa séð hana einu sinni, þar sem henni hafi verið ekið frá Klúbbnum og hefði þá verið að flitja stóla. Hann sagði að hann hefði síðan oftar séð þessa bifreið standa fyrir utan Klúbbinn og það gæti verið að hún væri gula að neðan, en hvít að ofan.

Jón sagði einnig að kona, sem haldið hefði við Jón Ragnarsson, og héti Rúna Didriksen og ætti heima á Hjallabraut 3, Hafnarfirði, sími: 52943, (vinnur ~~hj~~ í skóbuð Pórðar Péturss. í Kirkjustræti), hefði sagt sér í trúnaði, að sést hefði til Jóns Ragnarssonar og Guðmundar Ágústssonar, þegar þeir hefðu verið að koma út úr íbúð hennar í Hafnarfirði. Hefði stúlka, sem býri í sama stigagangi séð þá koma þar út og sagt henni

frá því. Hefði Rúna þá séð, að listi sem væri innan á hurðarkarminum hefði verið losaður og hurðin síðan stungin upp með hníf. Ekki hefði hún séð að neitt hefði verið hreyft í fbúðinni og engin ummerki eftir þá, en hún hefði þó grun um að þeir hefðu farið inn "oftar" á sama hátt.

Jón kvaðst óska eftir því að ef þett yrði kannað frakar, að hans yrði þá ekki getið í því sambandi. Hann kvaðst halda að ástarsamband milli Jóns Ragnarssonar og Rúnu hefði byrjað vorið 1975, en sagðist þó ekki vera viss og skyldi kanna það ~~fxr~~ frekar og hafa samandi við mig.

Þá kvaðst Jón vilja vekja athygli á því að sér hefði alltaf fundist Vodka það sem selt er á bar Björns Olsen í Klúbbnum, vera mjög undarlegt á bragðið og ekki eins og á öðrum börum í veitingahúsínu og hefðu fleirri haft orð á því við sig. Hann sagði það líka skrifitið hversu mikið áfengi Björn Olsen gæti gefið stúlkum þeim, sem væru í kringum hann, en það væri talsvert magn af áfengi sem þannig færi.



Sigurbj. V. Eggertsson,
lögreglum.

R. 24/8 1976.

I dag ræddi ég undirritaður við Margréti Guðmundsdóttur, Bólstaðarhlíð 30, Rvík., sími: 35174, en Margrét er dóttir Guðmundar Agnarssonar. Tilefni samræðnanna var að leita upplýsinga um orð og athafnir Guðmundar, varðandi svo kallað "Geirfinnsmál".

Magrét staðfesti skýrslu, sem tekin var af henni hjá rannsóknarlöggreglunni þann 22/10 1975, varðandi það sem Guðmundur faðir hennar hafði sagt henni um Geirfinnsmálið.

Magrét sagði, að skömmu eftir að Geirfinnur Einarsson hvarf, hefði hún verið að lesa viðtal við Guðný, eiginkonu Geirfinns, í Morgunblaðinu. Kvaðst hún þá hafa sagt við Guðmund, hversu mál þetta væri hræðilegt. Hefði þá Guðmundur svarað henni og sagt "þetta var gangandi glæpamaður, þetta helvít". Hún kvaðst þá hafa spurt hann að því, hvað hann ætti við með þessum orðum og hefði hann þá ekki viljað ræða það frekar.

Nóttina sem Guðmundur sagði börnum sínu frá því að hann væri viðriðinn Geirfinnsmálið, sagði Margrét að hann hefði jafnframt sagt að Guðný, eiginkona Geirfinns, vissi allt um þetta mál og Sigurbjörn Eiríksson hefði sennt henni peninga.

Magrét sagði einnig, að u.b.b. 1/2 mánuði eftir að löggreglan tók skýrslu af Guðmundi, vegan ummæla hans, um aðild hans að Geirfinnsmálinu, hefði hún spurt Guðmund hvers vegna hann hefði ekki sagt löggreglunni sannsleikan. Þá hefðu jafnframt verið viðstaddir Rúnar eigin maður hennar og Árni bróður hennar. Hafi Guðmundur þá svarað, að hann vildi ekki sitja einn í fangelsi, meðan aðrir aðildarmenn gengju lausir. Sagði Margrét, að hann ~~hefði~~ hafi ~~sagt~~, nóttina sem hann skýrði fjöldskyldu sinni frá aðild hans að málinu, látið í ljósi hræðslu um að mál Í myndi ekki upplýsast og hann einn yrði að taka út refsnigu og þess vegna hefði hann ekki skýrt löggreglunni frá vitneskju sinni, varðandi þetta mál.

Pegar að ég ræddi við Margréti, virtist hún vera í

Miðvikudaginn, 25.8.1976, kl. 10.30, er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Sigurður Kort Hafsteinsson atvinnulaus, f. 23.2.1956 í Reykjavík, tilh. Gyðufelli 4 hér í borg sími 72921.

Sigurður er kvaddur til yfirheyrslu vegna ummæla, Sigríðar Gísladóttur tilh. Lambhaga 22, Selfossi, en þann 6.4.1975 hafði Sigríður sagt náeturverði á hótel Esju, að hún hefði verið stödd í húsi í Kópavogi og þar hafi verið rætt um hvarf Geirfinns Einarssonar og viðstöddum hótað lífláti, ef sagt yrði frá því, sem þarna var rætt. Upplýst hefur verið, að umrætt hús sé í Fossvogi og þar hafi búið Hafdís Sigdórsdóttir.

Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar og sérstaklega spurður um veru sína í umræddu húsi og þau ummæli, sem um getur og hvaða fólk hafi þar verið.

Alvarlega áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá, eftir að hafa verið bent á vitnaskyldu:

"Eg vil byrja skýrslu mína á því að upplýsa, að ég veit ekki um svokallað Geirfinnsmál. Eg veit heldur ekki hver Sigríður Gísladóttir er, eða allavega þekki ég ekki neina stúlku með því nafni, en gæti þó kannast við þessa stúlku, enda hittir maður margar stúlkur, án þess, að vita nöfn þeirra.

Eg hefi þó heyrт allskonar söguburð, enda var mikið rætt um þetta mál og ég get upplýst, að er ég var á Litla-Hrauni, en þar var ég í veturnar frá janúar til 10. maí og aftur var ég þar og þá í gæslu frá 8. júní og slapp 23. júlí s.l.

Fangarnir voru mikið að smjatta á máli þessu og allskonar sögur á kreiki, m.a. að Kristján Viðar hefði stungið Geirfinn og að líkið hefði verið bútað niður. Eg hefi þó engan sérstakann sögumann fyrir þessu. Tryggvi Rúnar kom austur nokkrum dögum áður en mér var sleppt og ég vissi til þess, að einhverjur voru að spyrja hann, en hann vildi ekki segja. Eg spurði hann ekki um þetta og veit ekki hver þarna spurði hann sérstaklega, en mikið var rætt um þetta.

Varðandi veru mína í húsinu hjá Hafdís, þá vil ég upplýsa, að ég kom þar oft og þá, að mig best minnir, nær eingöngu á kvöldin og nóttinni og einkum eftir að dansleikjum lauk.

Avalt var þarna nokkur mannsöfnuður og yfirleitt mikil ölvun. Eg var á þessu tímabili í mikilli óreglu og þá mikið með Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, en hann er bróðir Hafdísar.

Eg held að stundum hafi Hafdís ekki verið heima, þótt þar

framh.á sk. Sigurðar Kort Hafsteinssonar.

væri fjöldi fólks. Eg þori ekki að fullyrða hvaða fólk það aðallega var, sem þarna kom, en veit þó með viusu, að það var aðallega fólk úr samkomuhúsunum og sjálfur kom ég þarna oft með stúlkur, sem ég hitti á samkomuhúsum, eða á fórnum vegi.

Eg minnist þess ekki, að þarna hafi verið rætt neitt um hvarf Geirfinns Einarssonar, en þó gæti slikt hafa borið þar á góma, án þess, að ég yrði þess var.

Umrætt hús er beint á móti Fossvogskapellu og er hæð og ris. Á hæðinni er eldhús, stofa og svefnherbergi svo og snyrtiherbergi, en í risinu að mig best minnir, tvö herbergi og gangur. Oft var fólk þarna í öllum herbergjum og eins og ég gat um var þarna mikil vindrykkja.

Eg var á þessum tíma nokkuð með Páli Gústafssyni og Jóhanni, en ég þori ekki að fullyrða hvort Páll kunni að hafa verið þarna í þetta skipti, sem um er rætt, en hann kom þarna stundum. Jóhann bróðir Hafðísar, hafði herbergi uppi og bjó þarna um tíma.

Eg get því ekkert frekar upplýst í þessu sambandi og vil endurtaka, að ég veit ekkert um hvarf Geirfinns Einarssonar né þekki nokkuð til þeirra manna, sem hafa verið orðaðir við þetta mál. Eg er aðeins málkunnugur Tryggva Rúnari Leifssyni, en við vorum saman á botnvörþungnum Víkingi frá Akranesi, en það mun hafa verið rétt eftir áramótin 1974-1975!

Yfirheyrslu lauk kl. 11,40.

Vottur:
Sigurður Johannesson
 Hellert Johannesson
 löggreglum.

Upplesið staðfest,
Sigurður Kort Hafsteinsson
 Sigurður Kort Hafsteinsson.

Ivar Hannesson
 löggreglum.
Ivar Hannesson

R. 25/8 1976.

I dag røddi ég við Guðrúnu Bjarnadóttur, Bergstaðastræti 60, Rvík., sími: 26317, en hún er fyrverandi eiginkona Guðmundar Agnarssonar. Tilefni samræðnanna var að leita upplýsinga varðandi orð og athafnir Guðmundar í sambandi við Geirfinnsmálið.

Guðrún skýrði frá því, að í byrjun júnimánaðar 1975, en þá bjó hún með Guðmundi, hafi verið hringt til Guðmundar fyrrihluta dags. Hafi Guðmundur svarað í símann og sagt eftir stutt samtal "Eg kem". Síðan hafi hann opnað skóskáp tekið skó sína og farið í þá. Þá var eins og hann hafi skipt um skoðan, hann fór úr skónum og sagði við Guðrúnu. "Eg ætla ekki að fara, en ef Bjössi hringir, þá segir þú að ég sé farinn." Sagðist Guðrún þá hafa spurt Guðmund, hvaða Bjössi?, Æn Guðmundur þá svarað, "Hann Bjössi í Klúbbnum." Sagði Guðrún, að Guðmundur hafi þá farið inn í svefnherbergi og verið þar einn það sem eftir var dagsins, en maður, er hún taldi vera Sigurbjörn Eiríksson, hafi hringt 2 eða 3 um daginn og spurt eftir Guðmundi.


Nokkrum dögum síðar sagðist Guðrún hafa talað við Ragnar Magnússon, en hann er fyrverandi sambýlismaður Gróu Bæringsdóttur. Hafi hún þá spurt Ragnar um hvað Sigurbjörn Eiríksson hefði viljað Guðmundi, ~~þegar~~ þegar hann hringdi til hans, nokkrum dögum áður. Ragnar hefði sagt: "Það var eitthvað út af Geirfinnsmálinu."

Spurði ég þá Guðrúnu um kunningsskap hennar við Ragnar Magnússon, og sagði Guðrún, að Ragnar hefði byrjað að hringja til hennar og ræða við hana um sambandi Guðmundar og Gróu Bæringsdóttur, en fyrir þann tíma sagðist hún ekki hafa heyrt Ragnars getið, hvað þá þekkt hann.

Einnig þáldi Guðrún sig muna eftir því, að Jón Knútsson, Hléggði 4, Kópav., sem er góður vinur Guðmundar Bjarna, sonar hennar, hefði sagt sér, eftir að rannsókn Geirfinnsmálsins hófst, að hann p.e. Jón, hefði ekið spíra í sendibifreið Valhallar sumarið 1975, en ekki sagðist hún

munu nánarum eftir þessu samtali, nema að Jón hafði haft orð um, að hann væri hræddur við Jón Ragnarsson, eiganda Hótel Valhallar, vegna vitneskju sinnar.

Varðandi frásögn Guðmundar Agnarssonar um bátsferð hans, sagði Guðrún, að hún teldi mjög ósennilegum frásögn hans varðandi bát Högna Oddssonar í Keflavík. Taldi Guðrún mun sennilegara, ef bátsferðasagan væri sönn, að Guðmundur hefði fengið, eða tekið, bát á vegum frænda hans, Hallgríms Jóhannessonar, en hann hafi verið með báta á sínum vegum á þessum tíma og öllu meiri samgangur á milli Guðmundar og Hallgríms, en Guðmundar og Högna.



Haraldur Árnason,
löggreglum.

25.8.1976. I dag tekin skýrsla af Sigurði Kort Hafsteinssyni f.23.2.1956, tilh.Gyðufelli 4, Reykjavík, sími 72921.

Hann þar spurður um það, sem fram kemur í ummælum Sigriðar Gísladóttur. Getur ekkert upplýst.

27.8.1976. Farið í dag á Litla-Hraun. Tekin þar skýrsla af Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni f.19.4.1956, tilh.Austurbergi 10, Reykjavík, sími 72939.

Jóhann spurður um ummæli Sigriðar Gísladóttur og kom í ljós, að hann vissi ekkert, enda var Jóhann refsifangi á Litla-Hrauni er þetta var heft eftir Sigriði.

Einnig rætt við Ómar Sigtryggsson á Litla-Hrauni og mun Rúnar Sigurðsson greina frá því.

*J. Hannesson
Lögreglum.
Juar Hannesson.*

Föstudagur, 27.8.1976, kl.14,10, er mættur til skýrslutökunnar, Jóhann Sigfús Sigdórsson, f.19.4.1956 í Reykjavík, tilh. Austurbergi 10, Reykjavík sími 72939. Mætti er nú refsifangi á Litla-Hrauni og fer skýrslutakan fram þar.

Jóhann er yfirheyrður vegna ummæla Sigríðar Gísladóttur tilh. Lambhaga 22, Selfossi.

Mætta er bent á vitnaskylduna og áminntur um sannsögli, skýrri mætti svo frá:

"Mér hefur verið birt hér tilefni skýrslutökunnar og man ég ekki eftir, að þekkja nokkra stúlku með þessu nafni, né að hafa heyrt minnst á hvarf Geirfinns Einarssonar parna á heimili Hafdísar, en þar bjó ég um tíma.

Að hugsuðu máli man ég nú, að á þessu tímabili var ég hér á Litla-Hrauni í úttekt, en ég kom hingað í janúar 1975 og slapp aftur í ágúst, svo þetta kemur ekki til greina.

Eg get hinsvegar ekkert upplýst í sambandi við hvarf Geirfinns Einarssonar og þekkti þann mann ekkert. Eg hefi heyrt allskonar sögusagnir í sambandi við þetta mannshvarf en hefi ekki lagt þær sögur á minnið, né man hverjir hafa verið að þvæla um þetta. Mér hefur verið sagt, að Sigurður Kort Hafsteinsson hafi verið spurður um þetta sama og ég og hann talið, að ég hefði verið parna og fer hann þar með rangt mál og hlýtur hann að misminna.

Eg hefi oft verið með Sigurði og við skemmt okkur saman og hann kom stundum með mér til Hafdísar er ég bjó þar. Mér er nær að halda, að Hafdíð hafi ekki búið parna á Fossvogsbletti 52 í apríl í fyrra, en þori þó ekki að fullyrða um það. Meira hefi ég því ekki um þatta að segja." Yfirheyrslu lauk kl.14,40.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Jóhann Sigfús Sigdórsson
Jóhann S. Sigdórsson.

Sækið spjaldskrá Litla-Hrauns, var Jóhann í úttekt frá 31. jan. 1975 og fór 19. ágúst 1975. Aftur kom hann 2.6.1976.

Ivar Hannesson

lögreglum

R. 27. ágúst 1976.

I dag talaði ég undirritaður við Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufanga, en viðtalið fór fram í klefa Kristjáns, í fangelsinu að Síðumúla 18 og var samkvæmt ósk hans.

Sagðist Kristján mikið hafa hugsað um allt er snerti hvarf Guðmundar Einarssonar í janúar 1974 og hvarf Geirfinns Einarssonar í nóvember 1974 og kvaðst hann nú minnast þess, að einhverntíma í ágúst 1974, hafi Sævar Ciesielski komið heim til hans, laust eftir hádegi. Sagðist Kristján hafa verið í herbergi sínu og ekki hafa vitað fyrr en Sævar kom inn í herbergið og sagði Kristjáni að koma með sér, en þetta hafi verið á heimili Kristjáns, að Grettisgötu 82. Sagðist hann hafa fylgt Sævari niður í kjallara hússins og þar inni í þurkkherbergi hafi staðið tveir pokar úr efni eins og notað er í sjóstakka. Sagðist Kristján hafa haldið í fyrstu að í pokunum væri þyfi og spurt Sævar hvort svo væri, en hann þá svarað: "Það er maður í pokunum". Sagðist Kristján hafa trúð þessu og sagt Sævari, að hann yrði að koma þessu út úr húsinu hið fyrsta. Hafi Sævar þá sagt honum að hringja í Albert Klahn Skaftason, sem Kristján kvaðst hafa gert. Hafi Ingibjörg Gísladóttir, vinkona Alberts, svarað í síman, en hjá henni hafi verið vinkona hennar, Helga Gísladóttir. Sagðist Kristján hafa spurt eftir Alberti og er hann kom í símann, sagði Kristján honum, að Sævar væri heima hjá Kristjáni og vildi tala við Albert, en Albert sagzt koma þá þegar. Um það leiti er Albert kom, hafi Tryggvi Rúnar Leifsson værið kominn, en ekki sagðist Kristján geta gert sér grein fyrir því, hvort hann hafi komið með Tryggva, eða á undan honum. Sagðist Kristján þó telja víst, að pokarnir væru eitthvað tengdir Tryggva Rúnari, því Sævar hafi haft orð á því, að það sem í þeim væri, væru verk Tryggva. Aðspurður kvaðst Kristján ekki vita hvernig Sævar hafi komið óséður með pokana inn í kjallarann, en sagði að læsing á bakdyrum hússins væri í ólagi og byrfti því ekki annað en að ýta þétt á hurðina, til að hún opnaðist og að það hafi Sævari verið kunnugt um. Hann taldi þó, að Tryggvi Rúnar hafi komið inn um aðaldyrnar, er hann kom skömmu síðar.

Sagði Kristján, að meðan þeir biðu eftir Alberti Klahn, hafi Sævar sagt honum að sækja hníf, sem Kristján sagðist hafa geymt í slírum á vegg í herbergi sínu og sagðist Kristján hafa sótt og afhent Sævari hnífinn. Hafi Sævar opnað annan pokann, sett hnífinn ofan á það sem í honum var og lokað síðan poknum. Ekki kvaðst Kristján muna, hvort hnífurinn hafi verið í slíðrunum þegar Sævar setti hann í pokann, en taldi þó að svo hafi verið, þar sem hann minntist þess ekki að hafa séð slíðrin síðar. Ekki sagðist Kristján geta skýrt, hversvegna hann hafi látið Sævar setja hnífinn í pokann, en sagðist mest hafa hugsað um, að Sævar kæmi pokunum út úr húsinu. Þegar Albert kom, hafi þeir Sævar og Tryggvi Rúnar tekið pokana og farið með þá að bifreið þeirri sem Albert kom í, en það hafi verið gul Toyota bifreið er faðir Alberts átti og hafði henni verið lagt á Grettisgötunni, gegnt heimili Kristjáns. Sævar og Tryggvi Rúnar hafi sett pokana í farangursgeymslu bifreiðarinnar og síðan hafi þeir allir, þ.e. Kristján, Sævar, Tryggvi Rúnar og Albert, ekið með pokana suður í Hafnarfjarðarhraun, eftir fyrirsögn Sævars. Aðspurður sagðist Kristján ekki vita nákvæmlega hvert farið var, en sagðist fullviss, að farið hafi verið suður fyrir álverið í Straumsvík og beygt þar til vinstri út af veginum og einhvern spöl eftir malarvegi. Eftir að bifreiðin hafði verið stöðvuð, hafi hann og Albert setið í bifreiðinni, en Sævar og Tryggvi Rúnar hafi tekið pokana úr farangursgeymslunni, farið með þá út í hraunið utan við veginn og falið pokana þar. Að minnsta kosti hafi þeir komið tómhentir til baka og þeir síðan ekið til baka til Reykjavíkur. Ekki sagðist Kristján hafa annað fyrir sér en orð Sævars, um innihald pokanna, en sjálfur hafi hann verið í slæmu ástandi, vegna langvarandi áfengis- og lyfjaneizlu og því virtist sér allir atburðir sem í móðu, en þó sagðist hann muna greinilega, að hann var sannfærður um að Sævar ségði satt, varðandi það atriði. Einnig sagðist Kristján muna, að Sævar sagði Tryggva Rúnar vera í vandræðum vegna pokanna og þegar Tryggvi Rúnar kom, hafi hann einskis spurt varðandi þá og látið eins og honum væri fullkunnugt um tilkomu þeirra. Að lokum sagðist Kristján hafa velt því nokkuð fyrir sér, hvernig Sævar hafi komið með umrædda poka að bakdyrum heimilis hans, að Grettis-götu 82 og sagðist vilja benda á, að Sigurbjörn Eiríksson og Gróa Bæringsdóttir hefðu haft aðgang að íbúð, að Grettisgötu 78 og að greiður aðgangur væri milli bakdyra húsanna. Hann sagði jafnframt, að þetta væri aðeins hugarfóstur hans sjálfs og að hann hefði ekki fyrir sér í því, að þaðan væru pokarnir komnir.

Haraldur Arnason.

28.8.1976. I dag ræddi ég við Ellert Björn Skúlason f.9.10.1935, tilh. Grundarvegi 21, Ytri-Njarðvík sími 1880.

Eg símaði í Ellert. Tilefnið var það, að orðrómur hafði borist nefndinni þess efnis, að Geirfinnur hefði einhverntíma fundið lík er hann var við vinnu á Sandgerðis-eða Miðnesheiði.

Ellert, sagðist aldrei hafa heyrt minnst á slikt og ætlaði hann að reyna að finna út úr vinnubókum, hvenær Geirfinnur hefði verið við vinnu á þessum slóðum og láta vita ef eitthvað kæmi út úr því.

Einnig ætlaði hann að ræða þetta við vinnufélagana.

Ivar Hannesson
Lögreglu

Ivar Hannesson.

28.8.1976. Rúnar Sigurðsson löggreglum. ræddi í dag við Sigrúnu Ellertsdóttur húsmóður, tilh. Holtsgötu 21, Keflavík sími 2583.

Sigrún sagði Rúnari, að hún hefði heyrt þá sögu, er Geirfinnsmálið var í rannsókn í Keflavík, að Geirfinnur hefði fundið lík er hann vann við gröft í Sandgerðisheiði eða í Miðnesheiði.

Sigrún sagðist ekki muna, hvar hún fyrst hefði heyrt þetta, né muna eftir hverjum, en sagði að þessi saga hefði eitthvað gengið í Keflavík.

Hún taldi hugsanlegt, að Edda Hjaltadóttir, sem nú ætti heima á Sauðárkrúki, vitti eitthvað um þetta, en sagðist þó ekki þora að slá neinu föstu um það.

Ivar Hannesson
löggreglum.
Ivar Hannesson.

Yfirlit yfir bifreiðaeign þerra sem bendlaðir hafa verið við
Geirfinnsmálið, 1974.

Sigurbjörn Eiríksson.....G 9484. Hvít Mersedes Bens fólksbifr.

árg. 1968. Er með kringlóttum hraðamælir

Alfsnesbúið.....G 78. Rauð V.W. fólksbifreið árg. 1971.

Lækjarmót co/Kúbburinn R 882 Range Rover jeppabifr. keypt 24/lo
1974. Seld: 14/5. 1975.

Valhöll.....X 2186. Ford Transit sendiferðabifreið
m/ tveimur hurðum að aftan og hliðarhurð
á farangurshúsi. Blá að lit.

Magnús Leopoldsson.....Y 4lo8 Fiat 1500 hvít að lit. árg. '66.
" Y 5456 Fordson sendif.bifr. 1/2. tn. árg. '45
" Y 88 V.W fólksbifr. árg. '63 Hvít að lit.
" Y 4413. finnst ekki.

Einar Bollason.....G 9002 Fiat fólksbifr. rauð að lit árg. '71.

Bolli Gunnarsson.....G 9454 Fiat fólksbifr. rauð að lit. árg. '73.

Valdimar Ólsen.....R 33595 Fiat fólksbifr. blá að lit árg. '73.

Grða Bæringsdóttir.....R 39738 Fiat fólksbifr. rauða að lit árg. '74

Pórskáafi.....R 1872. Mersedes Bens fólksbifreið rauð að
lit árg. 1971. (co/ Ragnar Jónsson)

Eiríkur Ketilss. faðir Ásg.

co/Heildverslunin.....R 27565 Fólksb.Mattadorn '71 rauð að lit.

" R 34299 Fiat fólksbifreið.

" R 35421 Moskvit saadion sendif.gluggal.drappl.

" R 41294. Ford Egonline sendif.drappl. árg. '74.

" R 26553 finnst ekki.

Hannes Eiríksson.. Engin bifreið finnst skráð á hans nafn.

Verslunin Kópavogur.....Y 1776 G A Z 69. Jeppi Órans og hvítur
co/Guðm. Jónasson fyrr-.....Y 4226 Chervolet Malibu fólksbifreið
verandi sameignarmaður rauð að lit. Arg. ?
Magnúsar Leopoldssonar.

Jón Ragnarsson..... Engin bifreið finnst skrá á hann.

Hafnarbíó..... Engin bifr. finnst skráð á það.

Pórhallur Leifsson.....R 34711. G.M.C. Sendif. bifreið græn
að lit. m/ drifi á öllum hjólum og
hurð á hlið farangursrými, sem er hætta
stýrishúsið.

Sævar Helgason.....X 2670. Bifreiðin var R eign Sævars 1974
G M C sendif. bifr. samskonar og bifreið
Pórhalls Leifssonar.

Jónas Bjarnason,

Jónas Bjarnason,
fanns.lögr.m.

þo. ágúst 1976 segir Kristján Viðar Viðarsson rannsóknarlöggreglunni að hann hafi að kvöldi 19. nóv. 1974 farið að blárri sendiferðabifreið sem stóðið hafi neðarlega á Vatnsstígnum.

Yfirbyggingain að aftan hafi verið hærri en stýrishúsið. Ekki hafi verið opið milli yfirbyggingarinnar og stýrishússins. Hurðir hafi verið aftan á yfirbyggingunni og einnig hafi verið hurð á vinstri hlið hennar. Bifreiðin hafi litið vel út, en slæm lykt líkt og fúkkalykt hafi verið í húsinu aftur í.

Kristjáni voru sýndar myndir af sendiferðabifreiðum. Hann bendi á eina gerð sem hann sagði vera samskonar og umrædd bifreið á vatnsstígnum. Hann létt þess jafnframt getið að bifreiðin sem hann kom að á Vatnsstígnum hefði verið það há að aftan að hann telið að hún hefði verið með drifi á öllum hjólum.

Bifreið sú er Kristján benti á sem líklega er R 34711. Það er G M C sendiferðabifreið m/ drifi á öllum hjólum. Vöruhúsið aftan á er hætra en stýrishúsið, lokað er á mill, hurðir eru aftan á og eins á hliðum.

Þórhallur Leifsson Hagamel 45 Rvík er eigandi nefndrar bifreiðar og hefur átt hana síðan hún var flutt inn 1973. Hún er mosagræn að lit og virðist hafa verið það síðan hún var tekin í notkun. Nefndur Þórhallur hefur verið undir eftirliti hjá fíkniefna deild löggreglunnar og tekin fyrir sölu á fíkniefnum. Hann hélt oft til við klúbbinn við söluna og var þá í umræddri bifreið.

Prátt fyrir ítrekaða athugun hefur aðins ein samskonar bifreið fundist af sömu gerð. Það er bifreiðin X 2670. G M C sendiferðabifreið græn að lit.

Bifreið pessi er árg. 1973. Þá kemur hún á nafn Sævars Helgasonar t.h. Rauðalæk 32. Hann mun hafa eitt sinn átt heima á Grettisgötu 82 (í sama húsi og Kr. Viðar) Hann selur bifreiðina 18. júlí 1975.

Sævar Helgason hefur verið grunaður um fíknefnasölu og hefur verið undir eftirliti hjá fíknefnadeild löggreglunnar af þeim sökum.

Jónas Bjarnason

Jónas Bjarnason
ranns.löggr.m.

1.9.1976. I dag fór undirritaður, ásamt Jónasi Bjarnasyni lögreglumanni austur að Sigöldu-virkjun.

Við ræddum þar við, Einar Jónsson verkstj.f. 16.4.1931, Munkaþverá, Eyjafj.sýslu, tilh.Litlu-Tungu, 2 Holtahreppi, Rangárvallas.

Einar sagðist hafa þekkt Geirfinn vel og unnið mikið með honum. Fyrst í Búrfelli 1966-1968, síðan við Vatnsfell 1970 og að lokum við Sigöldu 1973-1974.

Einar sagðist hafa byrjað að vinna við Sigöldu, þann 23. okt. 1973 og hefði Geirfinnur komið til starfa nokkrum dögum síðar. Einnig taldi hann víst, að Sverrir Lúthersson, hefði byrjað á svipuðum tíma og Geirfinnur.

Einar sagði, að Geirfinnur hefði verið einstakur vélamaður og félagi, sérstaklega prúður, en dulur og fámáll. Hann sagðist aldrei hafa orðið var við óreglu á Geirfinni er hann vann parna og hefði slikt örugglega ekki farið fram hjá honum, enda hefði Geirfinnur unnið undir hans stjórn. Geirfinnur hefði ávalt mætt vel til vinnu.

Einar sagðist þó hafa kynnst því, að er Geirfinnur smakkaði áfengi, þá hefði hann orðið annað maður og þá káтур og töluvert stríðinn. Hann sagðist aldrei hafa orðið þess var, að Geirfinnur yrði ruddalegur með víni, né hafa heyrt um slikt.

Einar sagðist munu eftir því, að eftir að Geirfinnur hefði hætt snemma á árinu 1974, þá hefði hann stundum komið inn að Sigöldu og þá unnið þar fríheldar og unnið þá mjög mikið.

Einar sagðist ekki minnast þess, að Geirfinnur hefði fengið heimsókn við Sigöldu haustið 1973 og taldi öruggt, að hefði svo verið, hefði það ekki farið framhjá honum, né þeim, sem með þeim unnu, enda hefðu parna þá einungis verið um 40 manns og heimsóknir talda til tíðinda. Einar sagði okkur, að á kvöldin hefði mannskapurinn oftast verið í kaffiskálanum og menn þar setið og rabbað saman, eða þá tekið í tafl og spil.

Hann sagðist vita til þess, að komið hefði fyrir, að menn fengju sér í staupinu, en ekki hefði slikt komið niður á vinnu og menn mætt á morgnanna, þrátt fyrir það.

Einar sagðist hafa komið á heimili Geirfinns og ekki orðið þar var við neitt óvenjulegt. Eins sagði hann, að Geirfinnur hefði rætt við hann um konuma og börnin og hefði hann borið hag þeirra mjög fyrir brjósti.

Einar sagði, að í des. 1972, hefði hann komið á heimili þeirra Geirfinns og Guðnýjar og hefði félagi hans, sem þá hefði unnið með honum á Keflavíkurflugvelli, verið með honum.

Hann sagði, að þeim hefði þá verið boðið upp á brugg og sagðist hann áður hafa vitað, að Geirfinnur og kona hans fengust eitthvað við bruggun og eimingu á bruggi.

Einar sagði okkur að lokum, að hann hefði aldrei vitað til þess, að Geirfinnur hefði verið með smyglað áfengi og ekki heyrt talað um slikt.

Ivar Hannesson
löggreglum.

*Ivar Hannesson
Juat Hannesson.*

1.9.1976. I ferðinni austur að Sigöldu ræddum við Jónas einnig við, Sverri Karlsson starfsmá vélaverkstæði, f. 4.9. 1935, tilh. Jaðarsbraut 31, Akranesi.

Sverrir sagðist ekki hafa kynnst Geirfinni, fyrr en í Sigöldu 1973 og hefðu kynni þeirra ekki verið mikil.

Sverrir taldi óliklegt, að hefði Geirfinnur fengið heimsókn, þá hefði það ekki farið framhjá mönnum barna og sjálfur sagðist hann ekki muna eftir neinni heimsókn á þessum tíma.

Hann sagðist aldrei hafa orðið var við smyglað áfengi í Sigöldu á þessum tíma, né síðar. Hann sagðist hafa vitað til þess, að Geirfinnur hefði smakkað áfengi barna eftir vinnutíma en örugglega hefði þar ekki komið niður á vinnunummi og sagðist hann vera viss um þetta atriði, enda hefði hann þá unnið með Geirfinni og aldrei sagðist hann hafa unnið með færari vélamanni.

Hann sagði, að Geirfinnur hefði ekki blandað sér mikið í samræður manna barna og taldi, að hann hefði verið mjög dulur og fáskiptinn. Hinsvegar sagðist hann hafa tekið eftir því, að er Geirfinnur smakkaði vín, þá hefði hann orðið kátari.

Sverrir mundi vel eftir Sverri Lútherssyni og taldi öruggt, að hann hefði ekki komið fyrr en seint í október, eins og flestir hinna og unnið barna í 4 til 5 vikur.

Ivar Hannesson
löggreglum.



R. 1/9 1976.

Kl. 20:40 er mætt til yfirheyrslu í fangelsinu við Síðumúla, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955 í Reykjavík, til heimilis að Stóragerði 29, Rvík., sími: 32138.

Mættu erkunnugt um tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá:

Eg hef mikið hugaað um þetta mál, síðan tekin var af mér skrifleg skýrsla þann 4. maí sl. og hef ég nú komist að því að það sem ég segi í þeirri skýrsku er ekki alskostar rétt.

Eg er nú full viss um að ég kom hvergi nærrí dauða Geirfinns Einarssonar, það er að ég skaut ekki úr byssu á hann, heldur bar dauða hans að með öðrum hætti, sem ég mun nú skýra frá, eftir því sem ég best man.

Upphaf þessa ferðalags var frá Grýtubakka 10, en þaðan fórum við Sævar í leigubifreið að veitingahúsinu Klúbbnaum. Þar gerði Sævar upp við bifreiðarstjórn og fórum við að veitingahúsinu. Eg man ekki vel hvað við aðhöfðumst þarna ~~fxri~~ fyrir utan veitingahúsið og ekki sá ég hvort Sævar fór inn í húsið, enda var ekki að fylgjast neitt sérstaklega með honum. Það næsta sem ég man að fórum í leigubifreið þarna fyrir utan veitingahúsið og ókum í henni að Grettisgötu við Snorrabænaut, en þar yfirlögum við bifreiðina og gengum vestur Grettisgötu, suður Barónstíg og vestur húsasund, sem er á milli Bergþórugötu og Njálgsgötu. Síðan gengum við úr húsasundinu suður á Bergþórugötuna og fór Sævar inn í húsið nr. 27 við Bergþórugötu til þess að tala við Bjarna, sem er kunningi hans og býr þar, en ekki man ég föðurnafn hans. Eg beið fyrir utan húsið, þar til Sævar kom aftur og var þá Bjarni með honum. Fórum við þá í bifreið, sem Bjarni ók, en ekki man ég hafaða bifreið það var. Eg man að við ókum um borgina og man ég eftir því að við fórum meðal annars vestur á Grandagarð og þaðan var ekið að Ásvallagötu, þar sem Guðjón Skarphéðinason bjó. Sævar fór þar út úr bifreiðinni og inn í húsið til þess að tala eitthvað við Guðjón, að ég held. Eg og Bjarni biðum í bifreiðinni og kom Sævar aftur ~~atxix~~

i bifreiðina eftir skamma stund og var þá ekið af stað ~~af~~ og ekið eitthvað um, en síðan farið vestur Laugaveg og beygt norður Vatnsstíg, þar sem bifreiðin var stöðvuð. Sævar fór þar út úr bifreiðinni, en kom mjög fljótt aftur og biðum við í bifreiðinni á meðan. Eftir að Sævar var komin þá kom skömmu seinna í bifreiðina Kristján Viðar Viðarsson ~~í~~ óg settist hann inn í bifreiðina vinstra megin að aftan við hliðina á mér, en Sævar sat í hægra framsæti bifreiðarinnar við hlið Bjarna, sem var ökumaður.

Eftir að Kristján Viðar var kominn í bifreiðina var ekið af stað til Keflavíkur. Ekki vissi óg hvert ferðinni var heitið, en ekið var í gegnum Hafnarfjörð og minnir mig að stoppað hafi verið við bensínsöluna við Reykjavíkurveg, þar sem tekið var bensín. Síðan var ekið til Keflavíkur og á leiðinni heyrði óg á talá Sævars og Bjarna, þar sem þeir ræddu um að maðurinn væri með "stæla" og búið væri að reyna tala um fyrir honum, án árangurs og yrði þetta bara að vera svona, eins og búið væri að ákveða.

Pegar að við komum á Vatnsstíg til þess að sækja Kristján Viðar og hann var kominn í bifreiðina var ekið norður Vatnsstíg. Nokkru norðar á Vatnsstíg var bifreiðin stöðvuð og sá óg þá þar Guðjón Skarphéðinsson, þar sem hann stóð á gangstéttinni hægramegin (austan við) og fóru Sævar og Kristján Viðar út úr bifreiðinni og ræddu eitthvað við Guðjón, en ekki heyrði óg hvað þeim fór á milli. Sævar og Kristján komu síðan aftur í bifreiðina og var þá ekið af stað til Hafnafjarðar, eins og fram er komið hér á undan.

Pegar við komum til Keflavíkur var ekið að Dráttarbrautinni og voru þá þar fyrir tveir bílar. Var annar þeirra fólksbiffeið og var hún hægra megin við bifreiðina sem óg var í. Ekki man óg hvernig bifreið þetta var, nema óg tel mig nokkuð vissa um að hún var rauð á litin. Hin bifreiðin var sendibifreið frambyggð, nokkuð stórv og með stóra framrúðu og að mig minnir drapplituð. Bifreið þessi stóð, þar sem bryggjan byrjaði.

Pegar við vorum komin í Dráttarbrautina fóru Bjarni og Kristján Viðar út úr bifreiðinni og stuttu seinna kom Magnús Leópoldsson að bifreiðinni og stakk höfðinu inn um hliðar glugga bifreiðarinnar vinstra megin og sagði hann við Sævar, að gæta míð og svaraði Sævar því játandi. Stuttu eftir þetta fór Sævar út úr bifreiðinni og gekk í átt að fjörunni, hægramegin við bryggjuna, þar sem fyrir voru

tveir menn, þeir Magnús Leópoldsson og Geirfinnur Einarsson, en það var maður sá er létt þarna lífið.

Ég fór þá út úr bifreiðinni og sá þá þar sem Magnús, Sævar og Geirfinnur ræddu saman og gat ég ekki betur séð, en að þeir væru ekki sammála og Geirfinnur ætlaði að fara í burtu, en þá tók Magnús í vinstri handlegginn á honum og Sævar gekk í veg fyrir hann og urðu þá einhverjar stimpingar.

Pegar þetta gerðist þá sá ég fjóra menn standa við fólksbifreiðina, sem var hægramegin við mig og two menn sem voru vinstramegin skammt frá mér. Mér fannst ég kannast við einn mannanna sem stóð við bifreiðina hægramegin og fannst mér það vera Einar Bollason bróður minn, en hina mennina þekkti ég ekki. Vinstramegin voru tveir menn og þekkti ég annann þeirra fyrir Guðlaug Bergmann, en hinn maðurinn var stóri og samanrekinn, en ekki þekkti ég hann.

Pegar að átökin eða stimpingarnar byrjuðu, þá gekk sá stóri og samanrekni maður, sem var vinstramegin við mig, til Magnúsar og Sævars, þar sem þeir voru að kljást við manninn og byrjaði þá þessi samanrekni maður að berja Geirfinn, þangað til hann féll á hnéin. Sævar byrjaði þá að berja Geirfinn með spítu, þar til hann seig samann. Í hvert skipti sem Sævar lamdi Geirfinn, hljóðaði hann talsvert.

Eftir að Geirfinnur lá í jörðunni, gengum hinir mennirnir að þar sem hann lá, en Sævar kom til míni, þar sem ég stóð skammt frá. Sævar sagði við mig að þeir væru þarna allir og nefndi þá Valdimar Olsen, Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópoldsson, Rolf Jóhansen, Guðlaug Bergmann, Jóisafat Arngrímsson og Einar bróður minn. Sævar sagði síðan við mig að ég skyldi fara, því þetta væri ekki fyrir kvennfólk og var það þá sem ég fór í burtu og faldi mig í einhverju húsi, eins og ég hef áður skýrt frá í skýrslum og er satt og rétt. Svo er einnig um ferð mína til Reykjavíkur ég hef áður skýrt frá henni.

Ég man ekki til þess að hafa séð þá Bjarna og Kristján Viðar í Dráttarbrautinni á meðan á þessum átökum stóð, en þegar ég var að ræða við Sævar sá ég Kristján Viðar ganga að þar sem Geirfinnur lá. Ekki sá ég Guðjón í Dráttarbrautinni. Pegar að við komum í Dráttarbrautina var bátur við bryggjuna hægramegin, þegar maður horfir fram eftir henni og virtist mér hann vera fyrir miðri bryggju og snúa stefninu frá

landi. Ekki man ég hvernig þessi bátur var, nema það að hann var eins og "trilla", þó talsvert stærri og með stýrishúsi að aftan.

Eg vil taka það fram að ég pekkti ekki Sigurbjörn Þórðsson og Jósafrat Arngrímsson í sjón, en Sævar sagði mér hverjir þeir væru og sagði hann einnig að Jósafrat væri í félagi við Björn Pétursson og Guðlaug Bergmann í Karnabæ.

Það sem ég hef nú skýrt frá, hér að framan, er sannleikanum samkvæmt.

Yfirheyrslu lauk kl. 23:45.

Upplesið, staðfest,

Vottar:
Orn Arnar Sigurðsson

Guðjón Lúther.

Erla Bolladóttir
Erla Bolladóttir.

Sigurbjörn V. Eggertsson
Sigurbjörn V. Eggertsson
lögreglum.

2.9.1976. I dag átti ég símtal við Eddu Hjaltadóttur f. 28.4. 1948 í Keflavík, tilh. Viðihlíð 1, Sauðárkrúki sími 5330.

Eg greindi henni frá ummælum Sigrúnar. Edda sagðist þekkja Sigrúnu vel og hitta hana oftast er hún kæmi suður til Keflavíkur. Edda sagðist hinsvegar aldrei hafa heyrt talað um, að Geirfinnur hefði fundið lík, en hinsvegar hafa heyrt þá sögu, að Geirfinnur, hefði komist að einhverju um smyglhring, sem talið var, að búið væri að uppræta. Hún sagðist hafa heyrt þetta er hún kom til Keflavíkur í maí 1975 og eins hefði hún heyrt þetta er hún kom norður. Hún sagðist þó ekki vita neitt um það, hvaða smyglhringur þetta hefði verið, né munu hjá hverjum hún heyrði þessa sögu.

Edda sagðist hafa hitt bæði Sigrúnu og eins Guðnyju Sigurðardóttur er hún kom í maí, en Guðnyju þekkti hún mjög vel, enda væru þær aldar upp saman og sagðist Sigrún hafa átt heima í næsta húsi við Guðnyju er þær voru ungar.

Hún sagðist einnig hafa kynnst Geirfinni eftir að hann og Guðny fóru að vera saman. Edda sagðist ofþ hafa komið á heimili þeirra og aldrei hafa orðið vör við neitt ósamkomulag og ekki sagðist hún hafa vitað til þess, að Geirfinnur hefði haft ólöglega fengið áfengi um hönd.

Þá sagði Edda mér, að Geirfinnur og Guðny hefðu komið í heimsókn sumarið 1974 og gist hjá þeim hjónum. Þá hefðu einnig komið þar Eðvarð Hjaltason og kona hans og sagðist Edda halda, að það hefði verið í fyrsta sinn, sem Geirfinnur og Eðvarð hefði hittst.

Ivar Hannesson
Lögreglum.
Ivar Hannesson.

6.9.1976. I dag ræddi ég við Sigurð Sævar Matthiasson þjón, f.16.2.1946 í Staðarsveit, Snæfellsn. sem býr í starfsmanna-húsinu, Sæbóli Kópavogi sími 44859, Lögheimili að Hringbraut 104, Keflavík.


Sævar sagðist hafa bekkt Geirfinn Einarsson nokkuð, en þó aldrei komið á heimili hans, né Geirfinnur til hans.

Sævar sagðist hafa átt heima í keflavík síðan árið 1955 og bekkt Guðnýju vel. Hann sagðist oft hafa hitt Geirfinn á dansleikjum í Keflavík og nágrenni og eins hafa hitt Geirfinn og Guðnýju á dansleikjum í Reykjavík, eftir að hann varð þjónn og muna eftir þeim er hann var þjónn í Klúbbnum 1972, en þá hefði hann, m.a. séð þeim fyrir borði þar.

Sævar sagðist hafa komið með foreldrum sínum til Keflavíkur árið 1955 og átt þar heima til 1965, en þá farið að læra til þjóns og því búið í Reykjavík, en þó ávalt átt lögheimili í Keflavík. Hann sagðist hafa gift sig og þá búið á Greniteig 7, frá 1973 þar til í ágúst 1975, en þá hefði hann skilið við konuma og farið til Reykjavíkur.

Sævar sagðist aldrei hafa heyrt á það minnst, að Geirfinnur stæði í nokkru ólögglegu.

Ivar Hannesson
löggreglum.



Priðjudaginn 7. sept. 1976, fórum við Rúnar Sigurðsson, lögreglum. með Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufanga, til Keflavíkur, en tilefni ferðarinnar var, að Kristján taldi sig hafa hringt í einhvern aðila, sem hann ekki þekkti, er hann, ásamt Sævari Ciesielski, Erlu Bolladóttur og óþekktum ökumanni, kom til Keflavíkur, að kvöldi þriðjudagsins 19. nóv. 1974.


Taldi Kristján sig hafa fengið símaafnot í kaffiveitingastofu í Keflavík og lýsti henni þannig, að veitingastofan væri í sérbyggðu húsi og hafi bifreiðin, sem hann kom í til Keflavíkur, verið stöðvuð framan við húsið. Sagði Kristján, að inni í veitingastofunni, sem hann áleit vera gerða fyrir verkafólk, hafi verið afgreiðsluborð, líkt og í verzlun, svo og veitingasalur og að afgreiðslustúlkan hafi verið í bláum vinnusloppi, en þó, að liturinn kynni að vera annar.

Er við ókum norður Hafnargötu, í Keflavík, benti Kristján á götu, er lá til hægri, eftir að komið er framhjá Aðalbílastöðinni og beygðum við þar og ókum síðan eftir leiðsögn Kristjáns, unz komið var að húsi Kaupfélags Suðurnesja, en það hús taldi Kristján sig kannast við. Við það hús, fannst bifreið Geirfinns Finarsónar, er leit hófst að honum og er Hafnarbúðin þar örskammt frá, við sömu götu. Ókum við að Hafnarbúðinni og fórum þar inn. Sagði Kristján, að allir staðhættir kæmu sér kunnuglega fyrir sjónir og sagðist hann álíta, að þetta væri staðurinn, sem hann hafi fengið símaafnot, umrætt kvöld, enda hefði hann ekki komið til Keflavíkur nema tvisvar áður en ferðin að kvöldi þess 19. var farin.

Dvöldum við um stund í Hafnarbúðinni og skýrði Kristján okkur, ótilkvaddur, frá umræddu símtali. Sagði hann, að er bifreiðin sem hann kom í til Keflavíkur, hafi stöðvað, hafi Sævar Ciesielski beðið hann að fara inn í veitingastofuna og hringja í ákveðið símanúmer og spurja eftir ákveðnum manni, en ekki sagðist Kristján muna símanúmerið, né nafn mannsins, en sagðist þó muna, að nafnið var fremur óvenjulegt og gæti það vel hafa verið Geirfinnur. Sagðist hann fyrst hafa haldið, að Sævar hafi verið að fiflast og hefðu einhver orðaskipti orðið á milli þeirra, þar að lútandi. Að lokum hafi, annaðhvort Sævar, eða ökumaðurinn, skrifað nafn og símanúmer á miða og afhent honum. Sagðist Kristján ekki muna, hvor þeirra, Sævar, eða ökumaðurinn, hefðu

skrifað miðann, en taldi þó, að það hafi verið ökumaðurinn. Sagði Kristján, að honum hafi verið sagt að hringja í númerið og segja ákveðna setningu, eða orð við manninn, er nafngreindur var á miðanum og leggja síðan á, en maðurinn myndi skilja, hvað við væri átt. Sagðist Kristján hafa gert þetta og jafnframt, að hann hafi haft einhver orðaskipti við afgreiðslustílku í veitingastofunni. Taldi hann sig minnast þess, að barn hafi svarað í síman og er hann spurði eftir mannum, hafi það kallað "pabbi, pabbi" og rétti aðilinn þá komið í síman. Sagðist Kristján hafa sagt þessi fyrirfram ákveðnu kenniorð og farið síða aftur út í bifreiðina. Kristján kvaðst ekki minnast hafnarinnar, en hún er rétt neðan og sunnanvið Hafnarbúðina, en taldi samt, að Hafnarbúðin væri sá staður, sem hann hafi hringt frá.

Er dvöl okkar í Hafnarbúðinni lauk, ókum við sem leið lá til Reykjavíkur.



Haraldur Arnason.

Miðanum að Kristján var komið með þeim sem hringdi. Þá var forstöðin að víska heim þannig, en fóru til að vesturhlaga sem er á meðal hraðum og upptíðum, þá var ekki mikill óflokinn af laga. Ákvæðum þessar að meði var allt óflokinn, því ekki var um í fyrstu þessar tíðar og vildum gera óflokinn óflok af að myrtai að dölha.

Eg sé á vísir Kristjáni þar sem heim var að sögðu að við sunnið að vestari jaðrimus að Vatnastígnum. Kristján var líklega verið til leðurjáks. Hann ófótti með að þessum tíma, varken að óflokinnar. Eg er ekki viss fórum ófloknum heim, en... Hann ófótti að vísma. Þá var leðurhlaga og var ófótt að þeim, þó ekki að óflokinn hafi verið í þeim þarma.

Ekkir seiði eg með meirri vísun að óflokning meðvinnu eru þær var að Kristján var í hótt þef að hann ekki fólt en heim var að fóra inn í bílinum, en mér virkti heim frákerji hér. Þá telldi að Hann hafi farið inn um lýðvar vinstra megin, en ekki seiði eg sagt að borgar hefur fóru bíðir inn eastanum, eins hvort Álfirði örðum.

Hér virktist þetta verk meðbundin fólkstíli, lífum þeim með óflokningu. Íslensk manning með að: en ðe að að þetta var ekki bíkhins hans, en er af Mercedes. Þenn gerð. Eg fóði út glugganum og athugði þetta ekki frákar og ekki nái eg hvort að megi fleira fólk barna á meðbundinum meðbundinum.

Fimmtudaginn 9. sept. 1976 kl. 16,30 mætti í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Páll Konráð Konráðsson verkam. t.h. Óðinsgötu 8 a Reykjav. f: 2/7. 1953 í Reykjavík.

Mætti hélt til að mestu á Laugavegi 32 haustið 1974 ásamt Kristjáni Viðari Viðarssyni ofl.

Mætti er sérestaklega beðin að reýna að rifja upp þegar hringt var til Kristjáns 19. nóv. 1974 og eins það sem gerðist á eftir, en hann hefur áður verið kallaður til skýrslujafar um mál petta.

Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli: "Við Kristján Viðar erum góðir kunningar og vorum búinir að vera lengi barna á Laugavegi 32 um haustið 1974. Við vorum altaf mikið undir áhryfum lyfja og áfengis.

Eftir því sam ég best man var það milli kl. 20,30 til kl. 21.00 um kvöld að dyrabjallan hrungdi og Kristján Viðar fór til dyra, en hann átti von á hrungi þar sem Sævar var búin að hringja til hans fyrr um daginn og tala um ferð við hann þar sem var peningavon og mér skyldist á Kristjáni að einnig væri von í spíra.

Mig minnir að Kristján kæmið aðeins upp aftur og færi síðan með þeim sem hrungdi. Mér var forvitni á að vita hvort hann væri að fara og fór að vesturglugga sem er á stafni hússins og teygði mig þar út, en við vorum búinir að laga gluggann þannig að hægt var að opna hann því við vorum í ýmslu braski á þessum tíma og vildum getað forðað okkur ef á þyrfti að halda.

Eg sá á eftir Kristjáni þar sem hann var að ganga að bíl sem stóð á vestari jaðrinum á Vatnsstígnum. Kristján mun hafa verið í leðurjakka. Hann átti two á þessum tíma, svartan og dökkbrúnana. Eg er ekki viss í hvorum jakkanum hann var. Hann átti á þessum tíma leðurbuxyr og var oft í þeim, en ekki er ég viss um hað hann hafi verið í þeim barna.

Ekki get ég með neinni vissu sagt hvernig maðurinn sem barna var með Kristjáni var í hátt því ég sá hann ekki fyrr en hann var að fara inn í bílinn, en mér virtist hann frekar hár. Eg tel að hann hafi farið inn um dyrnar vinstra megin, en ekki get ég sagt um hvort þeir fóru báðir inn samfjölg, eða hvor á eftir öðrum.

Mér virtist þetta vera rauðbrúm fólksbíll líkur þeim sem Sigurður Skúlason kunning minn á, en ég sá að þetta var ekki bílinn hans, sem er af Mercedes Bens gerð. Eg fór úr glugganum og athugaði þetta ekki frekar og ekki man ég hvort ég sægi fleira fólk barna á gangstéttinni eða ~~víði~~ bílinn.

Kristján Viðar kom heim einhverntíma um nóttina og þá vaknaði ég ég spurði Kristján hvort hann hefði fengið peninga, en við vorum alveg blanhir. Kristján kvaðst ekki hafa fengið neina peninga, en ég held að Hulda Ingibergsdóttir, sem einnig svaf þarna í herberginu hafi vaknað er Kristján kom. Ekki man ég að við ræddum petta frekar.

Eftir petta fannst mér Kristján eitthvað leiður og meira inn í sjálfan sig og mér fannst hann fyrst á eftir auka pillu átið og vilja vera sem mest í vímu, en við töluðum ekki næitt um petta ferðalag frekar.

Er ég fór löngu síðar að tala um petta við Huldu Ingibergsdóttir þá fyllrtyti hún að það hafi verið 19. nóv. sem Kristján fór í petta ferðalag, en ég get alls ekki munað hvenær um haustið petta gerðist.

Daginn sem Sævar hringdi í Kristján og ég fór í símamhéld ég að Kristján hafi verið að tala um að hann ætti von á manni þarna á Laugaveginn kl. hálf níu til níu um kvöldið. Þegar ég hugsa betur um petta man ég að Kristján var 'orðin óþolinmörður um kvöldið og farin að tala um hvort þeir ætluðu ekki að fara að koma!' Hann var eitthvað að tala um að það ætti að fara þessa ferð í Hafnarfjörð!

Yfirheyralu lauk 18,15. 18/11/

Vottur:

Haraldur Árnason

Jónas Bjarnáson

Fanns. Þógr.m.

Upplesið staðfest.

Páll Konráðsson

Páll Konráð Konráðsson.

Páll Konráðsson sagði við yfirheyrslu 9. sept 1976 að hann hafi séð rauða Mersedes Bens fólksbifreið á Vatnsstígnum, kvöldið 19/11. 1974 Kristján Viðar Viðarsson hafi farið inn í bifreið þessa. Páll sagði að bifreiðin væri lík þeirri sem strákarnir á Bergþórugötu 27 voru á.

"Strákarnir á Bergþórugötunni" munu vera þeir Þorsteinn Sigurðsson og hálfbroðir hans Bjarni Þór Þorvaldsson.

Við athugun á spjaldskrám bifreiðaeftirlitsins verður ekki séð að Bjarni hafi nokkurntíma átt bifreiðar, en Þorsteinn hefur á rauðbrúna Mersedes Bens fólksbifreið árið 1974. Hún virðist hafa verið tekin af skrá og númerin lögð inn 12. júní 1974. bifr. þessi var R 3557.

Þá kemur á hafn Þorsteins Skoda bifreið R 18473. Síðan eigaast hann bláa Impala Chevrolet bifreið R 8941. I jan. s.l. Kaupir hann Ford Mareline fólksbifr. brúna að lit, sem hann á núna

Undirritaður kallaði Þorstein til viðtals og bað hann að gera grein fyrir bifreiðaeign sinni, sem hann gerði fúslega. Lýsing hans kom heim við spjaldskrá bifr.eftirlitsins.

Þorsteinn var spurður um bifreiðaeign Bjarna Þórs bróðir hans. Hann kvað Bjarna aldrei hafa átt bifreið en stundum fá bifreiðar að láni.

Þorsteinn kvaðst vera fluttur að heiman og ekki hafa neitt samþand við Bjarna, sem væri mjög slæmur á sinni. Þorsteinn kvaðst hafa verið utan Reykjavíkur sumarið 1975, en er hann hafi komið heim um haustið hafi Bjarni verið orðin þunglyndur og slæmur á sinni og hann ekkert talað við hann síðan. Ekki kvaðst hann vita af hverju Bjarni væri í þessu ástandi.

Páll Konráðsson sagði við nefnda yfirheyrslu að umrædd Mersedes Bens bifreið væri eins og bifreið Sigurðar Jóhanns Skúlasonar kunninga síns en það væri samt ekki hans bifreið.

Sigurður Jóhann Skúlason nú til heimilis Meistaravöllum 6 Rvík f:12/3.39 var umræðamaður dökkræðarar Mersedes Bens fólksbifreiðar (dísil) árgerð 1966. með ljósbrúnum leðursætum og 16öréttum hraðamælir.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni er nefnur Sigurður Skúlason tekin réttindalaus á bifreið þessari aðfarðanótt 17. nóv. 1976. Þá var bifreiðin tekin til geymslu í porti lögreglustöðvarinnar, en hefur verið tekin þaðan án þess að kvittað væri fyrir í þar til gerða bók og því ekki hægt að sjá hvenær hún fór úr portinu.

Mánudaginn 13. sept. 1976 talaði ég við Sigurður Skúlason, en Bens bifreið þessi stenfur númerslaus við Meistaravelli 6 þar sem hann á heima. Eg bað hann að gera grein fyrir af hverju hann hefði ekki verið látin kvitta fyrir er hann tók bifreiðina í umrætt skipti. Hann gat ekki gert grein fyrir því en kvaðst hafa fengið kunninga sinn, t.d. Karl Eron til að sækja bifreiðina og draga hana á sendi. Bifreið sem Karl var með. heim til Sigurðar í Stórholt. Ekki kvaðst hann myna nákvæmlega hvenær það var en taldi líklegt að það hefði verið sunnudaginn 17. nóv. Hann kvaðst halda að bifreiðin hefði síðan staðið eithvað heima hjá sér eftir þetta, en gaf óglögg svör þar um, enda var hann í sljógu ástandi og gaf grekar óglögg svör um þetta.

Jónas Þóðarson
Rannsóknarnefndin

9.9.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt þeim Schütz og Pétri Eggerz.

Þar var rætt við Guðnýju Sigurðardóttur, eiginkonu Geirfinns, f.19.12.1948, tilh. Hólabraut 10, Keflavík sími 92-3157.

Schütz spurði Guðnýju sérstaklega um það, hvort hringt hefði verið í Geirfinn þann 19.nóv.1974, eftir að hann kom heim úr vinnu.

Guðný telur nær öruggt, að um kl.19,30, hafi Geirfinnur svarað í símann og þá rætt við einhvern, en ekki sagðist hún hafa heyrt neitt af samtaliniu. Hún sagði, að síminn hefði verið við hliðina á borðstofuborðinu og hefði Geirfinnur verið við borðið, er hann ræddi í símann. Guðný sagðist hafa verið í eldhúsinu og verið að tína af borðinu og búa sig undir uppvask.

Hún sagði, að Geirfinnur hefði farið á salernið, eftir að hafa lokið símtalinu og sagði, að hann hefði þá rétt á eftir kallað fram til hennar og spurt "hversvegna gargarðu svona, eins og verið sé að drepa þig". Hún sagðist halda, að þá hefði hún verið að láta vatn renna úr krananum á leirinn í vaskinum.

Guðný sagðist hafa svarað Geirfinni því, að hún hefði alls ekki gargað neitt og eitthvað hefðu þau rætt þetta og hún sagðist minnast þess, að hún hefði litið út, enda talið, að hann hefði heyrt í krökkum úti og eins látið sér detta í hug, að köttur hefði verið að mjálma, en ekkert hefði þó komið í ljós.

Guðný sagðist ekkert hafa heyrt, sem hún hefði getað sett í samband við þetta.

Guðný sagðist hafa lokið upppvottinum og síðan farið í bókasafnið, sem opnaði kl.20,00. Þá hefði Geirfinnur verið heima og einnig sonur þeirra Sigurður Jóhann.

Úr bókasafninu sagðist hún hafa farið til Sjafnar og verið þar nokkurn tíma og síðan farið aftur heim, en þá hefði Þórður verið kominn. Guðný segir öruggt, að ekki hafi verið um neitt annað símtal að ræða á meðan hún var heima. Hún sagðist ekkert hafa spurt út í þetta símtal, enda hefði Geirfinnur ekki lagt það í vana, að greina henni frá slíku.


Guðný sagðist aldrei hafa verið spurð um þetta fyrr en nú.

Þá ræddi Schütz við drenginn, Sigurður Jóhann Geirfinnsson f.13.8.1964. Hann sagðist hafa farið í símann eftir að faðir hans kom heim, eftir kl.22,00. Í símanum hefði verið maður, dimm-raddaður, sem hefði spurt "er Geirfinnur Einarsson heima".

Sigurður sagðist þá hafa kallað, eftir að hafa beðið manninn um að bíða "pappi það er síminn". Sigurður sagðist síðan ekkert

hafa fylgst með því, hvað faðir hans talaði í símann, en rétt á eftir, hefði hann farið út aftur.

Guðny var í framhaldi af þessu spurð, hvort hún vissi til þess, að Geirfinnur hefði talað um, að hafa fundið eitthvað við gröft en því svaraði hún neitaði og var hún þá enn spurð, hvort hún hefði heyrт hann tala um, að hafa grafið upp lík, en slikt sagðist hún aldrei hafa heyrт minnst á.



Ivar Hannesson
lógregluhljúfur

9.9.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt þeim Schütz og Pétri Eggerz.

Þar var rætt við Guðlaugu Jónasdóttur fyrrv. afgreiðslustúlku í Hafnarbúðinni, f. 18.6.1934, tilh. Melteigi 6, Keflavík sími 1161. Schütz spurði Guðlaugu sérstaklega um símtalið úr Hafnarbúðinni þann 19.nóv.1974 og einnig um það hvenær hún þann dag hóf vinnu.

Guðlaug sagðist hafa byrjað á vakt þennan dag kl. 16,00 til 17,00 og með henni á vaktinni hefði verið fullorðin kona, Guðrún að nafni, sem hefði verið í eldhúsínu.

Guðlaug sagði, að matur hefði verið seldur á tímabilinu frá kl. 18,30 til kl. 20,30, en stundum hefði matur þó verið á boðstólum lengur, einkanlega ef bátar komu seint að.

Hún sagðist muna örugglega, að umræddan dag hefði verið rigning og einnig, að mikið hefði verið að gera í matnum.

Þá sagðist hún muna, að á þessum tíma hefðu margir komið parna inn og fengið lánaðann síma, en þetta hefðu verið sjómenn, sem hún hefði þekkt alla.

Guðlaug sagðist muna eftir konu, sem komið hefði um kl. 19,00 og hefði ungar sonur hennar verið með henni. Hún sagðist ekki þekkja konuna með nafni, en hún væri kölluð "Systa" og hefði hún keypt "Franskars" kartöflur, sem hún hefði fengið í poka og tekið með sér.

Guðlaug sagðist síðar hafa heyrt, að þessi "Systa" hefði séð ókunnugann mann parna við Hafnarbúðina og hefði maðurinn verið í sendiberðabíl parna úti.

Guðlaug sagði, að Ásta Grétarsdóttir og fleiri, hefðu komið í Hafnarbúðina fyrir kl. 20,00 og verið þar inni fram eftir kvöldi, eða þar til sjónvarpsdagsskrá var lokið.

Guðlaug sagðist muna, að nokkru eftir kl. 22,00, hefði komið inn ókunnugur maður og beðið um, að fá lánaðann síma. Hún sagðist muna, að maðurinn hefði ekki beðið um símaskrá, heldur hringt strax og sagðist hún halda, að símtalið hefði verið stutt, en ekki sagðist hún hafa heyrt neitt af því, sem maðurinn sagði í símann. Guðlaug sagðist minnast þess, að hún hefði spurt manninn "hvort eitthvað væri fyrir hann" og hefði hann þá svarað, að hann ætlaði ekkert að verzla. Sennilega hefði þessi orðaskipti átt sér stað, áður en hann hefði hringt, enda sagðist hún halda, að maðurinn hefði farið út strax eftir að símtalinu var lokið.

Guðlaug sagðist á sínum tíma hafa lýst manninum hjá rannsóknar-lögreglunni í Keflavík, en ekki muna þá lýsingu nákvæmlega nú. Hún sagðist hafa álítið, að maðurinn hefði verið utanbæjarmaður, enda hefði hann greitt kr. 20,00 fyrir símtalið, en það hefði kostað kr. 15,00 hjá þeim, en verðið á símtölum í Reykjavík, hefði þá verið kr. 20,00. Peningana hefði hann lagt á afgreiðsluborðið. Guðlaug sagðist hafa tekið eftir því, að er maðurinn kom og bað um símann, hefði hár hans verið blautt.

Guðlaug sagðist muna vel eftir því er Geirfinnur kom, enda hefði þá verið lítið að gera. Hún sagðist muna eftir því, að hann hefði keypt einn pakka af vindlingum. Hún sagðist telja, að Geirfinnur hefði ferið aftur um kl. 22,00, eða litlu fyrr, en ekki hefði viðvöl hans þó verið löng.

Guðlaug sagðist hafa pekkt Geirfinn vel og hann hefði all oft komið parna í Hafnarbúðina, enda hefði Sjöfn Traustadóttir unnið parna á móti henni.

Guðlaug sagðist hafa verið í bláum vinnuslopp við afgreiðslu þennan umrædda dag.

Ivar Hannesson
lögreglum.

9.9.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt þeim Schütz og Pétri Eggerz.

Þar var rætt við Ástu Grétarsdóttur, f. 21.10.1958, tilh. Vesturgötu 15, Keflavík, sími 2615.

Ásta er sérstaklega spurð um það hvenær hún kom í Hafnarbúðina þann 19.nóv.1974 og hvað hún muni eftir manninum, sem þar kom inn og hringdi.

Ásta sagðist hafa komið í Hafnarbúðina um kl. 19,30 og hefði þá verið með henni vinkona hennar, Sigríður Georgsdóttir tilh. Ishússtíg 3, Keflavík sími 1349.

Hún sagði, að þær hefðu tekið sér sæti við borð inni í salnum og segist síðan muna eftir, að horft var á sjónvarp.

Ásta sagðist halda, að fátt hefði verið barna inni eftir að sjónvarp hófst og hún sagðist muna, að rigning hefði verið úti.

Ásta sagðist síðan hafa munað eftir ókunnugum manni, sem hefði komið inn og hefði sá fengið lánaðann síma og hringt, en ekki sagðist hún þora að fullyrða hvað klukkan þá var, en taldi að þetta hefði verið löngu eftir að fréttatími sjónvarps var úti. Ásta sagðist ekki hafa séð hvort maðurinn leit í símaskrá,

, eða ekki tekið eftir slíku, og eins sagðist hún ekki muna hvort símtalið var stutt eða langt, en muna, að maðurinn hefði farið út strax og símtalinu var lokið. Hún sagðist ekki hafa verið að horfa á sjónvarpið er maðurinn kom og því hafa veitt honum einhverja athygli, en þó halda, að hún hefði ekki fylgst neitt náið með honum og því kannske ekki muna athafnir hans eins nákvæmlega.

Hún sagðist þó muna, að maðurinn hefði verið frekar myndarlegur, meðalmaður á hæð, en sagðist ekki lengur muna háralit, né sídd á hári, en muna að hann hefði verið í leðurjakka, brúnum, eða svörtum. Annað sagðist hún ekki muna, en á sínum tíma, hefði hún lýst þessu betur fyrir rannsóknarlöggreglunni í Keflavík. Hún sagðist þó vera viss um, að barna hefði verið á ferðinni utanþejarmaður, sem hún hefði aldrei séð áður.

Ásta sagðist ekki hafa neina hugmynd um það, hvort maðurinn hefði komið barna að í bifreið og því síður í hvernig bifreið.

Ivar Hannesson
Löggreglum.

Ivar Hannesson.

14.9.1976. Í dag fór ég vestur á Kvíabryggju, ásamt Eggerti N.Bjarnasyni lögreglumanni. Þar ræddum við, við Tryggva Bjarna Kristjánsson refsifanga, f. 7.10.1959, tilh. Faxabraut 25, Keflavík sími 3156.

Tryggvi greindi okkur frá því, að maður að nafni Garðar, sem væri starfsmaður í slökkviliði Keflavíkurflugvallar, væri oft með spíra til sölu. Einnig seldi sonur hans spíra, en sá héti Hörður Garðarsson, en peir ættu heima í húsi við Birkiteig í Keflavík, en ekki var Tryggvi viss um götunúmerið. Tryggvi taldi, að þarna væri um að ræða svokallaðan "Flugvélasþýði". Sjálfur sagðist hann hafa keypt spíra af Herði og nefndi einnig sem kaupendur þá, Jón Sigurðsson Hölabraut 10, Keflavík og bræðurna Halldór og Grím Sigurðssyni, sem ættu heima í húsi við Greniteig í Keflavík.

Tryggvi vildi ekki láta hafa petta eftir sér í undir-skriffaðri skýrslu, en sagðist þó vilja koma þessu á fyrmfæri.

Ivar Hannesson
lögreglum.

14. sept. 1976.

I dag fórum ég undirritaður, ásamt Ívari P. Hannessyni rannsóknarlöggreglum. til Grundarfjarðar í þeim tilgangi að hafa þar tal af Sjöfn Traustadóttir Þósmóður, ~~XXXXXXXXXXXXXX~~, fædd 21. 4. 1951, til heimilis að Nesvegi 7 á Grundarfirði sími 8746, nnr. 8145-8588.

Sjöfn er talin hafa verið besta eða nánasta vinkona Guðnýjar Sigurðardóttir á þeim tíma, er Geirfinnur Einarsson hvarf. Sjöfn staðfesti, að þær Guðný hefðu verið og væru enn, mjög nánar vinkonuð og hefðu trúð hvorri annarri frír flestum ef ekki öllum sínum leyndarmálum, þar á meðal ástamálum. Samgangur hafði verið mjög mikill á milli heimila þirra Sjafnar og Guðnýjar. Aðallega voru það þær og börn þeirra, sem samgangurinn var á mlli.

Við ræddum aðallega við Sjöfn um orð og athafnir Guðnýjar daginn sem Geirfinnur hvarf og dagana á eftir. Sjöfn skýrði frá atburðum þann 19. nóv. 1974 á þann veg, að hún hafði komið ~~h~~ heim til Guðnýjar milli kl. 16:00 og 17:00 og þá beint úr vinnu. Sjöfn starfaði þá í Hafnarbúðinni í Keflavík. Meðan hún var þar við vinnu þennan dag, hafði dóttir hennar verið í gæslu ~~þ~~ Guðnýju. Þær vinkonurnar fóru nú um bæinn í innkaupaferð í bifreið þeirra Geirfinns og Guðnýjar og um kl. 17:30 til 18:00 ók Guðný Sjöfn ~~h~~ til sín og þar varð dóttir Guðnýjar eftir.

Um kl. 20:00 eða skömmu eftir þann tíma þetta kvöld, þá kom Guðný heim til Sjafnar og telur Sjöfn, að þá hafi ~~sínn~~ Guðnýjar verið með henni. Þetta telur Sjöfn mjög sennilegt, því ærsl hefðu orðið tölverð í börnunum, en slíkt henti jafnan, þegar Sigurður sonur Guðnýjar var með þeim telpunum. Sjöfn sagði, að þegar Guðný kom til hennar þarna um kvöldið, þá var Guðný að koma úr bókasafni bæjarins. Ekki var Sjöfn alveg viss um hversu lengi Guðný hefði dvalið hjá henni þetta kvöld, en taldi, að Guðný hefði farið frá ~~h~~nni með ~~BÖRN~~ ~~sínn~~ rétt um kl. 22:00. Þær vinkonurnar hefðu setið og horft á sjónvarp og man Sjöfn ekki betur, en þar hafi verið um að ræða ítalskan framhaldsmyndaflokk, að hana minnti um listamanninn Leonardo da Vinci. Ærindi Guðnýjar þetta kvöld um kl. 20:00 var að hún var að sækja dóttur sína.

Daginn, sem Geirfinnur hvarf, hóf Sjöfn innu í Hafnarbúðinni kl. 08:00. Ekki mundi hún eftir neinu sérstöku, sem hent ~~h~~ hafi þann dag utan þess, að um morguninn (man ekki klukkuna) sennilega milli kl. 08:30 og 09:00, hafi komið í veitingastofuna 3 eða 4 menn

sem hún ekki bar kennsl á og taldi sig ekki hafa séð áður. Allir voru þeir vinnuklæddir, þó mundi hún ekki nánar um klæðnað þeirra. Þeir keyptu þarna einhverjar veitingar, sem þeir neyttu, en fór svo út aftur. Sjöfn taldi, að menn þessir hafðu verið í bifreið, sem staðið hefði fyrir utan á meðan, en ekki sá hún þessa bifreið eða hvaði nokkra hugmynd um hvernig sú bifreið heði verið.

Sjöfn skýrði okkur frá því, að þessu tímabili, það er fyrir marf Geirfinns, hefði oft komið í Hafnarbúðina útlendingslegur maður, sem talaði íslensku með erlendum hreim. Hún taldi mann þennan ~~xx~~ sennilega vera rúmlega tvítugan að aldri, meðal mann á hæð, dökkan yfirlitum (sennilega sólbrendur) og laglegur í andliti. Hann var venjulega klæddur bláum mittisjakka með breiðum skinnkraga. Sjöfn mundi sérstaklega eftir manni þessum, því hann ~~xx~~ hafði haft á vði, að hann hefði verið rekinn frá U.S.A. vegna vopnaðs ráns og "hass"reykingja.

Við spurðum Sjöfn sérstaklega um hegðun og framkomu Guðnýjar, er hún kom til hennar á briðjudagskvöldinu, það er kvöldið, sem Geirfinnur hvarf. Sjöfn taldi, að Guðný hafði á allan hátt verið ~~xx~~ eðlileg í framkomu og hagðun og ekki haft orð á neinu sérstöku. Sjöfn tók sérstaklega fram, að hefði Guðnýju legið eitthvað sérstakt á þjarta, þá hefði hún sagt frá því, því svo nánar vinkonum hefðu þær verið.

Morguninn eftir, þ. e. á miðvikudagsmorgunn, þá sagði Sjöfn, að Guðný hefði hringt til hennar um kl. 09:30 og greinlega verið eitthvað miður sín. Guðný bað Sjöfn að koma til sín, því Geirfinnur hefði ekki komið heim um nóttina. Sjöfn sagðist þá ekki hafa tekið mark á þessu tali Guðnýjar og því hvergi farið. Um kl. 10:00 ~~xx~~ hringdi Guðný aftur til Sjafnar og spurði Sjöfn hvort hún væri ekki að koma. Þá sagðist Sjöfn hafa spurt Guðnýju að því hvort petta væri virkilega alvara, það var, að Geirfinnur hefði ekki komið ~~xx~~ heim frá kvöldinu áður. Guðný sagði sem fyrr, að Geirfinnur væri ókominn og fór Sjöfn þá heim til Guðnýjar. Guðný var þá, að því er vrtist í miklu uppnámi, og gekk um gólf og vrtist ekki ~~geta~~ verið kyrr. Hún sagði Sjöfn, að hún hefði verið að lesa í bók fram eftir nóttu, en þegar svo Geirfinnur hefði ekki ~~komið~~, þá hefði hún orðið óróleg og ekki ~~geta~~ fest svefn, enda hafði það aldrei komið ~~xx~~ fyrir áður, að Geirfinnur væri að heiman næturlangt án þess að ~~vita~~ væri hvar hann héldi sig. Sjöfn sagðist yfirleitt ekki vita til þess, að Geirfinnur hefði nokkurn tímann verið að heiman næturlangt, nema þá einhversstaðar í vinnu eða með Guðnýju. Þær Guðný og Sjöfn ræddu nú um það hvað gera skyldi og varð niðurstaðan sú að leita ekki strax til löggreglunnar, heldur hafa samþand við vinnuveitanda Geirfinns, Ellert Skúlason. Þær reyndu að ná

sambandi við Ellert, en tókst ekki fyrr en einhvern tímann síðari hluta dagsins. Hann mun svo hafa tilkynnt lögreglunni um hvarf Geirfinns.

Við ynnntum Sjöfn mjög náið eftir sambandi þeirra Guðnýjar og Vilhjáms Svanbergs Helgasonar, en fram hefur komið áður, að þau hafi haft náið ástasamband. Sjöfn sagði, að samband þeirra Svanbergs og Guðnýjar hafi staðið í það minnsta frá því snemma um haustið og fram yfir hvarf Geirfinns. Ekki sagðist Sjöfn hafa verið viðstödd, er þau Svanberg og Guðný ~~h~~ttust fyrsta sinni, en Guðný hafði sagt henni, að þau Svanberg hefðu hittst fyrst í samkvæmi éinhversstaðar í Kópavogi. Sjöfn sagði, að henni væri kunnugt um, að þau Guðný og Svanberg hefðu átt ástafundi heima hjá henni, heima hjá Guðnýju og heima hjá Svanberg. Guðný hafði sagt Sjöfn frá því, að Svanberg væri mjög hrifinn af henni og vildi, að hún skildi við Geirfinn. Því sagði Sjöfn, að Guðný ~~h~~fði verið mótfallinn og ~~h~~ helst ~~þ~~ljað slíta sambandinu við Svanberg.

Svo sem fram hefur komið í skýrslum annarsstaðar í málí þessu, þá fór Svanberg til Keflavíkur á sunnudagskvöldinu fyrir hvarf Geirfinns, og dvaldi þar til á priðjudagsmorgunn. Svanberg hafði komið heim til Sjafnar á sunnudagskvöldinu og þangað kom Guðný einnig. Að sögn Sjafnar var Geirfinnur á meðan að skemmta sér hér í Reykjavík í samkomuhúsinu Klúbbnum. Sjöfn sagði, að auk þeirra Guðnýjar og Svanbergs hefði sennilega verið stödd á heimili hennar systir ~~h~~nnaðar Bára, sem nú á heima á Fáskrúðsfirði. Þetta sagðist Sjöfn þó ekki vera viss um. Afengi var haft um hönd og neyttu þau, að Sjöfn telur, öll einhvers af því, allavega Svanberg. Einhvern tímann eftir miðnætti fór Guðný heiman frá Sjöfn og vafalaust heim til sín. Nokkru síðar kom Guðný aftur og talaði þá um, að Geirfinnur væri sofnaður. Sjöfn sagði, að einhvern tímann svo síðar um nóttina hafi Guðný farið heim aftur, en Svanberg orðið eftir heima hjá henni og sofið það sem eftir var nætur á legubekk í eldhúsinu. Hann hafði svo farið heiman frá Sjöfn eidnhvern tímann á mánudeginum, að hún taldi nálægt hádegi. Við spurðum Sjöfn sérstaklega eftir því, hvort Svanberg hefði hugsanlega farið heim með Guðnýju aðfararnótt mánudagsins og ~~h~~afið ~~x~~xx dvalið þar fram undir hádegi á mánudeginum. Það sagði Sjöfn vera al-gjörlega útilokað, en kvaðst aftur á móti hafa það eftir Guðnýju, að að Svanberg hefði um nótt dvalist heima hjá Guðnýju og hún þá læst hann inni í stofu, enda þótt Geirfinnur ~~h~~fði verið heima. Auk þess myndi Svanberg hafa gist næturlangt hjá Guðnýju, er Geirfinnur var fjarverandi vegna vinnu.

Þá tjáði Sjöfn okkur, m að daginn eftir hvarf Geirfinns, þá hefði Guðný haft samband við Svanberg og sagt honum frá því, að Geirfinnur hefði ekki komið heim frá kvöldinu áður og var það áður en löggreglan vissi um málið. Guðný hafði sagt Svanberg, að ef Geirfinnur kæmi ekki fram, þá myndi hún þurfa að segja lögreglunni frá sambandi hennar og Svanbergs. Hann mun þá hafa talað um það, hvort ekki myndi vera hægt að halda hnum utan við málið og virtist hann þá verða eitthvað hræddur og "neikvæður".

Við spurðum Sjöfn sérstaklega eftir því, hvort ~~hún~~ Guðný hefði sagt henni frá einhverju ópi, sem Guðný hefði hugsanlega rekið upp kvöldið, sem Geirfinnur hvarf. Þá sagði Sjöfn, að Guðný hefði sagt henni daginn eftir hvarf Geirfinns, að hann hefði kvöldið áður um kvöldmatarleitið sagt Guðnýju hafa rekið upp óp, en það hafi verið vitleysa. Þetta átti að hafa átt sér stað á meðan Geirfinnur var að raka sig um kvöldið.

Strax eftir hvarf Geirfinns sagðist ~~Sjöfn~~ Sjöfn hafa flutt inn á heimili Guðnýjar og hefði það verið að hennar ósk, og bjó Sjöfn um nokkurt skeið hjá Guðnýju. Þann tíma sagði Sjöfn, að þær vinkurnar hefðu neytt áfengis öðru hvoru og eins hefðu þær tekið inn róandi lyf að læknisráði. Þá sagði Sjöfn, að hún og Guðný hefðu mikið rætt sín á milli hvað gæti hafa komið fyrir Geirfinn, en hvorug þeirra æg gæti ímyndað sér hvað það væri. Þó væru þær báðar sannfærðar um það, að ekki myndi Geirfinnur hafa svipt sig lífi, það hefði verið fjarri hans hugsanlegri kgðun.



E. N. Bjarnason
löggreglum.

Rannsóknarnefnd Reykjavík.

Rvík. 20.10.1976

Talað hefur verið við John Hill rannsóknarlöggreglumann í Keflavík vegna Tryggva Bjarna Kristjánssonar frá Keflavík. Löggregluskyrsla var tekin af Tryggva 14. sept. s.l. þar sem hann afplánaði refsingu á Kvíabryggju. Þá létt hann þess getið að hann hefði stundað sölu á smygluðum spíritus er hann hefði keypt af Geirfinni Einarssyni 1974.

Þar sem John Hill hæfur haft með Tryggva að gera vegna þjófnaðar og innbrota var leitað upplýsingar um hann þar.

John Hill sagði Tryggva mjög ósannsöglan og hann væri líklegur til að búa til sögur án ~~áss-tálfni~~ gæfist til.

Hann kvað Tryggva hafa búið í two eða þrjá mánuði á Póru-stíg 32 snemma á árinu 1976. en þar hafi hann ekki búið í annan tíma. Hann kvaðst á þeim tíma hafa offar en einum sinni ~~hálfax~~ gert húsleit heima hjá honum. Aldrei hafi hann orðið var við áfengisflöskur þar eða plastbrúsa. Hann hafi aldrei orðið var við að Tryggvi væri að selja áfengi, en félagar hans munu hafa gert hann út með peninga til að fara upp á flugvöll til að kaupa áfengi, en hann þá stolið peningunum.

Hann kvað mál hafa komið upp í Keflavík þar sem Halldór Sigurðsson GReniteigi 38 og fleri stjákar hafi átt þátt í að smygla spíritus út af flugvellinum, en Tryggvi hafi ekki verið þar með.




Rvík. 17.9.1976 fór ég undirritaður ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarlögreglumanni til Keflavíkur, til að staðreyna framburð Tryggva Bjarna Kristjánssonar, fanga á Kvíabryggju, en Eggert Bjarnason og Ívar Hannesson höfðu rætt við hann þá nokkrum dögum áður á Kvíabryggju, vegna sögu er höfð hafði verið eftir honum er hann dvaldi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg..

Fyrst var farið að Pórustíg 32 í Ytri-Njarðvík, en þar kvaðst Tryggvi hafa búið um tíma haustið 1974. Húsráðandinn á staðnum, sem er eigandi kjallarns, en hann kvaðst heita skýrði frá því að Tryggvi hefði ekki búið parna árið 1974. Hann hefði verið parna haustið 1975, en rannsóknarlögreglan í Keflavík hefði komið þá í húsið og kreiðað þar út. Tryggvi hefði leigt forstofuherbergi á miðhæð, en bróðir hans hefði leigt rishæð hússins.

Næst var talað við Robert Mike f. 27.4.1960, til heimilis að Hafnar götu 16 Keflavík nafnr. 7360-2017. Róbert kvaðst hafa kynnst Tryggva árið 1975 og umgengist hann um tíma. Róbert kvaðst hafa bemið Tryggva um að kaupa fyrir sig áfengi í útsölu staðarins, en það hefði ávallt verið Brennivín. Einu sinni kvaðst Róbert hafa fengið að drekka hjá Tryggva áfengi sem Tryggvi hefði átt, en sér hefði ekki fundist það neitt öðruvísi en venjulega og ekki hefði verið talað um spíra. Aðspurður kvaðst Róbert telja að Tryggvi hefði verið að Faxabraut 25 árið 1974.

Einnig var haft samband við Halldór Guðmundsson til heimilis að Greniteig 38 Keflavík f. 28.5.1956, en Tryggvi hefði talað um að hann hefði selt honum spíra. Jónas Bjarnason ræddi við Halldór. Aðspurður kvaðst Halldór aldrei hafa keypt spíra af Tryggva og ekki vitað til þess að hann hefði verið að selja þá vörðu, en hann hefði vitað um að hann hefði selt fíkniefni. Ekki kvaðst Halldór hafa heyrt að Tryggvi hefði ~~verið að selja~~ spíra undir höndum.

verið að selja



Rúnar Sigurðsson, lögreglumann.

~~580~~

14.10.1976. Í dag hafði ég tal af Báru Traustadóttur f.7.8.1956 á Fáskrúðsfirði, tilh. Búðavegi 23 þar í bæ sími 5272. Nafnnr. 0996-8276. Bára var stödd hér syðra og dvaldi í Lyngási 6, Garðabæ sími 50845.


Ég spurði Báru sérstaklega hvort hún hefði einhverntíma verið í gleðskap heima hjá Sjöfn og hvort hún hefði pekkt Svanberg Helgason og vitað um kynni hans við Guðnyju.

Bára sagðist hafa unnið á Vífilsstaðaspítala frá því í maí 1974 og fram í nóv. 1975. Hún var þó ekki alveg örugg um það, hvenær hún hóf staffið..

Bára sagðist all oft í fríum, hafa heimsótt Sjöfn til Keflavíkur. Hún sagðist minnast þess, að eitt sinn er hún var hjá Sjöfn, hefði Svanberg Helgason, komið heim til Sjafnar og síðan hefði Guðny Sigurðardóttir komið og öll hefðu þau verið að drekka áfengi, en ekki þó mikið, að Bára taldi. Hún sagðist þá fyrst hafa frétt, að Guðny hefði átt vingott við Svanberg.

Bára sagðist ekki muna fyrir vissu, hvenær þetta hefði átt sér stað, en hún sagðist einungis einusinni, hafa hitt og séð pennan Svanberg. Hún sagðist muna það vel, að Guðny hefði farið heim um kl. 01,00 og sagðist Bára hafa farið að sofa upp úr því, en hafa frétt, að hún taldi hjá Sjöfn, að Guðny hefði komið aftur um nöttina. Bára sagðist muna vel, að Svanberg hefði sofið á svefnbekk í eldhúsinu um morguninn er hún kom á fætur og hún sagðist halda, að hann hefði farið um kl. 10,00. Síðan sagðist Bára ekki hafa séð pennan Svanberg. Bára sagði mér, að Sjöfn hefði aldrei talað um pennan Svanberg við hana og hún endurtók, að hún hefði einungis séð hann í þetta eina sinni. Bára sagðist hafa pekkt Guðnyju lítillega, en ekkert vitað um heimilislíf hennar og Geirfinns, eða vitað um kynni Guðnyjar af öðru fólk.

Ivar Hannesson
löggreglum.



R. 15. okt. 1976.


Kl. 13:10 var færð til yfirheyrslu í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi. Stjórnandi yfirheyrslunnar var Karl Schutz, en viðstaddir voru, auk hans, Pétur Eggerz, Auður Gestsdóttir, sem jafnframt var túlkur, og undirritaður.

Í byrjun afhenti Erla bréf, sem hún hafði skrifað Schutz, til útskytingar á því, hvernig hún teldi sig hafa haft eftir Sævari, margt af því sem hún hefði sagt í máli þessu.

Erlu var hennt á það sem hún hefði sagt og stæði í skjölum málsins og kvaðst Schutz kvetja hana til þess að segja allan sannleikan. Hann bennti henni ennfremur á að margt af því sem hún hefði sagt og stæði í málsskjölunum, kæmi heim og saman við það sem aðrir hefðu sagt og kæmi því ekki annað til greina, að hana áliti, en að annað hvort hefði hún farið til Keflavíkur í umrætt sinn eða einhver hefði sagt henni frá þessari ferð og það mjög nákvæmlega og þá skyldi hún segja hver hefði sagt henni það.

Schutz ítrekaði við Erlu að segja allan sannleikan í málinu og svaraði hún þá: "Pá hef ég farið til Keflavíkur." Hann bað hana að skrifa bréf með öllum þeim upplýsingum varðandi málid, sem hún vissi, og kvaðst Erla mundi gera það.

Meðan á yfirheyrslunni stóð var Erla mjög óstirk og grét. Sagði að það sem hún hefði sagt og stæði í málsskjölum væri frí hugarburður hjá sér, en þó vissi hún ekki hvort sumt af því væri raunveruleiki.



Sigurður V. Eggertsson.
lögreglum.

19. okt. 1976.

I dag kl. 11:30 mætti í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Ingimar Jóhannsson fiski fræðingur til heimilis að Vesturbergi 2 hér í borg, fæddur 3. 5. 1947, nnr. 4681-6366.

Tilefni þess, að Ingimar mætti hér var sú, að kanna kunnings-skaþ hans við Sævar Ciesiekski:

Ingimar kvaðst kannast nokkuð við Sævar, þó aldrei raun-verulega hafa þekkt hann persónulega. Þó hefði hann eitt sinn lánað Sævari kr. ~~X~~ 100.000,00, aðeins í greiðaskyni og fengið sömu fjárhæð greidda til baka skömmu síðar. Ekki taldi ~~X~~ Ingimar sig hafa vitað til hvers Sævar myndi hafa ætlað að nota þessa peninga. Í kynni við Sævar kvaðst Ingimar hafa komið í gegnum sameiginlegan kunningja þeirra Gunnar Ægisson, sem sé fyrrverandi skólabróðir Ingimars. Annars kvaðst Ingimar hafa skýrt Sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum frá öllum sínum samskiptum við Sævar og hefði það verið fyrir ca. 1 1/2 ári.

Ingimar tjáði okkur, að hann hefði á leigu geymsluhólf í Landsbanka Íslands Austurbæjarútibúi við Laugaveg og væri hólf-í nr. 54. Hann sagðist aldrei hafa geymt þar eitt eða annað fyrir Sævar og yfirleitt mjög lítið nota hólfíð. Þar væru nú aðeins geymd skuldabréf og ef til vill einhver önnur skjöl honum sjálfum viðkomandi. Ég undirritaður óskaði eftir því að fá að sjá í hólfíð og var það auðsótt mál. Sá hængur var þó á, að Ingimar kvaðst vera búinn að týna lykli sínum að hólfinu. Við fórum því í bankann og ræddum þar við umsjónarmann geymsluhólf-anna. Í samráði við hann var svo hólfíð brotið upp kl. 13:30 í dag.

Ekki reyndist annað vera í geymsluhólfinu, en tvö skulda-bréf stíluð á móður Ingimars, kvittun fyrir innleggji á ávis-anareikning Ingimars að fjárhæð rúmlega 100 þús. krónur og listi yfir 4 víxla, hvern að fjárhæð kr. 10.000,00 með dagsentingum á árinu 1973. Ingimar kvað bankann hafa á sínum tíma haft með innheimtu þessara víxla að gera fyrir sig og hefðu þeir verið tilkomnir vegna viðskipta á bifreið.

E. N. Bjarnason
löggreglum.

Priðjudaginn 19.10.1976 fór ég undirritaður ásamt Ívari Hannessyni rannsóknarlöggreglumanni til Keflavíkur. Erindi okkar þangað var að hafa tal af Valgerði Helgadóttur, til heimilis að Tunguvegi 12, f. 28.11.1938 nafnr. 9116-8820 s.92-2899. Tilefni ferðarinnar voru upplýsingar frá Vilmundi Gylfasoni.

Að spurð kvaðst Valgerður muna eftir þessu atviki, en þetta hefði skeð vorið 1975. Hefði dóttir sín, sem heitir Elín Einarsdóttir f. 11.11.1963, verið að leik við Dráttarbraut Njarðvíkur ásamt vinkonu sinni sem heitir Guðfinna Jónsdóttir, til heimilis að Hlíðarvegi 36 s.92-2868. Kvaðst Valgerður muna eftir því að er dóttir sín Elín kom heim hafi hún skýrt sér frá þessu atviku og jafnframt sagt sér frá bifreiðarnúmeri, sem Valgerður kvaðst hafa skrifaoð á gamlan kaffipoka, en honum hefði nú verið hent og kvaðst hún ekki geta munað annað en að skráningarnúmerið hefði byrjað á bókstafnum Y- og kvaðst hún telja að það hafi verið fjórir stafir í númerinu. Jafnframt kvaðst Valgerður hafa sagt Hallgrími Guðmundssyni frænda sínum frá þessu.

Elín Einarsdóttir skýrði okkur frá því að hún hafi verið að leik í Dráttarbraut Njarðavíkur ásamt vinkonu sinni Guðfinnu Jónsdóttur. Hefðu þær þá séð two menn, sem hafi komið á árabát að bryggju, sem er við Dráttarbrautina. Mennirnir hefði báðir verið á milli 30 og 40 ára, en ekki gat Elín gefið frekari lýsingu á mönnum þessum. Menn þessir hefðu verið að taka plastbrúsa úr bátnum, en þeir hafi verið bláir og rauðir að lit, og sett þá í hvíta bifreið, sem hafi verið upp af bryggjunni einsog í felum, en ekki kvaðst Elín geta sagt til um það af hvaða tegund þessi bifreið hafi verið. Elín kvaðst hafa fengið það á tilfinninguna að mennirnir væru að fara eins leynt með þetta og mögulegt var. Þeir hefði farið með bátin upp með bryggjunni. Elín kvaðst hafa séð tvær byssur í bátnum og að hún taldi fugla. Menn þessa kvaðst hún ekki hafa þekkt og taldi þá vera ókunnuga. Þær hefðu orðið hræddar, en mennirnir hefðu ekki vitað um þær og ekki ávarpað þær. Elín kvaðst hafa sagt mórði sinni strax frá þessu er hún kom heim.

Virðingarfylgst.

Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

19.10.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt Rúnari Sigurðssyni lögreglumanni.

Erindi okkar var að ræða við, Magnús Gíslason bifreiðarstj. f.5.8.1932, nafnnr. 6255-2409, tilh. Heiðarbraut 9, Garði, Gullbr. sýslu sími 92-7136 og v.s. 24324(4263) vegna upplýsinga, sem borist hafa frá Vilmundi Gylfasyni, varðandi Geirfinnsmálið.

Magnús sagðist hafa fylgst með þessu máli eins og aðrir, en þó kannske eitthvað nánar, enda hefði hann þá verið fréttaritari dagblaðsins Vísíss, en væri nú fréttaritari Dagblaðsins.

Magnús greindi okkur frá því, að daginn eftir hvarf Geirfinns að hann taldi, seinnihluta þess dags, hefði hann átt tal við Arnbjörn Ólafsson lækni í Keflavík, sem þá hefði sagt honum, að eitthvað væri athugavert við mannshvarf í Keflavík, en ekkert þó gefið meira til kynna.

Magnús sagðist síðan hafa hringt í Jón Birgi Pétursson, sem þá hefði verið fréttastjóri Vísíss og ætlað honum að kenna þetta, en Jón Birgir, hefði ekkert viljað gera í þessu þá og því hefði ekkert verið gert.

Magnús sagðist síðan hafa kynnst Sjöfn Traustadóttur um vorið 1975, en hún hefði þá unnið í N.C.O. Club á Keflavíkurflugvelli. (Magnús er einnig starfsmálið Keflav. flugv.)

Hann sagðist þá all oft hafa rætt við Sjöfn um hvarf Geirfinns Einarssonar, enda þá vitað, að hún var góð vinkona Guðnyjar Sigurðardóttur. Magnús sagði, að þau hefðu þó ekki haft neitt næði til að ræða þetta náið og hefði það verið ætlun hans, að heimsækja Sjöfn og ræða þetta þá nánar.

Hann sagði, að slíkt tækifæri hefði síðan komið upp í hendur hans, en hann hefði eitt sinn verið að fara heim úr vinnu og ekið fram á Sjöfn og unga dóttur hennar á götu í Keflavík og þá boðið þeim í bílinn og ekið þeim heim á Vesturgötu 15, að hann mynnti og þar hefði hún síðan boðið honum inn og í kaffi. Magnús taldi að klukkan hefði þá verið um 18,00.

Er þau síðan komu þann í íbúðina, hefði verið þar fyrir karlmaður og hefði sá kynnt sig sem, Kjartan Jerímíasson og vera frá Grundarfirði. Magnús sagði, að Kjartan hefði verið berfættur í buxum og í nærbol(netbol). Hann sagði, að honum hefði fundist Sjöfn verða undrandi, enda hefði hún spurt, hvenær hann hefði komið og fengið það svar, að hann hefði komið um morguninn. Magnús sagðist síðan hafa drukkið kaffið, en þessi Kjartan farið í annað herbergi.

Magnús sagðist síðan hafa hitt Sjöfn daginn á eftir og þá fært það í tal við hana, hvort pessi Kjartan væri manns-efni hennar, en því hefði hún svarað neitandi, en sagst hafa þekkt hann sína um áramót.

Magnús sagði okkur, að í samræðum hans og Sjálfar, hefði Sjöfn ávalt rætt um Geirfinn sem láttinn, en hann sagðist hafa komið inn á þann möguleika, að Geirfinnur hefði stungið af úr landinu, en það hefði Sjöfn talið fráleitt og eins hefði hún talið fráleitt, að Geirfinnur hefði framið sjálfsmorð. Þá sagði hann okkur, að Sjöfn hefði sagt honum, að morguninn eftir hvarf Geirfinns, hefði hún farið til Arnbjörns Ólafssonar læknis og fengið hjá honum róandi lyf, handa Guðnýju.

Magnús sagðist muna, að Sjöfn hefði talað um, að Kjartan ætti Fíat bifreið, sem hefði verið biluð, en í viðgerð í Reykjavík. Hann sagðist síðan hafa séð Kjartan á bifreiðinni, sem hefði verið Fíat rauð-brún að lit. Hann sagðist ekki vita um stærðina, en taldi bifreiðina vera af stærri gerð Fíatbifreiða.

Þá sagðist hann muna, að P-númer hefði verið á bifreiðinni og minnti, að númerið hefði verið P-607. Bifr.hefði verið 4 dyra. Magnús sagðist hafa spurst fyrir um Kjartan og fengið upplýst, að hann hefði verið á vertíð parna pennan vetur og líklega veturinn á undan.

Magnús sagðist hafa farið að hugsa um útlit Kjartans og þá hefði komið upp í huga hans lýsingin á manni þeim, sem hringt hefði úr Hafnarbúðinni þann 19.nóv.1974 um kl.22,20.

Magnús sagðist hafa aðstoðað lögregluna í Keflavík er dregin var upp mynd af þeim manni og þá verið mikil hjá Guðlaugu Jónasdóttur, sem gefið hafði eftirfarandi lýsingu á manninum:

Neðri augnlína bein og strekkt upp,
sambrýndur,

munnbreiður m/punnar varir,
haka þver,

eyru nokkuð útstandandi,

hár rauðbirkíð og sveipir í því og Guðlaug
hefði talað um, að mótað hefði fyrir skalla, er
hún hefði séð á bakhluta mannsins.

Þá hefði verið talað um blett eða vörtu á annari kinn.

Magnús sagði, að sum pessi einkenni, hefði hann séð hjá Kjartani, t.d. skallann og augnlínuna.

Magnús sagðist hafa verið úti "Liegis" í Belgíu í sept. 1975 og skrifað þar um Landsleik, íslendinga og belga fyrir Dagblaðið. Hann hefði þá hitt þar pilt, sem hann ekki vissi nafn á og eimthvað hefði Geirfinnur borist í tal og hefði piltur þessi þá sagt, að Sjöfn vinkona Guðnýjar, væri búin að vera í kunningsskap við frænda hans Kjartan í 2-3 ár, að hann taldi.

Pá greindi Magnús okkur frá því, að hann hefði verið staddur á skrifstofu Jóns Birgis Péturssonar, að hann minnti vorið 1975. Jón hefði þá burft að fara frá, að Magnús taldi vegna einhvers viðtals, en beðinn hann um að bíða. Jón hefði komið aftur eftir um 45 mínútur og þá sagt honum, að hann hefði verið að ræða við mann, sem hefði verið bókari á skrifstofu Klúbbsins, sem fullyrti, að nafn Geirfinns hefði verið skráð á nótur, sem komið hefðu af börum í Klúbbnum að hann minnti, kvittaðar af Geirfinni. Magnús sagðist halda, að hann færi með það rétt, að þessi bókari, hefði talað um þessar nótur í sambandi við skrifstofu Klúbbsins.

Hinsvegar sagðist Magnús aldrei hafa heyrta um það talað, að Geirfinnur, hefði komið á skrifstofu Klúbbssins.

Ivar Hannesson
lögreglum

19.10.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt Rúnari Sigurðssyni lögreglum.

Erindið þangað var að ræða við, "Systu" Sigurbjörgu Jónu Árnadóttur, f. 19.1.1937, nafnnr. 7767-5019, tilh. Brekkustíg 8, Ytri-Njarðvík sími 92-1034 og í vinnu 1250-1251, en Sigurbjörg er rðaðskona í mótneytinu í Njarðvíkurslipp.

Við spurðum Sigurbjörgu sérstaklega um ferð hennar að Hafnarbúðinni í Keflavík, þann 19.nóv.1974.

Sigurbjörg sagði okkur, að Haukur Guðmundsson lögreglum. í Keflavík, hefði á sínum tíma rætt við hana og þá fengið hjá henni það, sem hún vissi. Einnig hefði hún þá, séð nokkrar ljósmyndir af mönnum, en engan þekkt á þeim myndum.

Sigurbjörg sagðist hafa komið að Hafnarbúðinni á bifreið sinni og hefði sonur hennar, Jóhannes Helgi Einarsson f. 8.1. 1963, farið þar inn og keypt "franskars" kartöflur, en hún beðið á meðan úti í bíl, en klukkan hefði verið um 18,30-19,00.

Sigurbjörg sagði okkur, að Jóhannes Helgi hefði verið ný farinn inn, er stór bifreið hefði komið og stanzað rétt hjá hennar bíl. Hún sagðist hafa séð ökumanninn koma út úr bifr. og hefði hann örugglega verið einn í bifreiðinni, eða allavega hefði hún ekki tekið eftir að neinn annar væri í bifreiðinni. Ökumaðurinn hefði síðan farið inn í Hafnarbúðina og verið þar smá tíma, en verið kominn út aftur, áður en Jóhannes Helgi kom. Ökumaðurinn hefði þá farið aftur inn í bifr. og ekið á burtu. Hún sagðist hafa tekið eftir því, að maðurinn var í ljósum buxum og í ljósum leðurjakka, en mundi ekki eftir neinum lit í því sambandi. Hún taldi sig muna það rétt, að maðurinn hefði verið um 180-185 sm. á hæð, svona á að giska, nokkuð þybbinn í vexti og að hún taldi um 35 ára að aldri. Hún taldi, að háralitur hefði verið skollitur og örugglega ekki dökkur. Hún sagði, að maðurinn hefði komið sér þannig fyrir sjónir, að hann væri myndarlegur maður, en sagðist þó ekki geta greint það nánar, en taldi líkur á, að hún myndi þekkja hann aftur, ef hann yrði á vegi hennar, enda taldi hún, sig hafa séð manninn síðar.

Sigurbjörg sagðist vera viiss um, að bifreiðin, sem maðurinn var á, væri af gerðinni Merzedez Benz, stór sendibifr. með gluggum á hliðum. Hún sagðist muna, að liturinn hefði verið ljós og að ljósari rönd hefði verið í hliðinni, sem að henni snéri.

Sigurbjörg sagðist hafa farið, að svokallaðri "Þórðarsjóppu" eftir að Jóhannes Helgi kom út úr Hafnarbúðinni og hefði hann (Jóhannes H.) farið þangað og keypt Kóka Kóla. Hún sagðist þá hafa séð bifreiðina þar aftur og hefði ökumaðurinn þá setið inni í bifreiðinni, undir stýri og verið að borða pylsu.


Sigurbjörg sagðist hafa verið á ferð í Reykjavík á s.l. vetrí á bifreið sinni og hefðu foreldrar hennar verið með henni. Hún sagðist þá hafa ekið Hafnarstræti til austurs og er hún hefði komið á gatnamót Hafnarstr. og Skúlagötu (þar á hún við Lækjargötu) hefði M-Benz sendibifreið, verið ekið yfir gatnamótin. Hún sagðist vera örugg um, að þar var á ferðinni sama bifreið og hún sá við Hafnarbúðina og sagðist vera viss um, að ökumaðurinn í þetta skipti, var sá sami og hún sá við Hafnarbúðina. Hún sagði, að farþegar hefðu verið í bifreiðinni, en mundi ekki um tímann, hvorki dagsetningu, né klukku, en taldi þó nær öruggt, að þetta hefði verið seinnihluta dags. Hún sagðist ekki hafa veitt skrásetningar-númeri bifreiðarinnar neina athyglum, hvorki þarna, né er hún sá bifreiðina í Keflavík.

Jóhannes Helgi sagði okkur, að er hann hefði verið kominn inn í Hafnarbúðina og búinn að panta kartöflurnar, hefði komið upp að hlið hans, við afgreiðsluborðið, maður og sagðist Jóhannes Helgi, hafa horft í andlit mannsins. Hann sagðist þó ekki núna, geta greint neitt frá útliti hans. Jóhannes Helgi sagðist muna örugglega, að maðurinn hefði beðið um afnot af síma og síðan gengið að símanum og hringt. Hann sagðist hafa séð hann hringja og sagðist ekki muna eftir, að hann liti í símaskrá og taldi að símtalið hefði verið stutt.

Hann sagði, að maðurinn hefði borgað fyrir símann og síðan farið út. Jóhannes Helgi, sagðist síðan hafa verið að horfa á sjónvarpið er leirmyndin birtist í fyrsta skipti og þá hafa sagt við móður sína, að honum fyndist þetta vera maðurinn, sem hefði komið inn í Hafnarbúðina og staðið við hlið hans og hringt. Sigurbjörg sagði, að óneitanlega hefði henni þá fundist leirmyndin nokkuð lík, en þó ekki það lík, að hún gæti fullyrt neitt út frá því.

Jóhannes Helgi, sagðist muna eftir ~~því~~, að mikil hefði verið að gera í afgreiðslunni í Hafnarbúðinni, en hann beið par.

Ivar Hannesson
Lögreglum.



Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 19. okt. 1976.

Hér verða tekin saman atriðu úr skýrslum Erlu Bolladóttur, varðandi vitneskju hennar um hvarf Geirfinns Einarssonar og ferð hennar til Keflavíkur þann 19. nóv. 1974.

I skýrslu dags. 23. jan. 1976 kemur eftirfarandi fram:

1. Erla segist hafa verið við Klúbbinn, ásamt Sævari. (bls. 5)
2. Klukkan hafi ekki verið orðin 23:30, þar sem ekki hefði verið búið að loka húsinu. (bls. 5)
3. Fóru í leigubifreið við Klúbbinn. (bls. 5)
4. Ekið áleiðis til Hafnafjarðar, í gegnum hann til Keflav. (bls. 5)
5. Heyrir samræður ökum. og Sævars. (bls. 5)
6. Sævar heldur fast í hendina á henni. (bls. 5)
7. Heyrir ökum. og Sævar tala um mann með stæla og hann taki ekki sönsum. (bls. 6.) Maðurinn verið að hverfa.
8. Man eftir hraðamæli bifreiðarinnar og lýsir honum. (bls. 6)
9. Segir sætin í bifr. hafa verið mjúk og þægileg. (bls. 6)
10. Bifreiðin stöðvuð niður við flæðarmál.
11. Lysir umhverfinu, bryggju og klettum. (bls. 6)
12. Leiðin að bryggjunni lá niður á móti. (bls. 6.)
13. Ökum. fór fyrstur úr bifr. og þekkti hún hann sem Magnús Leopoldsson. (bls. 6.)
14. Ökum. sagði Sævar að gæta míð, sem hann jánskaði. (bls. 6)
15. Á staðnum voru fleirri bifreiðar og fleiri menn. (bls. 6)
16. Man eftir rauðri fólksbifreið. (bls. 6)
17. Man eftir stórrri sendibifreið, sem stóð á bryggjunni. (bls. 7)
18. Lysir því hvernig sendibifreið stóð. (bls. 7)
19. Bátur við bryggjuna. (bls. 7)
20. Nokkuð stóð "trillubátur" með stýrishúsi. (bls. 7)
21. Sá alls 7 menn í fjörunni. (bls. 7)
22. Lysir því hverning mennirnir stóður, séð frá bifreiðinni. (bls. 7)
23. Bryggjan svoltið á vinstri hönd, séð frá bifr. (bls. 7)
24. Leið illa, eftir þær samræður sem hún heyrði í bifr. (bls. 7)
25. Segir að Magnús og Sævar hafi rætti við mannin, sem hafi verið með "stæla".

25. Fer út úr bifreiðinni. (bls. 7)
 26. Fyrst var leiðin upp í móti, síðan jafnsléttu. (bls. 8)
 27. Fór í eitthvert hús, sem var opið. (bls. 8)
 28. Þar inni var timburdrasl. (bls. 8.)
 29. Faldi mig út í horni. (bls. 8.)
 30. Hús í byggingu eða geymsluhúsnæði. (bls. 8)
 31. Get ekki gert mér grein fyrir hve lengi ég var þar. (bls.8)
 32. Leið illa og kastaði upp. (bls.8)
 33. Fór þegar umferð byrjaði. (bls.8)
 34. Stöðvaði bifreið. (bls. 8)
 35. Moskvitch fóksbifreið, ökum. fullorðin. (bls. 8)
 36. Fannst ökum. vera Vestmannaeyingur. (bls. 8)
 37. Sagði honum að ég starfaði í frjástihúsi í Grindavík.(bls.8)
 38. Fór úr bifr. við Grindavíkurveg. (bls. 8)
 39. Fór þar í stóra vöruflutningabifr. (bls. 8)
 40. Fór með henni til Hafnafjarðar. (bls. 8)
 41. Þaðan með almenningsvagni til Reykjavíkur. (bls. 8)
 42. Fór á Hjallaveg. (bls. 8)
 43. Sævar kom seinni part dagsins eða um kvöldið. (bls. 8)
 44. Hann talaði um að ég hefði ekki verið heima. (bls. 8)
 45. Talaði um að ég hefði ekki verið heima þegar hann kom heim.
(bls. 8)
 46. Næsta dag eða þarnæsta dag var auglýst eftir Geirfinni. (bls 8)
 47. Komst þá að því að Geirfinnur var maðurinn, sem átti að láta hverfa. (bls. 8)
 48. Þekkti ekki myndina í fölmiðlum. (bls. 9)
 49. Töluðum ekki um þett beinlínis. (bls. 9)
 50. Sævar talaði um að svona færi fyrir mönum, sem væru með "stæla". (bls. 9)
 51. Hálfbum mánuði seinna fór ég Kaupmannahafnar. (bls. 9)
 52. Var hreinlega orðin hrædd. (bls. 9)
 53. Hafði á tilfinningunni að einhver vildi riðja mér úr vegi.
(bls. 9)
 54. Mér hafði kki verið hótað. (bls. 9)
 55. Sævar kom ca. 10 dögum seinna til Kaupmannah. (bls. 9)
- Skýrsla dagsett 3. febr. 1976.
1. Hitti Sævar við Klúbbinn. (bls. 28)
 2. Magnús sat undir stýri. (bls. 28)
 3. Við Sævar sáum aftur í bifr. (bls. 28)

4. Sævar sat við hurðina hægra megin. (bls. 28)
5. Bifr. stöðvaði á Vatnsstíg. (bls. 28)
6. Kristján Viðar kom í bifreiðina. (bls. 28)
7. Kristján sat við vinstrihurðina aftur í. (bls.28)
8. Ekið meðfram sjónum. (bls. 28)
9. Ekið um Framnesveg. (bls. 28)
10. Hef endurþekkt staðinn í Keflavík. (bls. 29)
11. Bátur við Bryggjuna. (bls. 29)
12. Man ekki eftir sjóferð. (bls. 29)
13. Sævar var í svörtum leðurjakka. (bls. 29)
14. Magnús var jakka úr leðurlíki, með laust belti. (bls. 29)
15. Allir með hanska.
16. Telur upp mennina sem voru á staðnum.
17. Pekkir Geirfinn á mynd. (bls. 29)
18. Geirfinnur var "sveitalega" klæddur. (bls. 29)
19. Held að Ásgeir Hannes hafi komið í bifr. á Framnesvegi. (bls 8)
20. Viði að hann bjó hjá Valdimar. (bls. 29.)

Skýrsla dagsett 10. febr. 1976.

1. Pekkir 9 menn á myndum. (bls. 32)
2. Veit ekki hverjir fóru í bátinn. (bls. 32)
3. Pekkir Jón Ragnarsson. (bls. 32)

Skýrsla dagsett 4. maí 1976.

1. Fór í bifr. til Keflavíkur. (bls. 196)
2. Síðari hluta nóvember 1974. (bls. 196)
3. Var við Klúbbim ásamt Sævari. (bls. 196)
4. Mælt okkur mótt þar. (bls. 196)'
5. Agreiningur á milli okkar. (bls. 196)
6. Var undir áhrifum áfengis. (bls. 196)
7. Fórum í bifr. (bls. 196)
8. Fannst það vera leigubifreið. (bls. 196)
9. Ekið á Vatnsstíg. (bls. 196)
10. Var í blárri kápu með belti, síðbuxum og svartri þykkri peysu. (bls. 196)
11. Kristján Viðar kom í Bifreiðina. (bls. 196)
12. Kristján sat við hliðina á mér. (bls. 197)
13. Ókum um Hringbraut. (bls. 197)
14. Ókumaður var Magnús Léópoldsson. (bls. 197)
15. Akbrautin gljáði eins og af bleytu eða hálkur. (bls. 197)

16. Lýsir akstursleið til Hafnarfjarðar og þaðan til Keflavíkur. (bls. 197)
17. Heyrði samtal Magnúsar og Sævars. (bls. 197)
18. Maður með "stæla" og væri til vandræða, yrði að láta hann hverfa. (bls. 197)
19. Hagsmunir Magnúsar í veði. (bls. 197)
20. Ekki neinu tauti við mannninn komandi, búið að reyna það. (bls. 197)
21. Bifr. stöðvuð við flæðarmál. (bls. 197)
22. Magnús og Kristján út úr bifr. síðan Sævar. (bls. 197)
23. Fór sjálf úr bifr. (bls. 198)
24. Lýsir staðsetningu mann á staðnum. (bls. 198)
25. Magnús og Sævar töluðu við mann. (bls. 198)
26. Maðurinn "sveitalegur", átti ekki heima í þessum félags-skap. (bls. 198)
27. Þeir virtust ekki sammála. (bls. 198)
28. Sævar fór að tala við mig. (bls. 198)
29. Hann rétti mér eitthvert áhald. (bls. 198)
30. Sem ég átti að nota á manninn. (bls. 198)
31. Man ekki hvernig það leit út. (bls. 198)
32. Maðurinn í slæmu ástandi. (bls. 198)
33. Staðoð ekki uppréttur, virtist máttlaus. (bls. 198)
34. Tel að áhaldið hafi verið riffill. (bls. 198)
35. Riffilinn settur í hendurnar á mér. (bls. 198)
36. Miðaði rifflinum.
37. Hann tók kipp í höndunum á mér. (bls. 198)
38. Sævar varði mig falli. (bls. 198)
39. Sá greinilega svip mannsins, mikil skelfing í augnaráði. (bls. 198)
40. Sævar tók riffilin. (bls. 198)
41. Læddist í burtu. (bls. 198)
42. Faldi mig í mannlausu húsi. (bls. 198)
43. Getur verið að ég hafi hleypt af oftar en einu sinni. (bls. 199)
44. Var í húsinu til morguns. (bls. 199)
45. Stöðvaði bifreið. (bls. 199)
46. Fór með henni að Grindavíkurvegi. (bls. 199)
47. Fór þaðan með vöruflutningabifr. til Hafnarfjarðar. (bls. 199)
48. Pípa í öskubakkanum og bifr. óþrifaleg. (bls. 199)
49. Með almenningsvagni frá Hafnarfirði til Rvík. (bls. 199)
50. Sævar kom seinnipart dagsins. (bls. 199)

51. Hann var reiður yfir því hvar ég hefði verið um nöttina.
(bls. 199)
52. Hef ekki fundið kápuna síðan. (bls. 199)
53. Skömmu seinna til Kaupmannahafnar. (bls. 199)
54. Sævar vildi ekki tala um hvarf Geirfinns. (bls. 199)
55. Skammaðist míð fyrir eitthvað, varðandi þetta. (bls. 199)
56. Þekkir Geirfinn á mynd. (bls. 199)
57. Heyrði Sævar tala í síman að Grýtubakka. (bls. 199)
58. Flytja byrfti líkið, því mikið væri leitað. (bls. 200)

Skýrsla dagsett 28. maí 1976.

1. Þar skýrir Erla frá samskiptum Sævars og Guðjóns Skarphéðinssor
(bls. 240-245.)

Skýrsla dagsett 19. ágúst 1976.

1. Bandir á mynd, sem líka sendibifreiðinni. (bls. 518)

Skýrsla dagsett 1. sept. 1976.

1. Kom hvergi nærri dauða Geirfinns. (bls. 545)
2. Fórum frá Grýtubakka. (bls. 545)
3. Leigubifreið að Klúbbnum. (bls. 545)
4. Leigubifr. að Snorrabraut. (bls. 545)
5. Gengum upp húsasund að Beppbórugötu 27. (bls. 545)
6. Sævar inn í húsið. (bls. 545)
7. Fórum í bifr. með Bjarna. (bls. 545)
8. Sævar fór til Guðjóns Skarphéðinss. (bls. 545)
9. Bifr. stöðvuð á Vatnsstíg. (bls. 546)
10. Sævar fór út stutta stund. (bls. 546)
11. Kristján kom í bifr. (bls. 546)
12. Sævar í hægra framsætinu. (bls. 546)
13. Ekið til Keflavíkur. (bls. 546)
14. Sævar og Bjarni tala saman.
15. Maður með "stæla" búið að reyna tala um fyrir honum. (bls. 546)
16. Stoppað við bensínsölu á Reykjavíkurvegi. (bls. 546)
17. Sá Guðjón á Vatnsstíg. (bls. 546)
18. Komið í Dráttarbrautin. (bls. 546)
19. Rauð fólksbifr. og stóð sendibifreið.
20. Nefnir þá sem voru þar staddir. (bls. 546)
21. Menn ekki sammála. (bls. 547)
22. Einhverjar stimpingar. (bls. 547)
23. Átök. (bls. 547)
24. Sævar lemur með spítu. (bls. 547.)

25. Geirfinnur hljóðaði talsvert. (bls. 547)
26. Sævar segir mér að fara. (bls. 547)
27. Faldi mig í einhverju húsi. (bls. 547)
28. Lýsir ferð til Rvíkur., á sama hátt og áður.(bls. 547)
29. Bátur við bryggjuna. (bls. 547)
30. Snýr frá landi. (bls. 547)
31. "trilla" með stýrihúsi. (bls.548)

Miðvikudaginn 20. 10. 1976 kl. 14:30 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Bjarni Þór Þorvaldsson, sjúklingur, til heimilis að Bergþórugötu 27, Reykjavík, fæddur 19. 9. 1953 í Reykjavík, n.nr. 1240-3151, s: 23032.

Tilefni yfirheyrlunnar er að spyrja mætta um samskipti hans við Sævar M. Cisielski í nóv. 1974. Aminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá: "Eg hef nú undanfarnar vikur verið sjúklingur á Kleppsspítalanum og er ég þar í lyfjameðferð. Mér finnst ég eiga mjög erfitt með að muna það sem gerðist á þeim tíma sem um ræðir. Eg tel að þar kunni að vera um einhvern sljóleika að ræða vegna lyfjanna. Eg vil rifja upp allt sem máli skiptir.

A þessu tímabili, það er haustið 1974 starfaði ég hjá Landsíma Íslands, sem línumaður. Eg hef lagt fram vinnubækur mér frá þessum tíma, en þar kemur fram, að ég starfaði á Vestfjörðum, en kom til Reykjavíkur 9. 11. 1974. Eg hafði unnið af mér mánudaginn 11. 11. 1974 og þriðjudaginn næstan á eftir einnig. Næstu þrjá daga var ég að vinna í Bækistöð L.I, að Jörva. Laugardaginn 16. 11. 1974 var ég kallaður út vegna bilunar og vann frá kl. 17:00 til kl. 01:00 um nóttina. Samkvæmt vinnubókunum var ég svo ekki í vinnunni fyrr en þriðjudaginn 26. 11. 1974. Eg man ekki betur en ég hafi á þessum tíma skrópað í vinnunni og var ekki um veikindi að ræða.

Eg man ekki eftir að hafa átt samskipti við Kristján Viðar Viðarsson eða Sævar M. Ciselski á þessum tíma. Aðspurður hvort ég hafi ekið þeim til Keflavíkur þá man ég ekki eftir að hafa gert það fyrr né síðar.

Mig rámar í að hafa ekið Sævari, Erlu og einum í viðbót á Land Rovar bifreið Sævars inn á Kirkjuteig, en Sævar var að hitta þar son Osvalds Knudsen. Eg man ekki eftir að hafa ekið þessari bifreið í annan tíma, nema hvað ég ók bifreiðinni er Sævar var að kaupa hana. Þegar Sævar fór utan þá geymdi Þorsteinn bróðir minn bifreiðina fyrir hann á meðan. Eg get ekki munað fyrir víst hvaða dag ég ók inn á Kirkjuteig, en held að það hafi verið fljóttlega eftir að ég kom til Reykjavíkur, svo sem að framan greinir.

Eg man að ég ók Sævari nokkrum sinnum á bifreið bróður míns sem var M-Benz dökkrauð að lit. Man ég að ekið var á Vestur-

götu og Bræðraborgarstíg, að ég held í hasskaupaleiðangur. Ekki man ég á hvaða tíma þetta var. Einu sinni held ég að Sævar hafi setið í Ford-bifreið sem faðir minn átti, en þá var ég ekki að aka honum, heldur fékk hann aðeins að sitja í.

Ég man eftir því að er Sævar var staddur heima hjá mér eitt sinn þá talaði hann um Geirfinnsmálið, þannig að svo virtist sem hann byggi yfir eihhverri vitneskju. Ekki sagði hann frá þeirri vitneskju mánar.

Ég man ekki eftir, að heima hjá mér hafi ~~wemið~~ nokkur flík af Erlu Bolladóttur, né heldur man ég eftir að flík af henni hafi komist í mínar hendur.

Ég tel mig nú vera búinn að segja frá öllu sem ég man frá umræddum tíma, en sem áður sagði þá er ég minnissljór núna og kann að vera að eitthvað rifjist upp fyrir mér síðar." Yfirheyrsu lauk kl. 15:25.

Upplesið staðfest,

Bjarni Þór Þorvaldsson
Bjarni Þór Þorvaldsson


Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Við yfirheyrsu var Bjarni Þór samvinnulipur. Hann var rólegur og dauflegur, en svaraði skýrt því er hann kvaðst muna. Hann var greinilega óstirkur á taugum.


Eftir yfirheyrluna talaði ég við Gísla Þorsteinsson, geðlækni á Kleppi, en hann hefur þar með Bjarna Þór að gera. Gísli sagði, að lyf þau, er Bjarni Þór tæki þar að læknisráði verkuðu ekki þannig, að þau sljógvuðu minni hans, ef eitthvað væri þá ættu þau fremur að skerpa minnið ~~xxxxxx~~ en hitt.


Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Miðvikudaginn 20.10.1976, kl. 17,00 var haft samband frá fangelsinu í Síðumúla og þess óskarð að Haraldur Árnason, lögreglumaður kæmi og talaði við Kristján Viðar Viðarsen gæslufanga, en Kristján óskarði eftir þessu viðtali. Þar sem Haraldur Árnason var ekki viðstaddir, hafði ég undirritaður símsamband við fangavörð og bað hann um að kenna það hjá Kristjáni hvort hann vildi tala við undirritaðan og skýra honum jafnframt frá því að Haraldur væri ekki viðstaddir og ekki vitað hvarinn hann væri. Skömmu síðar bárust mér þau skilaboð frá Kristjáni að hann vildi tala við mig, þar sem Haraldur væri ekki viðstaddir. Fór ég undirritaður í fangelsið í Síðumúla og inn á klefa til þess að ræða við Kristján. Eftir stuttar umræður fór Kristján að tala um mál Geirfinns Einarssonar og skýra frá ýmsu sem það varðar. Hafði ég undirritaður þá símsamband að Borgartúni 7 og létt bera Karli Schutz skilaboð þar að lútandi. Óskarði hann þess að Kristján yrði fluttur að Borgartúni 7, til viðmæðu við sig. Var það gert. Ræddi Karl Schutz í nokkra stund við Kristján og var undirritaður viðstaddir ásamt Pétri Eggertz, sem tulkarði samræður þeirra. Eftir þær viðræður fór ég undirritaður ásamt Karli Schutz, Pétri Eggertz og Kristjáni Viðari Viðarsyni til Keflavíkur og að Dráttarbrautinni og þar lýsti Kristján því sem hann hafði sagt ekkur frá. Eftir veru ekkar þar var farið aftur til Reykjavíkur og Kristján fluttur í fangelsið við Síðumúla.

Í dag fór ég undirritaður ásamt Haraldi Árnasyni lögreglumanni og tókum við af honum lögregluskyrslu varðandi þau atriði, sem komu fram í yfirheyrlunni þann 20.10., en þessi skyrsla er dagsett þann 21.10.1976. Varðandi framburð Kristjáns vísast til þeirrar skyrslu.

Er við vorum í Dráttarbraut Keflavíkur var kl. 21,00 til 21,30 þann 20.10. Var þá nekkuð lágsjávað og við athugun kom í ljós að það var háfjara þetta kvöld um kl. 22,25 og hefur því verið að falla út er við vorum þarna. Þess skal getið ^{þar} ~~þar~~ framburður Kristjáns að hann skýrði frá þessu að fúsum vilja.


Vræðingarfyllist,
Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

Miðvikudaginn 20. oktober 1976 kl. 17:30 fór ég ásamt Ivari Hannessyni, rannsóknarlöggreglumanni, í Hólabraut 10, Keflavík og ræddi þar við Sigurð Jóhann Geirfinnsson, f. 13.08.'64, s. 3157.

Lagði ég fyrir Sigurð spurningar frá Schucz, rannsóknarlöggreglumanni.

EKKI mundi Sigurður eftir nema einu símtali sem Geirfinnur átti petta kvöld.

Spurningum varðandi símtal kl. 22:15 svaraði Sigurður:

- 1) Sigurður sagðist hafa lagt símtólið frá sér, á borð, eftir að hann hafi kallað: „Pabbi, pabbi” og síðan gengið frá símanum.
- 2) og 3) Sigurður sagðist ekki hafa heyrt neitt af því sem Geirfinnur hafi sagt í símann.
- 4) Sigurður sagðist ekki muna eftir neinum Magga nema leikfélaga sem hann ætti í skólanum.

Sigurður sagðist ekki muna klukkan hvað hann hafi komið heim eftir að foreldrar hans hafi komið úr vinnu. Hann sagði að pegas hann hafi komið heim, hafi pabbi hans verið að borða kvöldmatinn, hann sagðist ekki muna hvað mamma hans hafi verið að gera og taldi hann að systir hans litla hafi verið að borða með pabba sínum.

EKKI sagðist Sigurður muna neitt af því sem hafi farið fram á milli pabba hans og mömmu, petta kvöld, eða um hvað þau hafi talað.

Sigurður sagðist hafa farið út að leika sér eftir að hann hafi borðað kvöldmat og hafi þá pabbi hans annað hvort verið að horfa á fréttirnar í sjónvarpinu eða lagt sig, inni í svefnherbergi foreldra sinna.

Sigurður sagðist ekki muna eftir því að mamma hans hafi farið til Sjafnar eða að hann hafi farið með henni þangað.

Sigurður sagðist muna eftir því að faðir hans hafi farið tvívar út. Í fyrra skiptið hafi hann komið inn til að pissa og hafi hann þá mætt föður sínum í útidyraganginum. Taldi Sigurður að mamma hans hafi þá verið heima.


Sigurður sagðist hafa komið inn milli kl. 21:00 - 22:00 og ekki farið út aftur eftir það. Sagðist hann hafa spurt pabba sinn að því, pegas hann hafi verið að fara út

í seinna skiptið, hvert hann væri að fara en hann hafi ekki viljað svara honum. Sigurður sagðist þá hafa spurt pabba sinn að því hvort hann mætti koma með en hann hafi sagt nei.

Sigurður bætti því við að það gæti vel verið að hann hafi heyrт þegar pabbi hans talaði í símann, eftir kl. 22:15 en hann myndi ekki eftir því.

Bað ég Sigurð um að lýsa rödd mannsins er hann hafi svarað í símann kl. 22:15. Sigurður sagðist ekki geta það. Spurði ég hann að því hvort maðurinn hafi verið ungur eða gamall og svaraði hann ákveðið ungur. Spurði ég hann að því hvort maðurinn hafi verið dimmraddaður eða skrækur. Sigurður sagðist ekki muna það en það hafi verið annað hvort og hafi hann verið búinn að segja það rannsóknarlöggreglumanni áður.

Dóra Hlin Ingólfssdóttir
Rannsóknarlöggreglumaður



Miðvikudaginn 20. lo. 1976 kl. 18:30 mætir á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Helga Agústa Vigfúsdóttir, húsmóðir, til heimilis að Bergþórugötu 27, Reykjavík, n.nr. 3943-8801, fædd 18. 9. 1933 í Reykjavík, s: 23032.

Henni er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, en það er varðandi kápu af Erlu Bolladóttur. Aminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: "Pegar ég var spurð nú í dag, þá rifjaðist upp fyrir mér, að ég tók eftir að kápa var í herbergi sona minna, er ég kannáðist ekki við. Kápa þessi var dökkblá að lit, fremur stutt, með belti að mig minnir og utan á liggjandi vösum að ég held. Hún var úr poplyn-efni eða einhverju því líku.

Ég sá kápuna fyrst saman við fót af sonum mínum og spurði ég hver ætti hana og fékk það svar að Sævar M. Ciesilski eigi hana. Spurði ég þá hvort ekki mætti fleygja kápunni en fékk það svar að Sævar myndi örugglega sækja hana.

Ég get ekki með nokkru móti munað hvenær ég varð fyrst vör við kápuna, en tel að þá hafi hún verið búin að vera heima nokkurn tíma. Pégar ég reyni að tímasetja þetta nánar þá virðist mér líklegt að ég hafi orðið vör við kápuna í nóv. eða des. 1974.

Ég man ekki hvort ég spurði son minn Bjarna Þór eða Þorstein um það hver ætti kápuna. Þeir báðir þekktu Sævar og vissi ég að Sævar var erlendis frá því síðast a árinu 1974 og frám á veturninn, og held ég að kápan hafi verið heima allan þann tíma. Ég man svo eftir því að Sævar var staddir heima talsvert löngu eftir að ég sá kápuna fyrst og þá spurði annar sona minna um það hvar kápan væri. Sótti ég hana þá og minnir mig að ég hafi fengið Bjarna Þór kápuna, en Sævar var í þeim erindum að sækja hana.


Bjarni Þór var heima um tíma í nóv. 1974. Aður hafði hann verið að vinna á Vestfjörðum. Eftir pennan tíma var hann að vinna á Eyrarbakka og Stokkseyri og þar um kring, en nokkru fyrir jölin þetta ár rakaði hann allt hár af höfðinu og eftir það fór hann að loka sig inni. Hann hætti alveg að umgangast félaga sína og talaði lítið sem ekkert við okkur í fjölskyldunni. Eftir áramótin jafnaði hann sig aftur og fór að vinna, en fljóttlega eftir s.l. áramót fór hann aftur að loka sig inni og hefur hann ekkert unnið síðan.

Eg veit enga skýringu á þunglyndisköstunum hjá Bjarna
Þór, og hefur hann ekki talað um nein vangaál sín heimafyrir.



Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,



Agústa Vigfúsdóttir
Agústa Vigfúsdóttir

Miðvikudaginn 20. 10. 1976 um kl. 19:30 talaði ég undirritaður við Þorstein Sigurðsson, f. 19. 10. 1955, til heimilis að Laugavegi 67, Rvík., n.nr. 9755-6202. Hann er bróðir Bjarna Þórs og bjuggu þeir bræður saman í Herbergi hjá foreldrum sínum að Bergþórugötu 27 í nóv. 1974.

Þorsteinn neitaði algerlega að hafa nokkuð orðið var við bláa kápu sem Erla Bollagóttir eða Sævar Cisielski hefðu átt í herbergi eða á heimili þeirra bræðra. Hann kvaðst hins vegar muna eftir að hafa séð Erlu í blárri þunnri kápu. Þá kvaðst hann viss um að móðir sín hafi ekki talað við sig um þessa kápu, en verið gæti að hún hafði komið í herbergi þeirra bræðra, þótt hann hefði ekki tekið eftir því. Sagði hann að móðir sín hlyti að hafa talað um kápuna við Bjarna Þór, þar sem hann kvaðst viss að hún hefði ekki spurt sig.

Guðrún Sæmundsson

Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Miðvikudaginn 20. 10. 1976 áður en ég hóf að taka skýrslu af Bjarna Þór Þorvaldssyni, en hafði gert honum ljóst tilefni yfirheyrsunnar og þar á meðal hvort föt af Erlu Bolladóttur, t.d. kápa hefðu komið inn á hans heimili. Þá óskaði Bjarni Þór eftir að fá að fara heim til sín og ná þar í vinnumbædur frá umræddum tíma, þar sem hann gæti nokkuð tímasett dvalarstaði sína eftir þeim.

Ég undirritaður, ásamt Rúnari Sigurðssyni, lögreglumannni, og Bjarna Þór fórum heim til hans. Bjarni gekk strax að vinnubókum sínum, þar sem þær voru geymdar í skólatösku, en þó vantaði eina. Eftir talsverða leit fannst hún í kommóðuskúffu, en sú bók var yfir tímabilið 13. 11. 1974 til 16. 1. 1975. Ástaðan fyrir því að pessi bók var ekki með húnun var sú að sögn Bjarna Þórs, að hann hefði skoðað hana til að reyna að sjá hvar hann hefði verið að vinna, er Geirfinnur Einarsson hvarf, eftir að rannsóknarlöggreglan hafði verið fyrr á pessu ári að spyrja hann um samband hans við Sævar Ciesilski. Eftir þá skoðum hefði hann látið hana á annan stað en hinár bækurnar.

Stjúpfaðir Bjarna var heima er við komum. Ég spurði hann hvort hann myndi eftir að pangað hefðu komið föt af Erlu Bolladóttur, en hann mundi ekki eftir því. Hann kvaðst hins vegar skyldu hringja í konu sína (móður Bjarna Þórs) og spyrja um þetta, sem hann og gerði. Kom þá í ljós að hún mundi eftir blárrí kápu, sem henni var sagt að Sævar Cisielski ætti. Var ákveðið að taka skýrslu af konunni, Helgu Ágústu Vigfúsdóttur, um þetta efni.


Grétar Sæmundsson
lögreglum.

20.10.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt Dóru Hlín Ingólfssdóttur rannsóknarl.m.

Erindi okkar var að ræða við Guðnyju Sigurðardóttur f.19.12.1948,nafnnr.3174-7279,tilh.Hólabraut 10,Keflavík sími 92-3157 og son hennar Sigurð Geirfinnsson,12 ára.

Guðny var fyrst spurð um símahringinguna 19.nóv.1974 um kl. 22,20 og hvað hún hefði heyrt af því samtali og hvort hún hefði heyrt talað um nokkur nöfn.

Guðny sagðist hafa legið inni í rúmi,að hana minnti og lesið í bók. Hún sagðist hafa heyrt símann hringja og er Sigurður sonur þeirra hefði svarað og síðan kallað í Geirfinn, "pabbi það er síminn!" Hún sagðist hafa heyrt Geirfinn segja eitthvað á þá leið,að hann væri búinn að koma og eftir smá þögn,hefði hann sagt"ég kem".

Guðny sagðist hafa spurt hvert hann væri að fara og hefði hann svarað því eitthvað á þá leið,að hann ætlaði aðeins að skreppa út.

Guðny sagðist minnast þess,að Sigurður hefði beðið um að fá að fara með,en því hefði faðir hans neitað.

Guðny sagðist aðspurð ekki hafa heyrt hann tala um nokkurt nafn og aðspurð,sagðist hún ekki vita til þess,að hann hefði bekkt mann,sem gengi undir nafninu"Maggi" og ekki minnast þess,að hafa heyrt hann tala um"Magga".

Guðny sagðist muna eftir manni,sem væri vörubílstjóri og væri kallaður Viðar og hefði sá stundum unnið með Geirfinni.

Hún taldi,að þessi Viðar ætti bróður,sem væri leigu-bílstjóri í Keflavík og væri sá,að hana minnti,kallaður"Maggi" en ekki sagðist hún hafa vitað til þess,að Geirfinnur hefði bekkt pennan "Magga".

Þessu næst spurðum við Guðnyju um símtalið,sem hún hefur sagt frá,að skeð hafi um kl.19,40,þann 19.nóv.1974.

Guðny sagðist muna það örugglega rétt,að hún hefði verið búin að taka mataráhöldin af borðstofuborðinu er síminn hringdi. Hún sagði,að Geirfinnur hefði þá setið við borðið, en staðið upp og farið í símann,sem var frammi á ganginum,rétt við dyrnar,sem borðstofuborðið var við.

Guðny sagði,að hana minnti örugglega,að símtalið hefði verið stutt og ekki sagðist hún neitt hafa heyrt,hvað Geirfinnur talaði í símann.

Hann hefði síðan farið bein frá salerni og þvegið sér og þaðan hefði hann síðan kallað fram til hennar, eitthvað á þá leið, "Því varstu að æpa, eins og verið sé að drepa þig" en hún sagðist hafa sagt honum, að hún hefði ekki sagt orð.

Guðny sagðist þá hafa verið að láta vatn renna á diskana í vaskinum, eða verið byrjuð að þvo diskana.

Hún sagði einnig, að þau hefðu farið út og aðgætt, hvort einhver læti væru úti, en svo hefði ekki verið.

Guðny sagðist ekki muna eftir, að neitt óvenjulegt væri í fari Geirfinns eftir þetta símtal og nún sagðist minnast þess, að er hann var búinn að þvo sér og þegar þau voru búin að líta út, þá hefði hann haft fataskipti og síðan farið inn í stofuna, eða í svefnherbergið og litið í blöð, eða bók. Hún sagðist þó ekki bora að fullyrða hvort hann var áður búinn að hafa fataskipti. Guðny sagðist minnast þess, að hún hefði spurt Geirfinn, er hún fór í bókasafnið, hvort hann kæmi ekki með, en því hefði hann neitað.

Hún sagðist ekki muna eftir því, hvort Sigurður sonur þeirra var inni, er símtalið átti sér stað, eða þegar Geirfinnur hefði kallað af salerninu og taldi, að hún hefði munað eftir Sigurði, hefði hann verið inni, enda hefði hann verið sí spyrjandi, ef einhver hringdi. Hún sagðist telja líkur á, að Sigurður hefði verið að leik úti, enda hefði hann mátt vera við húsið en alls ekki fara neitt frá og ekki sagðist hún heldur muna hvort hann fór með henni í bókasafnið og til Sjafnar.

Ivar Hannesson
löggreglum.

Rannsóknarstefnd Reykjavíkur.

R. 21. okt. 1976.


Kl. 11:00 ræddi undirritaðir, ásamt Ívari Hannessyni, við Erlu Bolladóttur, núverandi gæslufanga í fangelsinu við Skólavörðustíg.

Báðum við Erlu að gefa okkur greinagöða lýsingu á kápu þeirri, sem hún sagði að væri heima hjá Bjarna Þór á Bergþórugötu.

Erla sagði kápuna hafa verið úr Terlfíne, eða einhverju álíka efni, blá að lit með tveimur skávösum og hefði verið stungin saumur í kringum vasa opin, en vasarnir að öðruleiti innan á kápunni. Kápan hafi verið gerð fyrir belti, en það hefði ekki verið á henni og einnig hefði verið hægt að setja hettu á hana og kvaðst Erla ekki muna hvort hún hefði verið á henni. Ennfremur sagði Erla að kápan hefði verið tvíhnept og hnapparnir yfirdekkir með sama efni og var í kápunni. Kápu þessa sagði Erla að Margret Waddel hefði gefið sér árið 1973 og hefði þess konar kápur verið kallaðar flugfreyjukápur. Hefði kápan náð henni niður á hné.

Varðandi það hvernig hún vissi að kápan væri hjá Bjarna Þór, sagði Erla að Sævar hefði sagt sér það.

Samræðunum hauk kl. 11:15.


Sigurbj. V. Eggertsson.
Lægreklum.

Rvík. 21.10.1976, kl. 11,30 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82 Rvík. f. 21.4.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

"Eg vil nú skýra frá því hvað gerðist í Dráttarbraut Keflavíkur þann 19.11.1974, en ég hef áður gert grein fyrir aðdragandanum og ferð minni til Keflavíkur þetta kvöld, svo og er ég hrindi í Hafnarbúðinni. Þegar ég kom í Dráttarbrautina fór ég út úr bifreiðinni ásamt Sævari M. Cisielski, Geirfinni Einarssyni og bifreiðarstjóranum, en Erla sat eftir í bifreiðinni. Við gengum allir í áttina að bryggjunni og þá kom til míni maður sem mér finnst vera svo "útlendingslegur" og spurði hann hvort eihver okkar hefði verið til sjóss. Ég sagði að ég hefði verið á "tappatogara", en hinir svoruðu engu. Þá sagði hann mér að fylgja sér og gengum við út á bryggjuna. Þá kom á móti okkurlágvaxinn, þybbinn maður á aldrinum 40-50ára, klæddur að mig minnir í gulri sjóblússu, mittissíðri, en fleira get ég ekki munað varðandi klæðnað hans. "Útlendingslegi maðurinn sagði við þann þybbna," hér kem ég með einn. Hinn svaraði, "það vantaði engan, það er frekar ofaukið og báturinn er meira að segja lagður af stað". Um leið ~~í~~ og maðurinn sagði þetta benti hann nirður að sjónum og sá ég þá bát, vera að leggja af stað frá bryggjunni, en bátinum hef ég áður lýst. Þá sagði "útlendingslegi" maðurinn mér að fylgja sér og gekk með mig að tveimur bátum, er stóðu samsíða í þurrkví í Dráttarbrautinni, en þeir stóðu hægra megin við bryggjuna, þegar horft er til sjávar. Fór hann með mig milli þessara báta og sagði mér að bíða þar. Var ég þar í u.p.b. 1-11/2 klst. en á þeim tíma ætlaði ég tvísvar að færa mig, en þá kom maðurinn og sagði mér að vera kyrrum. Ég vissi ekki hvaða tilgangi þessi dvöl þarna þjónaði og var orðin leiður á biðinni. Þá kom maðurinn til míni og sagði mér að fara að bifreiðinni, sem ég gerði. Þá var enginn við bifreiðina og gekk ég, án sérstaks tilgangs til vinstri frá bifreiðinni og upp á hamrar, sem er vinstra megin við Dráttarbrautina, þegar horft er til sjávar. Þegar ég var staddur upp á hamrinum kom Geirfinnur til míni. Ég man að hann var dökkklæddur og finnst mér hann hafa verið í úlpu og er ég viss að hann var ekki sjíklæddur. Geirfinnur var mjög æstur og finnst mér skapofsi hans stafa af því að ég var að ganga

parna á hamrinum. Kallaði hann mig ónöfnum og gekk ógnandi að mér. Man ég að ég hörfaði undan honum og hafði ég það á tilfinningunni að ég væri kominn þá óþægilega nálægt hamarsbrúninni. Geirfinnur fylgdi mér eftir og hélt áfram að" ausa úr skálum reiði sinnar". Ég spurði hann hvort ég hefði gert honum eitthvað, en Geirfinnur svaraði því engu. Kom hann hratt að mér og get ég ekki gert mér grein fyrir því hvort hann ~~ætla~~ ætlaði að slá mig eða þrífa í mig, en ég fleygði mér undan. Var ég kominn út á ~~hamarsbrúnina~~ og átti í ~~erfi~~ ðleikum með að halda jafnvægi. Hvarf Geirfinnur þá og gerði ég mér ljóst að hann mundi hafa fallið fram af brúninni. Ég man að ég heyrði engin hljóð frá honum, né falli hans. Horfði ég fram af brúninni, en gat ekki séð neitt vegna myrkurs. Gekk ég þá til baka og fyrir hamarinn og á þann stað sem ég taldi Geirfinn hafa fallið. Er ég kom þar, voru þar fyrir tveir menn, en það voru sjóklæddir menn, en Geirfinnur lá á bakinu endilangur u.p.b. premur metrum frá hamrinum. Fannst mér hann vera blóðugur á höfði, en ekki á andliti, en hann lá þannig að ég sá framan í hann. Var mér litið upp hamarinn, þar sem Geirfinnur féll, en ég get ekki gert mér grein fyrir því hvað fallið var hátt, en það voru nokkrir metrar.. Ég sagði engum frá því að ég hefði verið upp á hamrinum með Geirfinni og hef ekki fyrr en nú. Ég man að ég spurði hvort eitthvað væri að manninum, en þeir svöruðu mér engu, en annar mannanna gat sér til að Geirfinnur mundi hæfa fallið þarna niður af hamrinum. Í þessu komu 4 eða 5 sjóklæddir, blautir ~~menn~~ menn þarna að. Mér finnst þegar ég hugsa um það að annar mannanna sem fyrstur kom að Geirfinni hafi verið sá sem kom á, óti mér og "útlendingslega" manninum á bryggjunni. Einnig kom Sævar þarna að og "útlendingslegi" maðurinn síðastur. Þessir tveir sem fyrstir komu að Geirfinni vildu að ég færi í burtu, en ég hlýddi þeim ekki. Síðar þegar þessir 4 eða 5 menn komu gerði einn þeirra sig líklegan til að ráðast á mig, en hætti við það vegna orða annars þeirra er fyrstir komu að Geirfinni. Sævar togaði í mig og gengum við saman að bifreiðinni og settumst inn í hana. Biðum við þar um stund, en þá kom bifreiðarstjórninn og var þá ekið til Reykjavíkur. Erla var þá ekki með, en ég veit ekki hvað varð af henni. Ég þekkti engan þarna í Dráttarbrautinni, nema Sævar og Erla, en manninn sem féll fram af hamrinum sá ég fyrst þegar hann kom í bifreiðina nálægt Hafnarbúðinni. Ég man að hann settist við hliðina á mér í bifreiðinni, en ekki átti ég nein orðaskipti við hann. Ég man að hann talaði eitthvað við bifreiðarstjórnann. Í aftursæti bifreiðarinnar var ég, Erla og maður þessi, en í framsæti var Sævar og bifreiðarstjórninn.

Þegar ég fór úr Dráttarbrautinni lá Geiffinnur í fjörunni, þar sem hann lenti og veit ég ekki hvað varð um hann. Ég vil geta þess að ég þók ekki þátt í neinum flutningi á áfengi. Ég var settur út er tál Reykjavíkur kom við verslun A.T.V.R. við Laugarásveg.


Skýrslutöku lauk kl.13,00

Upplesið, staðfest:




Kristján Viðar Viðarsson

Skýrsluna tók:



Rúðar Sigurðsson, lögreglum.



Harladur Árnason, lögreglum.

Fimmtudaginn 21. okt. 1976 kl. 13,15 mætti á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Eyþór Þórarinsson bifr. stjóri t.h. Akurholti 11 Mosfellssveit f: 12.júli 1945. (nr. 1913 o959)

Mætti er ættkaður frá Vífilsstöðum í Hróarstungu sem er næsti bær við Straum sem Geirfinnur Einarsson var frá.

Leitað er upplýsinga hjá mætta um kynni hans af Geirfinni.

Hann skýrir svo frá ámynnntur um sannsögli: "Eg var þremur árum yngri en geirfinnur, en hafði veruleg kynni af honum meðan við vorum að alast upp þarna, enda vorum við saman í barnaskóla.

Hann ólst upp hjá frændfólki sínu og var frekar dulur í skapi og ekki vanur að láta uppi ætlanir sínar. Hann mun hafa farið að heima um 15 ára að aldri og fór þá að vinna fyrir sér fyrst á Egilsstöðum á búinu hjá Pétí Jónssyni og einnig vann hann eitthvað við Kaupfélagið.

Hann átti til að drekka sig fullan eins og aðrir á hans aldri, en ekki man ég til að hann væri neitt athugaverður öðrum frekur er hann var drukkinn, en þá varð hann allur mikið lettari og betri til viðtals og varð að því leiri eins og annar maður. Ekki man ég til að neitt kæmi fyrir hann þarna fyrir austan sem tekið væri eftir, en um tvítugt held ég að hann hafi farið hingað suður og eftir það hafði ég ekki kynni af honum nema einu sinni að ég fór með Helga Aðalsteinssyni, sem er kunningi minn til að heimsækja Geirfinn. Mig minnir að það hafi verið árið 1971 eða 72. Þá bjó hann í Keflavík eða Njarðvík þar í kjallaraíbúð. Við fórum bara að gamni okkar þarna í heimsókn. Við Helgi vorum með áfengi og drukkum allir af því þarna heima hjá honum og fórum síðan ásamt Geirfinni í Skiphól í Hafnarfirði. Ekki man ég neitt sérstakt eftir þeirri skemmtun nema að ég held að Geirfinnur hafi drukkið það mikið að hann sofnaði á ballinu og við léturnum bílstjórnann sem ók okkur fara með hann heim til sín. Ekki var kona hans með í þessari ferð.

Eg sé Geirfinn á einu eða tveimur þorrablótum hér fyrir sunnan en hafði ekki neitt frekar samband við hann og get því engar upplýsingar gefið um hann. Eftir því sem mínn kynni af Geirfinni voru finnst mér mjög ósennilegt að hann hafi staðið í einhverju ólöglegu athæfi, en eins og ég er búin að segja var hann mjög dulur og hefði ekki látið upp við aðra ef um eitthvað svoleiðis hefði verið að ræða"

Jónas Bjarnson

Jónas Bjarnason
Rannsóknarlögregluum.

Upplesið staðfest.


Eyþór Þórarinsson
Eyþór Þórarinsson.

Rannsóknarnefnd Reykjavíkur.

R. 21. okt. 1976.

I dag ræddi undirritaður við Póru Erlu Ólafsdóttur, Stóragerði 29, Rvík., f. 17/1 1931, nafn nr. 9387-0190, en hún er móðir Erlu Bolladóttur.

Varðandi mááa kápu, sem Erla hefði átt, kvaðst Póra Erla muna eftir blárri kápu, sem hún kvaðst halda að Erla hefði fengið hjá Huldu Margréti Waddel. Ekki kvæðst Póra Erla geta lýst þessari kápu, þar sem hún myndi ekki vel eftir henni.



Sigurður J. V. Eggerth
lögreglum.

Rannsóknarnefnd. Reykjavíkur.

R. 21. okt. 1976.

Í dag ræddi undirritaður við Huldu Margréti Waddel, til heimilis að Framnesvegi 61, Rvík, f. 10/7 1955, nafnnr. 4445-6389, varðandi kápu þá er hún hefði gefið Erlu Bollad.

Hulda kvaðst hafa gefið Erlu talsvert af fatnaði og sagðist hún muna eftir að hafa gefið henni dökk bláa Poplín kápu, eða kápu úr einhverju álíka efni. Kápa þessi hefði verið með áhneptri hettu, frekar víð og hefði hún náð sér niður að hnjam. Kápan hefði verið einhnept, með stórum bláum tölum, ekki yfirdektum, en ekki kvaðst hún muna hvort hún hefði verið gerð fyrir belti, allavega hefði það ekki fylgt kápunni. Hulda sagði að langt væri síðan hún hefði gefið Erlu kápu þessa og myndi hún ekki greinilega eftir henni og gæti því ekki lýst henni betur og jafnvel gæti verið eitthvert misminni hjá sér varðandi kápuna.


Sigurður Eggertsson.

löggreglum.

Föstudaginn 22.10.1976 fór ég undirritaður ásamt Karli Schutz og Péturu Eggertz á fangelsið í Síðumúlað með a við gæslufangann Sævar M. Cisielski, f. 6.7.1955. Viðræðurnar snérust um mál Geifinns Einarssonar.

Sævar neitaði því að hafa verið í Keflavík þann 19. 11.1974, og að vita nokkuð um hvarf Geirfinns. Áttu sér stað nokkrar viðræður milli Sævars og Karls Schutz varðandi ýmis atriði tengd málí þessu.

Sérstaklega aðspurður kvaðst Sævar kannast við það að kápa sem Erla Belladóttir, sambýliskonan hans átti hafi verið hjá Bjarna Þorvaldssyni, Bergþórugötu 27, og að hann hefði sjálfur farið með kápuna til hans. Taldi hann að kápan ætti að vera hjá Bjarna, en hann kvaðst ekki munna eftir því að hafa sótt þessa kápu til hans. Sævar kvaðst sjálfur hafa gengið í þessari kápu. Ekki tímasetti hann það hvenær hann hefði farið með kápu þessa til Bjarna.

Viðræður þessar stóðu í u.p.b. eina klukkustund og túlkaði Pétur Eggertz viðræðurnar.

Virðingaryllst,

Kunar Sigurðsson, lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 22. okt. 1976.

I dag kl. 13:45 ræddi undirritaður, ásamt Karli Schutz og Pétri Eggerz, við Erlu Bolladóttur, núverandi gæslufanga nafnnr. 2147-0929, í Hegningahúsinu við Skólavörðustíg.

Erlu var sýnd kápa, sem er mjög svipuð lýsiningu hennar á kápu þeirri, sem hún segist hafa átt og Sævar hafi verið í á leiðinni til Keflavíkur.

Erla sagði kápum þessa vera mjög svipaða kápu sinni, nema kápan hennar hafi verið dökk blá með bláu silkifööri, gerð fyrir belti, en það hefði ekki verið á henni. Á hægri framhlið kápu sinnar h, um það bil 15cm neðan frá og 12 cm frá jaðri hennar hefði verið fitublettur á stærð við pening, en að öðruleiti hefði kápan verið í mjög góðu ástandi og hefði Hulda Waddel gefið sér hana.

Varðandi ferðina til Keflavíkur sagði Erla fyrst að það væri möguleiki, að þau hefðu farið á Land-Róver jeppa hennar og Sævars, en síðar sagði hún að þau hefðu farið á honum.

Hún sagði að með í bifreiðinni hefðu verið Sævar, Kristján og Bjarni sem hefði verið ökumaður. Sævar hefði setið í hægra framsæti bifreiðarinnar við hlið ökumanns, (Bjarna), Kristján vinstramegin aftur í og hún hægramegin fyrir aftan Sævar og hefði Sævar haldið fast í hendina á sér.


Erla sagði að bifreiðin hefði verið stöðvuð við vigtina við Keflavíkurhöfn og hefði hún séð þar skytti, sem á stöð hér er vigt. Hún sagði að ökumaðurinn, Bjarni? hefði farið út úr bifreiðinni þar og hefðu þau biðið talsverða stund eftir honum. Erla sagði að maður hefði komið í bifreiðina og hafi hún ekki þekkt hann. Maður þessi hefði komið inn í bifreiðina hægra megin og setzt í aðstursætið og hefði hú þá fært sig til hliðar að Kristján Viðar. Erla kvaðst álikta að maður þessi hafi verið Geirfinnur.

Aðspurð hvort Kristján hefði ekki farið út úr bifreiðinni, sagðist hún ekki muna eftir því og finndist sér það ótrúlegt. Erla sagðist vera í alveg örugg á því að Sævar hafi verið í bláu kápunni hennar á leiðinni til Keflavíkur og hefði hún ekki séð kápuna eftir það ferðalag. Sævar hefði sagt sér frá því að kápan væri heima hjá Bjarna.

Ekki nefndi Sævar hvernig kápan hefði komist til Bjarna og bað ég hann oft um að sækja hana. Þegar hann sagði mér fír hví hvar kápan væri niðurkomin, þá vorum við stödd í íbúðinni okkar á Hjallavegi. Erla kvsöt halda að Sævar hafi ekki sótt kápuna til Bjarna, allavega hefði hún ekki séðu hana og sagðist hún álikta að blóð hefði geta verið í henni, og þess vegan hefði Sævar ekki látið sig fá kápuna.

Erla sagði að þau hefðu selt bifreiðina á Hvolsvöll og hefði þá skráninganúmer hennar verið L-1096.

Yfirheyrslu lauk kl. 14:35.


Sigurbj. V. Eggertss.

lögreglum.


Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 22. okt. 1976.

I dag kl. 18:10 ræddi undirritaður lítilsháttar við Sævar M. Ciesielski, núverandi gæslufanga, í klefa hans í fangelsinu við Síðumúla.

Sævar sagði þá, að hann hefði sótt bláu kápuna til Bjarna Þórs og kvaðst hann halda að hann hefði farið með hana heim til móður sinnar, en ekki kvaðst hann þó vera viss um það. Ef hann hefði farið með hana þangað ætti hún að vera í fata-skápum heima hjá henni eða til greina kæmi að hann hefði sett hana niður í geymslu.

Samræðum lauk kl. 18:15.


Sigurður V. Eggertsson.
löggreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 22. okt. 1976.

I dag kl. 19:15 ræddi undirritaður, ásamt Ívari Hannessyni, við Sigurbjörgu Ó. Guðjónsdóttur, Grýtubakka 10, Reykjavík, f. 28/5 1930, nafnnr. 7773-6638, en hún er móðir Sævars M. Ciesielski.

Aðspurð kvaðst Sigurbjörg ekki muna eftir því að Erla hefði átt bláa kápu og kvaðst hún fúslega veit okkur leyfi til þess að leita í íbúð hennar og í geymslu til þess að kann hvort við findum eitthvað.

Leytuðum við í íbúð Sigurbjargar svo og í geymslu, sem til heirir íbúðinni og er í kjallara hússins, án árangurs.

Sigurbjörn V. Eggertsson
löggreg um.

Sunnudagur 24.10.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt þeim Schütz og Pétri Eggerz.

Þar var rætt við Pórð Ingimarsson ~~tækjastjóra~~, f. 20.8.1949, nafnnr. 9516-5494, tilh. Hátúni 8, Keflavík sími 92-1628.

Schütz bað Pórð um, að segja okkur, sem nánast frá öllu í sambandi við Geirfinn Einarsson, frá vinnunni, kunningsskap þeirra og frá því er hann kom heim til Geirfinns kvöldið 19.nóv. 1974. Schütz lagði fyrir hann spurningar.

Pórður sagðist hafa unnið mikið með Geirfinni eftir að hann hóf að vinna hjá Ellert ~~Skúlasyni~~ og lært mikið af Geirfinni, en Geirfinnur hefði verið mjög góður tækjamaður.

Hann sagðist oft hafa komið á heimili Geirfinns og Guðnýjar og oft skemmt sér með Geirfinni og þá oftast heima hjá Geirfinni, en stundum hefði verið farið á dænsleiki.

Pórður sagðist ekki hafa vitað til þess, að Geirfinnur ætti vingott við nokkra konu og taldi, að hann hefði verið eiginkonunni trúr. Þó sagðist hann hafa vitað til þess, að Geirfinnur átti það til, að vera kvensamur er hann smakkaði áfengi.

Pórður sagðist aldrei hafa heyrt talað um það, að Geirfinnur hefði fengið tilboð um álitlega peningaupphæð fyrir að begja yfir einhverju leyrdarmáli, né heldur, að komið hefðu ókunnugir menn til Geirfinns á vinnustað og átt við hann viðræður.

Pórður taldi, að hefði slíkt átt sér stað, hefðu vinnufélagarnir hlutið að taka eftir, hverjir þar hefðu verið á ferð.

Pórður sagði, að Geirfinnur hefði verið mjög dulur og fámáll og lítið látið uppi um einkamál, eða blandað sér í almennar viðræður. Hann sagðist því lítið hafa talað við Geirfinn um slíkt, en aðallega hefði verið rætt um vinnuna og vélarnar, sem þeir unnu á. Pórður sagðist ekki geta nefnt neina nána vini Geirfinns, en sagðist vita, að hann hefði eitthvað pekkt Snæbjörn Adolfsson, sem nú væri í vinnu hjá Ellert.

Pórður sagðist aldrei hafa heyrt talað um, að Geirfinnur hefði fundið lík, er hann hefði unnið við gröft.

Þann 19.nóv.1974, sagðist Pórður hafa komið heim til Geirfinns um kl. 20,50 og hefði hann ætlað að fá Geirfinn með á bíó. Pórður sagðist hafa hringt dyrabjöllunni og Geirfinnur komið til dyra, en ekki sagðist hann muna neitt sérstakt í því sambandi. Hann sagðist muna, að þeir hefðu farið inn í stofu og að kveikt hefði verið á sjónvarpinu er hann kom í stofuna og hefði hann því talið, að Geirfinnur hefði verið að horfa á sjónvarpið.

Þórður sagðist muna, að Geirfinnur hefði verið einn heima, en taldi þó, að eitthvað myndi hann eftir Sigurði syni Geirfinns, en sagðist ekki þora að fullyrða hvort það var eftir að Guðny kom heim.

Þórður sagðist hafa beðið Geirfinn um, að koma með í bíó, en hann hefði þá sagt, að hann gæti ekki farið, vegna þess að hann þyrfti á stefnumót kl. 22,00 og talaði þá um, að hann hefði fengið símahringingu, en ekkert þó talað meira um þá hringingu.

Þórður sagði, að Geirfinnur hefði verið mjög eðlilegur en hann sagðist muna, að Geirfinnur hefði sagt honum, að hann vissi ekki hverja hann ætti að hitta, en þeir menn yrðu fyrir utan Hafnarbúðina og sagðist Þórður því hafa talið, að Geirfinnur ætlaði að hitta fleiri en einnmann.

Þórður sagði okkur, að Geirfinnur hefði talað um, að petta væri eitthvað dularfullt, en aldrei hefði hann nefrt nöfn og sagðist Þórður því hafa talið, að kannske ætlaði Geirfinnur, að hitta einhverja kunningja, sem ætluðu að fara að skemmta sér. Geirfinnur hefði þó talað um, að enginn mætti vita um petta, ekki einu sinni Guðny.

Þórður sagði, að Geirfinnur hefði einnig sagt honum, að hann ætti að koma einn og koma gangandi.

Þá sagðist Þórður og muna, að Geirfinnur hefði talað um, að ef til vill væri vissara, að vera vopnaður barefli og í því sambandi sagði Þórður, að Geirfinnur hefði aldrei talað um byssu, en hinsvegar hefði hann verið spurður um byssu, er rannsóknarlöggreglan í Keflavík talaði við hann.

Þórður sagðist því hafa tekið margt af þessu, eins og það væri sagt í gríni, en sjá nú, að svo hafi ekki verið.

Þórður sagðist ekki minnast þess, að Geirfinnur hefði talað neitt um petta símtal, né hvenær hefði verið hringt og ekki hefði hann neitt talað um orðaskipti við Guðnyju, né minnst á neitt óþ.

Þórður sagðist hafa hugsað petta mikið eftirá og þá hefði honum fundist eins og Geirfinnur hefði ekki pekkt þann, sem hringdi, eða þá verið að leyna hann því.

Þórður sagði, að þeirGGirfinnur hefðu setið og horft á sjónvarpið og rætt petta á meðan.

Hann sagði, að er Guðny kom heim, hefði hún gefið þeim kaffi. Hann sagðist þá muna vel eftir syninum Sigurði, en ekki gera sér grein fyrir því, hvort hann kom með Guðnyju, eñna

hefði verið hjá þeim. Hann sagðist minnast þess, að er þeir sátu og drukku kaffið, hefði Guðny eitthvað verið að tala um, að hún væri búin að sjá Geirfinni út pláss á bát, en eittjávað hefði Geirfinnur verið að spá í það, að skipta um vinnu.

Þórður sagði, að eftir kaffið, hefði hann síðan ekið Geirfinni áleiðis, en Geirfinnur hefði farið úr bifreiðinni, áður en Hafnarbúðin kom í sjónmál. Hann taldi, að þeir hefðu verið 4-5 mínútur á leiðinni.

Þórður sagðist þá hafa ekið áfram og þá framhjá Hafnarbúðinni og muna eftir að hafa séð þar VW.bifreið og síðan ekið rakleitt heim til sín.

Hann sagði, að Geirfinnur hefði verið í grænum flauelsbuxum og blárri kuldaúlpu með hettu. Úlpan hefði náð aðeins niður fyrir mittið og á hettunni hefði verið loðkantur.

Þórður sagðist aldrei hafa heyrt Geirfinn tala um, að hjónaband hans væri ekki í lagi, en hinsvegar sagðist Þórður hafa heyrt talað um, að Guðny væri Geirfinni ótrú, eða vitað það sjálfur, en sagðist ekki þora að fullyrða þetta, enda hefði mikið verið rætt um þetta eftir að Geirfinnur hvarf.

Þórður sagðist aldrei hafa vitað til þess, að Geirfinnur hefði verið með smyglað áfengi, en hinsvegar vitað, að hann fékkst við brugg og hafa drukkið hjá honum eimað áfengi og votað, að hann var með eimingartæki um tíma heima hjá sér.

Hinsvegar taldi Þórður að þau tæki, hefðu ekki verið á heimili Geirfinns er hann hvarf.

Þórður sagðist mundu reyna að kanna það hjá vinnufélögunum hvort einhver myndi eftir því, að Geirfinnur hefði fengið heimsókn á vinnustað.

Pann 19.nóv.1974, sagðist Þórður hafa verið að vinna í grjótmáminu við Sandgerði og hefði hann þá unnið á mokstursvél á móti Geirfinni, en mokað hefði verið á vöruþíla, sem óku uppfyllingarefnini í Sandgerðishöfn á vegum Vitamálastjórnar.

Þórður sagði, að vinnunni hefði verið þannig hagað, að þeir hefðu unnið til skiptis. Skiptunum hefði þannig verið háttað, að sá sem byrjaði kl.07,30, hefði unnið til morgunkaffis um kl.09,30 og síðan átt frí fram að hádegi og unnið aftur frá hádegi og fram að miðdegiskaffi um kl.15,30, en átt frí eftir það, ef unnið var venjulegan vinnudag til kl.rúml.

18,00. Pann 19.nóv.hefði Geirfinnur byrjað og því átt frí eftir miðdegiskaffi og þá farið heim. Þórður sagði, að í frínu um miðjan daginn, hefðu þeir venjulega verið í einhverjum vörubíflanna og hvílt sig þannig.

Ekki sagðist hann þó muna, hvernig Geirfinnur varði frínu pennan morgun, né vita hvernig hann fór til Keflavíkur, en oftast hefðu þeir farið út á vegamót og fengið far með einhverjum bíl, sem leið átti til Keflavíkur, eða þá beðið til kl.17,00, en þá hefði rúta komið í mámunu og flutt menn heim, er ekki var unnið lengur.

Þórður sagðist muna það örugglega, að hann hefði tekið við að moka um kl.16,00 til 16,30.

Þórður sagði okkur, að pennan dag, myndi hann eftir því, að parna hefði komið fólksbifreið, Chevrolet Nova græn að lit. Hann var þó ekki örugglega viss á deginum og sagði, að hugsanlega gæti verið um daginn á eftir að ræða.


Hann sagðist minnast þess, að hann hefði þá verið á vélinni og sagðist halda, að það hefði verið er hann átti síðustu törn. Þórður sagðist muna, að flokksstjórinн í námunni, Kristinn Guðmundsson, tilh. Suðurgötu 11, Sandgerði, hefði rætt við einhverja í bifreiðinni og hann sagðist muna, að talað hefði verið um það eftirá, að spurt hefði verið um leiðina út í Garðinn. Þá sagðist Þórður muna, að parna hefði verið vörubílstjóri úr Keflavík, Eyjólfur Herbertsson, sem nú væri starfsmaður Bifreiðaeftirlitsins í Keflavík.

Þórður sagðist ekki þora að fullyrða hvað margir hefðu verið í bifreiðinni, en taldi, að amk. 2 farþegar hefðu verið auk ökumanns. Ekki sagðist hann þó minnast þess, að hafa séð nokkurn það vel, að hann hefði borið kennsl á þá.

Hann sagðist hafa verið að moka og því ekki hafa veitt bifreiðinni mjög nána athugli.

Þórður sagðist ekki hafa fært það í tal við Geirfinn um kvöldið er hann hitti hann, hvernig hann hefði farið heim pennan dag.

Ivar Hannesson
löggreglum.



Sunnudagur 24.10.1976 Í dag fór ég undirritaður til Sandgerðis, ásamt þeim Schütz og Pétri Eggerz.

Erindið þangað var að ræða við, Kristinn Guðmundsson vörubifr. stj. sem var flokksstjóri í grjótnáminu við Sandgerði, Kristinn er f. 8.7.1908, nafn nr. 5812-3412, tilh. Suðurgötu 11, sími, 7412.

Kristinn var spurður um hvað mann myndi eftir bifreið þeirri, sem Þórður Ingimarsson getur um.

Kristinn sagðist ekkert muna eftir bifr. af gerðinni Chevrolet Nova grænni að lit. Hann sagðist ekki muna eftir neinum sérstökum bíl parna í námunni á þessum tíma, en parna hefði oft borið að bíla, bæði hefðu þar verið eð ferð skyld-fólk þeirra, sem parna unnu og eins hefði all oft borið við, að ókunnugir væru að villast.

Hann sagði, að starf hans hefði m.a. verið í því fólgis, að hafa eftirlit parna með fólki, sem parna kom og vísa frá bílum, enda hefði ekki verið hættulaust að koma parna því sprengja þurfti all mikið í námunni.

Hann sagðist minnast þess, að margir hefðu tekið af-leggjarann upp að námunni, fyrir afleggjarann út í Garðinn.

Aðspurður sagðist Kristinn ekki minnast þess, að nokkurn-tíma hefði verið spurt eftir Geirfinni parna í námunni, en ekki hefði Geirfinnur þó unnið parna lengi og sagðist Kristinn halda, að Geirfinnur hefði unnið parna í rúmlega viku áður en hann hvarf. Hann sagðist lítið hafa kynnst Geirfinni, en þó fundið að Geirfinnur var ekki margmáll, en hins vegar afburða gðður grófumaður. Kristinn sagðist hafa verið spurður um þessa Chevrolet bifreið, nokkru eftir að Geirfinnur hvarf og hefðu það verið vinnufélagar Geirfinns, sem spurt hefðu, en hann sagðist ekkert hafa munað þá, frekar en nú.

Kristinn sagði, að það hefði verið venja þeirra, sem fóru úr námunni áður en vinnu almennt lauk, að fá sér far með bílum, sem leið áttu til Keflavíkur.

Ivar Hannesson
löggreglum.



Guðmundur

Mánudaginn 25 okt. 1976 kl. 14:15 er mætt til skýrslu-
töku í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Ásta Elín Björnsdóttir
til heimilis að Vesturgötu 15, Keflavík, sími: 2615, fædd
21/10 1958 á Akureyri nafnnr. 0764-6755.

Tilefni skýrslutökunnar er að mætta var í sakbendingu,
varðandi mál Geirfinns Einarssonar. Aminnt um sannsögli
skýrir hún svo frá: Eg kannast ekki við neinn af þeim mönnum,
sem ég hef séð hér í sakbendingu og er þess fullviss að það
var engin þeirra, sem kom inn í Hafnarbúðina á meðan að ég
var þar stádd. Eg vil þó taka það fram að tel að ég myndi
ekki þékkja mann þann aftur, sem kom inn í Hafnarbúðina þann
19. nóv 1974, þar sem ég er mjög gleymin á mannsandlit.

Upplesið, staðfest,

Asta Björnsdóttir.
Ásta Elín Björnsdóttir.

Vottur:

Haraldur Arason.

Haraldur Arason
Sigurbj. V. Eggertss.
löggreglum.

Rvík. 25.lo.1976, kl.14,15 er tekin til skýrslutöku Sigurbjörg Jóna Arnadóttir, til heimilis að Brekkustíg 8 Ytri-Njarðvík, f. 19.1.1937 nafnr.7767-5019.

Mætta er tekin til skýrslutöku eftir að hafa horft á hóp manna, til að kanna hvort hún þekki einhvern þeirra, sem bifreiðastjóra á bifreið sem hún sá fyrir utan Hafnarbúðina og "Þórðarsjóppu" þann 19.11.1974. Hún skýrir svo frá. Æg kannast ekki við neinn af þessum mönnum, sem ég horfði á, og finnst mér engin þeirra hafa líkst honum. Mér finnst maður þessi hafa verið nokkuð stærri og þreknari en þessir menn sem ég horfði á fyrir skömmu.

Æg hef skoðað myndir af hópi manna og finnst mér mynd nr.34 vera líkust manninum. Æg þekki manninn fyrir Magnús Leopoldsson. Æg hef ekki séð Magnús með eigin augum, en séð mynd af honum í blaði, sennilega Dagblaðinu eða Vísi.

Upplesið, staðfest:

Sigurbjörg Jóna Arnadóttir
Sigurbjörg Jóna Arnadóttir

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson
Rúnar Sigurðsson, lögpj.


Mánuðaginn 25. okt. 1976, fór fram sakbending í teknideild Rannsóknarlöggreglunnar í Borgartúni 7, Rvk. Tilefni sakbendingarinnar var, að gæzlufanginn Kristján Viðar Viðarsen bar fram, í skýrslu dagss. 15. okt. 1976, að hann hafi hringt til Geirfinns Einarssonar úr Hafnarbúðinni, Keflavík, að kvöldi 19. nóv. 1974.

Kvaddar voru til Rannsóknarlöggreglunnar í Rvk., í þessu sambandi, Guðlaug Jónasdóttir, til heimilis að Melteigi 6, Keflavík, sími 1161, en var við afgreiðslustörf í Hafnarbúðinni umrætt kvöld, Ásta Gretarsdóttir, til heimilis að Vesturgötu 15, Keflavík, sími 2615, en hún var stöðda í Hafnarbúðinni umrætt kvöld, svo og Sigurbjörg Jóna Árnadóttir, til heimilis að Brekkustíg 8, Ytri-Njarðvík, sími 1034, en hún taldi sig hafa séð ókunnan mann við Hafnarbúðina og síðar við svokallaða "Pórðarsjoppu" sama kvöld. Nánari skýrslur varðandi framburði þeirra, voru gerðar af rannsóknarlöggreglunni í Keflavík, meðan rannsóknin á hvætti Geirfinns Einarssonar var gerð á þeirra vegum.

Fengnir voru til aðsteðar, 6 nemar úr Löggregluskóla Ríkisins og þeir valdir þannig, að hæð þeirra og aldur væri í nokkru samræmi við hæð og aldur Kristjáns Viðars. Þess var einnig gætt, að klæðaburður þeirra væri ekki í ósamræmi við klæðaburð Kristjáns. Þess var og vandlega gætt, að konurnar annarsvegar og löggregluskólanemarnir og Kristján Viðar hins vegar, sejust ekki fyrr en við sjálfa sakbendinguna og að konurnar gætu ekki talazt við, fyrr en búið var að taka af þeim skýrslur varðandi vitnisburð þeirra í sakbendingunni og eru þær skýrslur meðfylgjandi skýrslu þessari.

Athygli er vakin á framburði Sigurbjargar Jónu Árnadóttur, varðandi ljósmyndir, er lagðar voru fyrir hana, er skyrla hennar var tekin.

Viðstaddir sakbendinguna var Páll Aramér Pálsson, réttargæzlumaður Kristjáns Viðars.



Haukur Árnason
rannsóknarlögr.m.

Mánudaginn 25. okt. 1976 mætti hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík Guðlaug Jónasdóttir húsmóðit t.h. Melteigi 6 Keflavík f: 18/6. 1934.

Hún mætir í tæknideild þrannsóknarlöggreglunnar vegna sakbendingar sem þar fer framm. Þar var skiltt upp Kristjáni Viðari ~~Kris~~ Viðarssyni ásamt sex öðrum og hún beðin að athuga hvort hún teldi nokkurn þessa manna hafa verið þann sem hringdi úr Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi þess 19. nóv. 1974.

Mætta segist hafa athugað þessa sjö menn nákvæmlega en ekki geta merkt að neinn þeirra líkiist manni þeim er kom í Hafnarbúðina umrætt kvöld.

Jónas Bjarnason
Ranns. löggreglunum.

Upplesið staðfest.
Guðlaug Jónasdóttir
Guðlaug Jónasdóttir.


25.10.1976. Í dag fór ég til Sandgerðis, ásamt Grétari Sæmundssyni lögreglum. Við raeddum þar við Þórð Ingimarsson tækjastjóra, f. 20.8.1949, nafnnr. 9516-5494, tilh. Hátúni 8, Keflavík, sími 92-1628. Þórður var þarna við vinnu sína.

Þórður sagðist mikið hafa hugsað um bifreiðina í grjótnámunni og telja nú nær víst, að bifreiðin hefði verið með G-númeri, eða allavega kæmi það þannig upp í huga hans.

Hann sagðist einnig hafa velt því mikið fyrir sér, að á hvern hátt Geirfinnur kynni að hafa farið heim þann 19.nóv. 1974 og telja nær víst, að Geirfinnur hefði fengið far með einhverjum bíl til Keflavíkur, enda hefði það verið algengasta venja þeirra. Hann sagðist og viss um, að ekkert hefðu þeir rætt það um kvöldið, hvernig Geirfinnur fór heim, eða hvað Geirfinnur hafðist að, frá því, að hann hætti vinnu og til kl. 18,00 er hann kom heim.

Þórður sagðist hafa greint rannsóknarlögreglunni í Keflavík frá Chevrolet Nova bifreiðinni, þegar hann var yfirheyrður.

Ivar Hannesson
Lögreglum.



25.10.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt Grétari Sæmundssyni löggreglum.

Erindið þangað var að ræða við Eyjólf Eðvalds Herbertsson starfsmann Bifreiðaeftirlitsins, f. 18.7.1944, nafn nr. 1744-8040, tilh. Hafnargötu 48, Keflavík sími 92-2348 og v.s. 92-1044.

Eyjólfur sagði okkur að umrædd Chevrolet Nova bifreið hefði komið þarna í grjótnámið við Sandgerði og hefði það verið annaðhvort daginn, sem Geirfinnur Einarsson hvarf, eða daginn áður. Hann sagði, að þetta hefði verið rætt eftir hvarf Geirfinns og því væri hann við um, að einungis þessir dagar kæmu til greina.

Eyjólfur sagðist hafa ekið vörubíl og keyrt grjóti í uppfyllingu við Sandgerðishöfn þarna úr námunni. Hann sagðist hafa verið að koma að námunni er þessi bíll kom að námuopinu, en náman hefði ekki verið orðin stórvá, enda nýlega byrjað að taka efni úr henni.

Hann sagðist muna eftir því, að ökumaðurinn hefði komið út og hefði Kristinn verkstjóri rætt eitthvað við ökumanninn, sem síðan hefði farið inn í bifreiðina og ekið á burtu.

Eyjólfur sagðist hafa tekið eftir því, að ökumaðurinn hefði verið, að hann taldi, gráhærður, nokkuð fullorðinn maður og hann sagðist hafa tekið eftir því, að í bifreiðinni voru 3 eða 4 karlmenn. Ekki sagðist hann hafa þekkt neinn mannanna, enda einungis séð ökumanninum bregða fyrir er hann ræddi við Kristinn.

Eyjólfur sagðist hinsvegar nær við um, að bifr. hefði verið leigubifreið með G-númeri, Chevrolet Nova græn að lit og smíðaaðr 1971 eða 1972. Eyjólfur sagðist hafa heyrta um það rætt, að ökumaðurinn hefði verið að villast og minntist þess ekki, að rætt hefði verið um nein nöfn í sambandi við þennan bíl. Eyjólfur sagðist vita, að rannsóknarlöggreglan í Keflavík, hefði fengið að vita um þennan bíl og reiknað með því, að rætt yrði við hann, en það hefði þó ekki verið gert fyrr en nú. Hann sagðist ekki muna hvort fleiri vörubílstjórar hefðu verið þarna við námuna, en sagðist muna, að þarna hefðu unnið menn við sprengingar, en þáir hefðu venjulega verið uppteknir við borun og sprengingar og unnið í miklum hávaða.

Eyjólfur taldi nær öruggt, að umrædd bifreið hefði komið þarna um kl. 15,00 og þó líklega síðar. Eyjólfur sagðist hafa hugsað um þessa bifreið eftir að Geirfinnur hvarf og

einhvernveginn hefði petta komið honum þannig fyrir sjónir, að parna hefðu verið á ferð sjómenn, sem væru á kendiríi, en þó ekkert hafa fyrir sér í því efni. Hann sagðist ekki muna hvort Geirfinnur hefði verið við vinnu á gröfunni er bifreiðin kom parna.


Eyjólfur sagðist hafa þekkt Geirfinn nokkuð vel og m.a. hafa unnið með honum um tíma í Búrfelli.

Eyjólfur sagðist vera viss um, að Geirfinnur hefði átt fyrstu törn á vélinni morguninn 19.nóv.1974, enda hefði Geirfinnur setið í bifreiðinni hjá honum í hvíldartímanum frá kl.10,00 til kl.12,00. Eyjólfur sagðist ekki muna allt, sem rætt hefði verið, en þó muna örugglega, að Geirfinnur hefði verið óvenju léttur í skapi og ræðinn og talað um, að hann væri kominn yfir verstu skuldirlar í sambandi við íbúðarlaupin. Þá sagðist Eyjólfur muna það örugglega, að Geirfinnur hefði farið úr námunni eftir miðdegiskaffi, en ekki vita hvernig hann hefði farið til Keflavíkur, en oft hefði vörubílstjórnar ekið mönnunum út á veg og það hefðu þeir síðan fengið far með bílum.

Hann sagði, að yfirleitt hefðu menn ekki komið parna í námuna á eigin bílum og taldi, að hann hefði munað það vel, hefði Geirfinnur verið parna með bifreið sína.

Hann sagðist og minnast þess, að Geirfinnur hefði sagt honum, að hann fengist eitthvað við brugg og eimingu á því heima. Eyjólfur sagðist aldrei hafa heyrт á það minnst, að Geirfinnur hefði átt spíra, eða annað ótollað áfengi, eða verið milligöngumaður um slíkt.

Þá sagði Eyjólfur okkur, að öllu efni úr námunni, hefði verið ekið í Sandgerðishöfn.



Ivar Hauesson
löggreglum.

Priðjudaginn, 26.10.1976, kl. 13,00 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Sigurður Snævar Hákónarson verkstj. f. 13.11.1929 á Seyðisfirði, S-Múlasýslu, tilh. Bergþóruhlögu 27 Reykjavík, sími 20386 og v.s. 82315. Mafnnr. 7863-8060.

Mætti ~~er~~ sérstaklega spurður um kunningsskap við Sævar Marinó, Erlu Bolladóttur og Kristján Viðar Viðarsson og um hugsanlega ferð til Keflavíkur þann 19.nóv.1974.

Gætt er ákv.l.mgr.40.gr.laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skyrir mætti svo frá:

"Sævar Marinó hefi ég þekkt frá því, að hann var unglungur, en þá voru synir mínr í kunningsskap við Sævar og ég kom þá oft-sinnis til sona minna, sem bjuggu hjá móður þeirra að Írabakka 16, hér í borg. Einnig kom Sævar oft með þeim í heimsókn til mínr.

Einnig þekkti ég Kristján Viðar Viðarsson, sem var líka í góðu vinfengi við syni mína. Þá var Albert K. Skaftason og vinur þeirra. Eg get einnig bætt við, að þessir strákar allir þekktu Bjarna Þór Þorvaldsson og bróður hans Þorstein og reyndar marga fleiri stráka, sem parna áttu heima í hverfinu.

Eg vissi, að er þeir voru yngri, voru synir mínr mikið með þessum strákum og vissi ég þá, að þeir voru, að fikta með þynni og slík efni og ég taldi, að þeir væru einnig eitthvað með þeim í þjófnuðum, en ekki vissi ég þó hvernig.

Eg hefi og haft grun um, að synir mínr hafi eitthvað verið með þessum piltum í sambandi við fíknilyf, en hefi þó ekki fengið það staðfest hjá þeim.

Erlu Bolladóttur þekkti ég ókkert, en vissi að Sævar var með þeirri stúlkuna. Eg mun hafa séð Erlu aðeins einu sinni, en það var í sambandi við Land-Rover bifreið, sem ^{einhver} ~~Sævar~~ hafði sagt mér að Erla ætti. Bifreiðin hafði eitthvað bilað og stóð um tíma á bílastæðinu við Austurbæjarskólann. Eg man, að ég sá Erlu og Sævar koma parna að Land-Rovernum og minnir mig, að stúlka hafi verið með þeim, en þori þó ekki að fullyrða neitt um það. Bifreiðin var síðan dregin á burtu, en ekki þori ég að fullyrða hvort það var í þetta skipti.

Pegar þetta var, þá hafði ég ekki talað við Sævar Marinó í nokkurn tíma, en okkur hafði sinnast, en þar var vegna privatmáls okkar á milli, sem ég ekki vil blanda í þetta.

Eg hefi ekki talað við Sævar síðan okkur sinnaðist og gæti trúð að það hafi verið tæplega 2 ár frá þessu ósamkomulagi okkar og þar til að hann lenti í fangelsinu.

Eg sá þó Sævar koma oft þarna í húsið til Bjarna Þórs, en ekki töluðumst við þó við ~~þag~~ Sævar gekk úr vegin fyrir mér er við mættumst á götu, en aðallega þó fyrst eftir að við urðum ~~þáttumála~~ ósammála.

Varðandi það, hvort ég hafi komið til Keflavíkur þá get ég fullyrt, að til Keflavíkur hefi ég ekki komið síðan fyrir um 15 árum, en þá kom ég þar á símstöðina í erindum Pósts og Síma, sem viðgerðarmaður, en á Keflavíkurflugvöll hefi ég komið einnig í erindum vegna viðgerða, en einnig eru mörg ár síðan.

Varðandi það, hvort ég hafi komið til Keflavíkur þann 19.nov.1974, þá er slíkt algjör firra og hafi rannsóknarlögreglan einhverja vitneskju um slíkt, þá er sú vitneskja með öllu ósönn.

Eg mun hafa verið að vinna á verkstæðinu í Ármúlanum þennan dag, eða tel það allavega sennilegast, enda fer nær öll vinna míni fram þar og hægt mun án mikillar fyrirhafnar, að kanna hvað ég hefi unnið þennan dag.

Vinna míni er bundin hér við Reykjavík og mörg ár eru síðan ég hefi unnið utan Reykjavíkur.

Eg vil leiðréftta, að þegar ég talaði um hér fyrr í yfirheyrlunni, að ég hefði séð þau koma Sævar og Erlu, þá er það í eina skiptið, sem ég sá þá stúlkuna og þá var farið með bifreiðina á burtu. Eg man þó ekki hvernig bifreið það var, sem dró Dand-Roverinn. Einnig vil ég, að það komi skýrt fram, að einhver hafði sagt mér, að Erla ætti þessa bifreið, en ekki hafði ég það frá Sævari. Einnig, að er þau komu þarna til að sækja bifreiðina var mér bent á, að petta væri Erla.

Einhver var þá hjá mér, sem bekkti þau, en ekki man ég núna hver það var. Það, sem ég hér hefi sagt er sannleikur og hefi ég engu við petta að bæta."

Yfirheyrslu lauk kl. 14,40.

Vottur:

Jónas Bjarnason
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Sigurður Hákonarson.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Bg er vinn
reid.

Priðjudaginn 26. 10. 1976 kl. 16:00 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Bjarni Þór Þorvaldsson, sjúklingur, til heimilis að Bergþrógrugötu 27, Reykjavík, fæddur 19. 9. 1953 í Reykjavík, n.nr. 1240-3150.

Honum er kunnugt tilefni yrirheyrlunnar, en þar er að spyrja hann eftir dökkblárri kápu, sem móðir hans kveðst hafa séð í herbergi hans, og mun hafa verið í eigu Erlu Bolladóttur eða Sævars Cisielski. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: "Eg hef talað við móður mína um framan greinda kápu og fór þá að rifjast upp fyrir mér að ég hafði séð hana. Í Skýrslu sem ég hafði gefið hér á skrifstofunni fyrir nokkru þá neitaði ég að hafa orðið var við nokkra flík af Sævari eða Erlu. Eg var þá sérstaklega minntur á þessa kápu, en eg mundi ekki eftir henni þá.

Eg man ekki hvernig þessi kápa leit út að lit eða að öllu leyti. Mig rámaríað hún hafi verið inni í herbergi hjá mér og að móðir míni hafi talað um hana við mig. Mig rámar í að Sævar hafi sótt kápuna nokkuð löngu síðar. Eg man ekki með hverju móti kápan komst inn í herbergi mitt. Mig minnir að þetta hafi verið um veturnar eða haust. Eg er viss um að þetta gerðist ekki s.l. veturnar, en sennilegt er að þetta hafi verið um haustið 1974.

Eg man eftir er Sævar keypti Land Rover bifreiðina á Bílsölunni að Laugavegi 96. Þá reynsluðk ég bifreiðinni inn eftir Sætúni og aftur til baka. Nokkru síðar ók ég Sævari, Erlu og einum enn inn á Kirkjuteig, þar sem Sævar var að hitta son Osvalds Knudsen. Ekki man ég hvert erindi hann átti né heldur hvaðan var ekið eða hvert ég ók á eftir. Eg man ekki eftir að hafa ekið Sævari neitt annað á þessari bifreið.

Eg man eftir að þetta sama haust nokkru fyrr óð mig minnir, þá var það eitt hvöld um eða eftir miðnætti að Sævar kom heim til míni. Erindið var að biðja mig um aðstoð þar sem Mustang bifreið sem hann og Kristján Viðar höfðu til umráða, hafði stöðvast við Umferðarmiðstöðina. Eg hjáppaði honum að koma bifreiðinni í gang, en vélin hafði drepið á sér. Sævar, Erla og Kristján Viðar voru þá í bifreiðinni, en ekki fleiri. Eg ók bifreiðinni heim til míni en þar tók Erla við akstrinum.

Ég er viss um að ég ók Sævari ekki neitt meira á þessari bifreið.

Ég er þess fullviss, að ég ók Sævari, Kristjáni Viðari né Erlu ekkert í sambandi við hið svokallaða Geirfinnsmál. Ég hef enga vitneskju um það mál."

Gretar Samundsson
Gretar Samundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Bjarni Þór Þorvaldsson
Bjarni Þór Þorvaldsson

Miðvikudaginn 27. okt. 1976 kl. 15,15 er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Bjarni Þór Þorvaldsson sjúklingur t.h. Bergþórugötu 27. fæddur: 19/9. 1953 í Reykjavík.

Við yfirheyrluna er mætti sérstaklega spurður um hvort hann hafi farið til Keflavíkur að kvöldi þess 19. nóv. 1974 eða hvar hann hafi verið þann dag.

Hann skýrir svo frá ámynnntur um sannsögli: "Eg hefi hugsað mikið um þetta mál núna að undanförmu og er orðin alveg við um að ég hafi ekki farið til Keflavíkur umræddan dag og ég er alveg viss um að ég hefi aldrei farið með Sævari M Sicelski til Keflavíkur.

Eg man ekki eftir dögum í kring um 19. nóv 1974, en ég mun ekki þá hafa verið að vinna og tel að ég hefi legið heima í "letikasti" eins og ég ~~égti~~ stundum til. Þá varð ég leiður í vinnunni og fór heim og var meima í nokkra daga og teiknaði og svaf, en ég get ekki munað neitt sérstaklega eftir þessum dögum. Eg hefi oft komið til Keflavíkur bæði fyrir og eftir þennan tíma og mynni mitt er ekki það slæmt að ég er viss um að ég myndi eftir ferð með Sævari þangað suður eftir.

I des. 1974 er ég var á fylliríi heima léð ég raka alt hárið af höfðinu á mér. Strákur sem ég bekki (Gunnar nefapi) hafði látið gera það skóku áður, en það var ekki í neinum tilgangi sem ég gerði þetta.

Ekki man ég til að ég veitti "Geirfinnsmálinu" neina sérstaka athugli er það kom upp og það rifjar ekki neitt ~~réttaka~~ óþægilegt upp fyrir mér þótt talað sé um það!

Vottur:

Grétar Sæmundsson.

Upplesið staðfest.

Bjarni Þór Þorvaldsson

Jónas Bjarnason
Rannsóknarlögreglu

Rvík. 27.lo.1976, kl.18,00 er tekin til skýrslutöku gæslu-
fanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík.
f. 6.7.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er
vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Gætt er ákvæða l.mgr. 40.
gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli
skýrir hann svo frá.

" Eg vil nú skýra sjálfsstætt frá þeirri vitneskju sem ég
bý yfir varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar þann 19.11.1974.
Það var þann 18.11.1974 að til min hringdi Kristján Viðar Viðars-
son, en ég bjó þá að Hjallavegi 31 í Rvík. Hann spurði mig að
því hvort ég væri ekki til í að koma til Keflavíkur þann 19.
11. um kvöldið og taka þátt í áfengissmygli. Ég svaraði þessu
játandi og spurði hvort Erla Bolladóttir sambýliskona míni mætti
ekki koma með og svaraði hann því til að það væri allt í lagi. Ég
sagði honum að ég mundi tala betur við hann daginn eftir og bað
hann mig að hafa samband við sig að Laugavegi 32, en hann bjó þar
þá. Ég gerði ekkert frekar þennan dag í málínu, nema hvað ég skýrði
Erlu frá þessu.

Ég hafði samband við Kristján þann 19.11. en þá var ég að
Grýtubakka lo hjá móðir minni. Ég skýrði honum frá því að ég væri
búinn að ákveða að fara að Kjarvalastöðum með móðir minni, en
við ákváðum síðar að ég yrði kominn að Hjallavegi 31 rúmlega
21,00 um kvöldið, og ef hann kæmi ekki sjálfur til míni mundi
ökumaður á bifreið þeirri sem kæmi að sækja mig gefa hljóðmerki
og skildi ég þá koma út, en hann sagði að bifreiðin mundi koma
um kl.21,30. Á þessum tíma kom bifreið sem gaf hljóðmerki og
fórum við Erla að þeirri bifreið og er ég opnaði bifreiðina sagði
ökumaðurinn, "ert þú Sævar", ég svaraði því játandi og settist
inn í bifreiðina. Ég get ekki tjáð mig með vissu af hvaða tegund
bifreiðin var, en þetta var 4.dyra bifreið, brúnleit. Þetta getur
hafa verið Volvo, Fíat, eða Contina, ég er ekki viss. Bifreiðinni var
^{Vatns} að ~~Vatns~~astíg, en þar bað bifreiðarstjórinн mig að fara og
sækja Kristján Viðar. Ég fór gangandi að húsi nr.32 við Laugaveg
og hringdi þar dyrabjöllunni, Kristján kom til dyra og var hann til-
búinn til að fara, ég man að hann var klæddur í hvíta loðskinns-
frakka, sem náði niður á mið læri. Við Kristján gengum að bif-
reiðinni og settist ég í framsætið við hliðina á ökumanni, en
Kristján sat beint fyrir aftan mig í aftursætinu og Erla var beint
fyrið aftan ökumanninn í aftursætinu. Ég man að Kristján spurði
bifreiðastjórnann hvað klukkan væri, hvort hann þyrfti að fara eitt-
hvað út í þæ, en hann svaraði því neitandi.

Ég vil geta þess að er ég kom í bifreiðina að Hjallavegi og þann tíma sem við vorum að aka að Vitastíg, ræddi ég við öku-manninn um áfengissmyglið og man ég þá að hann skýrði mér frá því hverjir stæðu að því, en nöfn þessara manna hef ég áður gefið upp í skýrslu. Einnig ræddum við um framkvæmdina á smyglinu og skýrði hann mér frá því að smyglið færi fram á trillubáti, en ég fann þá inn á það að áfengið væri geymt í einhverju húsi í Keflavík, og að ekki stæði til að fara neina bátsferð þetta kvöld. Er ökumaðurinn fann það að ég var ~~farið~~ að hafa áhuga á þessu, eyddi hann þessum umræðum og fór að tala um hasssmygl, og kosnaðinn sem því fylgdi.

Eftir að við Kristján komum í bifreiðina var ekið af stað, snúið við á Vitastígnum, ekið eftir Hverfisgötu, Snorrabraut og sem leið liggur til Keflavíkur. Á leiðinni til Keflavíkur man ég að Kristján og ökumaðurinn ræddu um það að þeir þyrftu að hitta einhvern mann í Keflavík og þyrfti það að ske á einhverjum tíma, sem hafði verið ákveðin. Ég vil geta þess að ökumaður bifreiðarinnar ók allgreitt til Keflavíkur eins og hann væri að flýta sér. Ég man að við ókum götu þá sem liggur inn í Keflavík og síðan var beygt til hægri og ekið nokkuð skáhallt og stöðvað rétt hjá sölturni. Þar afhenti ökumaðurinn Kristjáni Viðari bréfmiða, sagði honum að fara og hringja í Geirfinn og segja honum að koma gangandi að Hafnarbúðinni. Kristján fór og kom aftur eftir stutta stund og sagði þá að þetta væri allt í lagi. Ég vil geta þess að ég ~~ekki~~ alveg viss um það hvort Geirfinnur átti að fá einhverja peninga, eða afhenda peninga. Ég man að ökumaður bifreiðarinnar ók bifreiðinni eitthvað frá Hafnarbúðinni og allt í einu kom maður sem ég veit núna að var Geirfinnur Einarsson, að bifreiðinni og settist í aftursætið við hliðina á Kristjáni Viðari. Ég man að bifreiðarstjórinн heilsaði Geirfinni og að Kristján fór að tala við Geirfinn og man ég að honum var sagt að þetta væri Sævar og þetta væri Erla, sem þarna væru í bifreiðinni líka. Það var síðan ekið um bæinn og man ég að Kristján, ökumaðurinn og Geirfinnur voru að ræða saman og það kom eitthvað neikvætt upp í samræðunum. Mér fannst sem þeir vildu ekki ræða eitthvað vegna nærveru okkar Erlu. Að endingu var ekið að Dráttarbrautinni og stöðvað nokkuð fyrir ofan sjálf húsið og fannst mér sem smyglið hefði átt sér stað fyrr um kvöldið. Ég veitti athygli sendibifreið, sem stóð nokkru neðar í Dráttarbrautinni, þetta var bifreið með kassalagaðri yfirbyggingu.

Ökumaður bifreiðarinnar sem ég var í gekk að sendibifreiðinni og ræddi við einhvern þar, síðan fór hann í yfirbyggingu tók þaðan tvo stóra plastbrúsa og setti þá í

fara ~~angurs~~ geymslu ~~um~~ bifreiðarinnar sem við vorum á. Ökumaður bifreiðarinnar opnaði síðan bifreiðina og fóru Geirfinnur og Kristján út úr bifreiðinni og gengu þeir síðan allir í áttina að sendibifreiðinni, en við Erla sáum eftir í bifreiðinni. Skyndilega veittum við því athygli Erla og ég að átök voru byrjuð ~~xxx~~ ekki langt frá sendibifreiðinni. Sáum við Kristján slá manninn, einhver maður sem mun hafa verið í sendibifreiðinni hélt Geirfinni á hálstaki og ökumaður á bifreiðinni sem við vorum á sló Geirfinn einnig. Maður þessi sem hélt Geirfinni á hálstaki, var maður um 40 ára gamall, herðabreiður, dökkhærður greiddi hárið beint aftur, kringlótt andlit og var aþykkur. Er við Erla sáum að átök voru byrjuð gengum við út úr bifreiðinni og í áttina að mönnunum og gekk ég að þeim og get því lýst þessum manni sem hélt Geirfinni. Skyndilega veitti ég því athygli að Erla var horfinn í burtu. Æg man að ég gekk til Kristjáns og spurði hann hvað væri að ske, en hann svaraði því til að það væri eitthvað ósamkomulag og gaf ekki neitt frekar út á það. Ég sagði við hann að ég vildi komast í burtu frá þessu, Erla væri horfinn og þá sá ég Geirfinn liggja á jörðinni hreyfingalausn og spurði ég hann hvort hann hefði lamið hann en hann svaraði því neitandi. Ég gekk um svæðið og kallaði á Erlu en án árangurs. Er ég kom að bifreiðinni aftur var Kristján og ökumaðurinn komnir þangað og man ég að ég settist í aftursæti bifreiðarinnar en Kristján sat í framsætinu. Eftir að ég var kominn í bifreiðina sá ég er tveir menn tóku Geirfinn og settu hann aftur í ~~bifreiðina~~ ^{þennan} bifreiðina.

Síðan ókum við í burtu frá staðnum og man ég þá að ég veitti kápu Erlu athygli, þar sem hún lá í aftursæti bifreiðarinnar. Við ókum um næsta nágrenni til að leita Erlu en fundum hana ekki, síðan var ekið að einhverju húsi og þar fór ökumaðurinn inn, ég veit ekki hvert erindið var, ég man að ég lenti í orðaleik við þá þar sem ég vildi finna Erlu vegna þess hve illa hún var klædd en þeir voru því mótfallnir. Ég ræddi við Kristján á meðan ökumaðurinn var inn í húsi því sem hann hafði stöðvað við. Þá segir Kristján að það hafi átt að ná í miklu meira af áfengi, Geirfinnur hafi átt að fá þessa two brúsa sem voru komnir í bifreiðina og var það umsamið, ég veit að samkomulag þetta var gert í Klúhbnum þann 17.11 en Geirfinnur var þar þá ölvatur og mun hafa hitt ~~Geirfinn~~ Kristján og ökumann bifreiðarinnar þá um kvöldið og til átti að taka gat Geirfinnur ekki staðið við sinn hlut. Það er míin skoðun að þeir hafi fengið símanúmer hans hjá honum sjálfum í Klúhbnum. Miðinn var ekki skrifaður í bifreiðinni, heldur var búið að skrifa hann. Ég heyrði er þeir voru að ræða saman í

Kristján og Geirfinnur bifreiðinni, að vitnað var til samkomulags, sem hafði verið gert í Klúbbnum.

Ég man að er ökumaðurinn kom í bifreiðina aftur fór ég fram á það að verða eftir í Keflavík, vegna Erlu, en ökumaðurinn neitaði því. Ég tel að Erla hafi farið er hún sá að slagsmál voru byrjuð, hún hafi orðið hrædd vegna þess.

Síðan var ekið til Reykjavíkur og var mér ekið að Hjallavegi 31, en Þó er ég fór þar út bifreiðinni gleymdi ég kápunni. Um morguninn þann 20.11. vaknaði ég við það að Erla kom heim, hún lagðist upp í rúm og sofnaði. Ég man að ég spurði hana að því hvernig hún hefði komið í það og sagðist hún hafa komið á "puttanum". Ég spurði hana af hverju hún hefði hlaupið í burtu og svaraði hún því að hún hefði séð slagsmál og mann liggja á jörðinni. Hún skýrði mér frá því að hún hefði dvalið í einhverju húsi í Keflavík um nóttina.

Ég man að ég hafði símsamband við Kristján daginn eftir og spurði þá m.a. um kápuna, og svaraði hann því að hún væri hjá sér og ég gæti sótt hana þangað. Ég spurði hann einnig hvort ég gæti ekki fengið áfengi, hann svaraði því á þá leið að það yrði að biða með það. Ég fór til Kristjáns þennan sama dag og sótti kápuna og fór þaðan til Bjarna Þórs Þorvaldssonar, ^{Bergþórugötu 27} en hann ætlaði ég að biðja að aka mér út á Hjallaveg. Hann hafði ekki bifreið, kápuna skildi ég eftir hjá honum og fór í burtu. Ég sótti kápuna síðan til hans um vorið, ¹⁹⁷⁵ petta var blá kápa með hettu.

Ég veit ekki hvað varð um Geirfinn eftir að hann var settur í ~~bifreiðinni~~ sendibifreiðina í Dráttarbrautinni, hvort hann hefur látið lífið þar eða ekki. Ég hef ekki fengið neitt áfengi ennþá fyrir þessa ferð, ég fór til Kaupmannahafnar strax í desember ~~1975~~ Erla hafði farið rétt á undan mér þangað. Ég vil geta þess að ég hef spurt Kristján Viðar að því þegar ég kom frá Kaupmannahöfn, 1975, hvað hefði orðið um Geirfinn en hann svaraði því til að hann vissi það ekki. Petta samtal átti sér stað við Menntaskólann við Antmannsstíg.

Ég hafði gert samkomulag um það við Kristján, að ég fengi áfengi, gegn því að þurfa ekki að greiða neitt fyrir það og áfti þetta að vera vinargreiði á milli okkar Kristjáns.

Skýrslutöku lauk kl. 22,00.

Mætta er gert ljóst að skýrslutaka þessi hefur farið fram úr 6. klst., en hann hafði verið til yfirheyrslu að Borgartúni 7 frá kl. 13,00 til kl. 18,00 er hann var fluttir í Síðumúla og þessi skýrslutaka hófst, en hann gaf samþykki sitt til þess að halddið yrði áfram.

Upplesið, staðfest:

Sævar M. Ciselski
Sævar M. Ciselski

Vottur:

Ivar Hannesson
Ivar Hannesson,

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

14. sept. 1976 kl. 17:35 er mettur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. að Kvíabryggju, Tryggvi Bjarni Kristjánsson verkam. til heimilis að Faxabraut 25 í Keflav. sími 3156, fæddur 7. 10. 1959 í Njarðv.

Bjarni
Tryggvi ~~Bjarni~~ er nú refsifangi hér að Kvíabryggju.

Gætt er l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mala og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er hugsanlegur kunningsskapur hans við Geirfinn Einarsson, eða hugsanleg vátneskja Tryggva Bjarna um hvarf hans.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg hef undanfarin ár dvalist í Njarðvíkunum og Keflavík og þekki því þar töluvert mikið af fólki. S. l. 3 ár hef ég mikið staðið í dreyfingu fíkniefna og eins neitt þeirra að staðaðri pennan tíma. Sennilega ~~hæf~~ hefur þessi neysla míni verið meira og minni daglega. Eg hef neytt efna eins og hass, LSD, "speed" o. fl. Það hef hjá löggreglunni í Keflavík gert grein fyrir þessum athöfnum mínum og er refsivist míni nú að hluta vegna þeirra.

Eg hafði herbergi á leigu hjá bróður mínum Guðleifi Sveini Kristjánssyni að Þórustíg 32 í Ytri-Njarðvík. Eg var með þetta herbergi í ca. 2-3 mánuði síðast á árinu 1974 (eturinn) og svo fekk ég það aftur sfiðari ~~há~~ hluta s. l. árs, það er 1975 og hafði það þá í rúmlega 1/2 ár. Guðleifur Sveinn er nú fluttur af Þórustígnum og starfar í Svíþjóð, en nánar veit ég ekki um núverandi dvalarstað hans. Hann hafði á leigu íbúð á annari hæð á Þórustígnum og tilheyrði henni herbergi í kjallara hússins, en það herbergi hafði ég svo á leigu.

Um Geirfinn Einarsson hef ég það að segja, að ég kynntist honum ekki löngu áður en hann hvarf. Eg get ekki sagt nákvæmlega til um tímann, en það var vetur. Tildrög þess, að ég kynntist Geirfinni voru þau, að hann kom ~~xx~~ til míni í herbergið á Þórustígnum um nótt. Eg ~~xx~~ held að klukkan hafi verið um þrjú og Geirfinnur hafi verið að koma af dansleik. Hann var, að ég best man, eitthvað undir áhrifum áfengis, en ekki mikið. Hvort hann var að koma af dansleik, það get ég ekki sagt til um með vissu, en tel það hafa verið. Ekki man ég nákvæmlega eftir orðaskiptum okkar Geirfinns, en hann bauð mér spíritus til ~~x~~ kaups. Hann hafði orð á því, að honum væri kunnugt um það, að ég stæði í sölu og dreyfingu á fíkniefnum og lyfjum og hann vissi einnig, að mér væri treystandi. Geirfinnur bauðst nú til þess að selja mér spíritus og létt mig hafa símanúmer sitt, sem hann sagði

mér að hringja í, ef mig vantaði spíritus. Ekki man ég þetta símanúmer lengur og held ég örugglega, að ég sé búinn að glata miðanum, sem ég skrifaði það á. (Það er h'attur minn að skrifa alltaf símanúmer afturábak, til þess að aðrir geti ekki átt að sig á þeim. Þetta finnst mér einhvern veginn öruggara). Eg er viss um, að símanúmerið, sem Geirfinnur létt mig hafa, var heima hjá honum, en ekki á vinnustað. Okkur talaðist svo til, að þegar ég hringdi í Geirfinn til þess að spíritus, þá ákveðdi hann afhendingarstaðinn, sem svo síðar alltaf reyndist vera við veitingastofuna Hafnarbúðina í Keflavík. Tíminn var alltaf á milli kl. 21:00 og 21:30. Þarna heima hjá mér um nöttina, þá sagði Geirfinnur mér, að spíritusinn væri á 2-3 lítra plastbrúsum og kostaði hver brúsi kr. 5.000,00. Mér leist vel á þetta tilboð hans og tók því. Eftir þetta keypti ég svo þrívegis spíritus af honum og fór afhendingin fram, eins og fyrr segir, við Hafnarbúðna hverju sinni á milli kl. 21:00 og 21:30. Eg hringdi fyrst heim til Geirfinns og ákvað hann stað og tíma, annað töluðum við ekki um í símann. I einu af þessum tilvikum minnir mig, að ~~Geirfinn~~ kona Geirfinns hafi komið í símann. Þá spurði ég eftir Geirfinni og kom hann þá í símann. I síðasta sinnið, sem ég fekk spíritus hjá Geirfinni, var ca. 1/2 mánuði fyrir hvarf hans. Eg vissi hver maðurinn var, áður en hann hvarf, því hann sagði mér nafn sitt, er hann kom til míni um nöttina og bauð mér visökíptin. Geirfinnur kom alltaf fótgangandi til stefnumótana við mig hjá Hafnarbúðinni, en ekki í bifreið, og var þá með spírabrúsann í plastpoka. Hann var alltaf einn síns liðs og það var ég einnig, enda hafði svo um samist með okkur. Aldrei nefndi Geirfinnur það hvar hann fengi þennan spíritus, en ég gerði ráð fyrir, að hann væri af Keflavíkurflugvelli. Mér var og er kunnugt um, að þaðan væri hægt að fá spíritus, svo kallaðan "flugvélaspíra". Eg veit hvar þessi sökvi er geymdur á flugvellinum og held ég, að slökkvilið vallarins hafi einhvern aðgang að honum.

Eg er alveg viss um, að maður sá, sem ég hef hér rætt um, var Geirfinnur Einarsson, sá er svo hvarf í Keflavík í nóvember 1974. Eg þekkti hann þá á myndum, sem birtust í fjölmölum og einnig á mynd þeirri, sem nú ekki alls fyrir löngu birtist í tímaritinu Samíel. Hver afdrif Geirfinns urðu, það veit ég ekki, nema af sögusögnum og

er ég ekki fús að tjá mig um það atriði; í það minnsta ekki að sinni. Hvað varðar aðila þá, sem nú sitja í gæsluvarðaaldi, þá þekki ég af þeim þau Erlu Bolladóttur, Sævar Ciesielski og Tryggva Rúnar Leifsson. Ég þekki þau Erlu og Sævar aðeins í sjónog er það í sambandi við fískniefni, en Tryggva Rúnar hef ég talað við.

Spíritus pann, sem ég keypti af Geirfinni, seldi ég að nokkru aftur. Þá var ég búinn að blanda hann til helminga með vatni og setja á þriggjapela flöskur. Hverja flösku seldi ég svo á kr. ~~5.000,00~~. Ekki man ég hverjum ég seldi svona áfengi, nema strák, sem heitir Mike og á heima í húsi við hliðina á versluninni Garðarshólma í Keflavík og ég held strák, sem heitir Halldór Sigurðsson og á heima í húsi við Greniteig í Keflavík. Mig minnir, að ég hafi aðallega notað flöskur undan Smirneff-vodka og Biancha undir spírablönduna.

Yfirheyrslu lauk kl. 18:45.

Upplesið, staðfest:

Ivar Hannesson
Ivar Hannesson

Tryggvi Bjarni Kristjánsson
Tryggvi Bjarni Kristjánsson

E. N. Bjarnason
E. N. Bjarnason
lögreglum.

PÝDING

RANNSÓKNARDEILDIN
REYKJAVIK

650

Hekla Erla
Reykjavík, 15.10.1976

1) Athugasemd:

Það sem Erla hefur skrifað niður snertir ekkert framburð hennar þ.e.a.s. fyrirmælin sem Sævar hefur gefið hennu og hvaðan hún hefur fengið svo yfirgripsmikla þekkingu á því sem gerðist í Keflavík. Í samtali við Víði, rannsóknarlögreglumann sagði hún í því sambandi, að hún hefði aldrei fengið bein fyrimæli. Heldur hafi það verið þannig, að Sævar hafi talað (við sjálfan sig) og endurtekið oft það sama. Þannig hafi hún ályktað, að hún ætti að segja frá í svipuðum dúr.

15.10.76 benti ég henni ákveðið á andstæður í framburði í viðurvist Eggerz, Viðis og túlksins, Auðar Gestsdóttur. Hún lýsti því enn yfir grátandi að hún hefði aldrei fengið bein fyrimæli frá Sævari. Er hún var áminnt lýsti hún því enn yfir að hún hafi ekki verið í Keflavík, hún héldi fast við það. Enginn tryði henni og hún vissi varla lengur hvað hún ætti að segja. Hún var hvött til þess að segja loks frá því hvaða aðilar hefðu sagt henni í einstökum smáatriðum frá því sem gerðist. Stöðugt hélt hún því fram að það væri ímyndun sín. Einu sinni sagði hún orðrétt: "Ég hef búið það allt til". Þegar hún var áminnt frekar og sagt frá því að hún gæti ekki hafa fundið upp þessi einstöku atriði sem bæri saman við framburð annarra, komst hún í mikla geðshræringu. ~~xMækkaxþmx~~ Yfirheyrlunni varð að ljúka þegar hér var komið.

Erla hafði áður lýst yfir eftirfarandi, ýmist efnislega eða orðrétt:

"Eg held fast við það að ég var ekki í Keflavík."

Þegar því var haldið fram við hana að hún gæti ekki vitað um ýmis smáatriði sem hún hefði borið fram nema hafa verið á staðnum, sagði hún "Nú, þá hef ég bara verið í Keflaví, ég man bara ekkert eftir því."

Þegar hún var spurð hvaðan hún hefði öll einstök atriði:

"Eg hef fengið upplysingar úr ýmsum áttum."

Þegar því var haldið fram við hana að svo liti út sem hún væri sem fyrr að vernda Sævar, sagði hún:

"Nei, ég er ekki að vernda hann. Eg er að vernda sjálfa mig!"

Þegar hún var spurð hvort hún væri hrædd við Sævar:

"Nei, ég er ekki hrædd við neinn."

Þegar hún var spurð að því hvort hún vildi sýna svonefndum undirheimum samheldni sagði hún (undirheimaheiður væri í veði)
"Eg er ekki í neinum undirheimum."

Minnst var á samtalið sem hún hafði lýst að hefði átt sér stað í fólksbifreiðinni milli ökumannsins og Sævars..

(Erla hafði borið að talað hefði verið um að ryðja einhverjum úr veginum, sem boðið hafði verið fé til að þegja). Þegar hún var spurð að því hvaðan henni kæmi vitneskja um þetta samtal, ef hún hefði ekki verið með í ferðinni, svaraði hún:

(sagt)

"Hefur Sævar viðurkennt það?"

Þegar henni var sagt að yfirheyrslan yrði að taka enda varð hún æst. Hún virtist ætla að komast í móðursýkiskast.

Erla lamdi aftur og aftur í borðið og æpti grátandi:

"Enginn trúir mér hérna". Á leiðinni í fangelsið hótaði hún sjálfsmorði svo að Víðir heyrði.

strax

Fangelsisstjórninni var/tilkynnt um það.

Klukkustund síðar, eða þar um bil, eftir að hún var komin í fangelsið lagði hún fram bréf (fskj.) sem hún bað um að yrði fengið undirrituðum.

Schütz sign.

22.10.1976. Í dag fór undirritaður á skrifstofu Dagblaðsins í Síðumúla, ásamt Sigurbirni Viði Eggertssyni lögreglum. Við ræddum þar við, Jón Birgi Pétursson fréttastjóra, f. 21.9.1938, nafnnr. 5177-2563, tilh. Holtágerði 2, Kópavogi sími 41168 og v.s. 85112.

Við birtun Jóni tilefni komu okkar og sagði hann okkur, að eitthvað hefði hann heyrta þessu viðvíkjandi, en myndi ekki hver væri heimildarmaður sögunnar.

Hann sagðist hafa verið f kvöldverðarboði, eða komið einhversstaðar þar, sem nokkrir menn voru samankomnir og hefði þar m.a. verið rætt um Geirfinnsmál. Þetta hefði verið á s.l. vetri. Hann sagði okkur, að talað hefði verið um mann, sem hefði eitthvað unnið í aukavinnu á skrifstofu Klúbbsins við bókhald, en eftir honum hefði verið haft, að reikningar með nafni Geirfinns Einarssonar, hefðu komið á skrifstofuna og þá sennilega reikningar af börum Klúbbsins.

Jón sagði, að Álfengi hefði verið haft þarna um hönd.

Hann sagðist ætla að reyna að grufla upp, hvar þetta hefði verið og þá láta strax vita, ef eitthvað kæmi út úr því. Jón sagði okkur, að Magnús Gíslason fréttaritari, hefði verið á skrifstofu hans er hann kom til baka og þá hefði hann eitthvað sagt Magnúsi frá þessu.

Ivar Hannesson
lögreglum.

26. okt. 1976.

Upplýsingar varðandi Daniel Águst Danielsson.

Nafnnúmer: 1562-4507.

Fæddur: 14. 8. 1954.

Lögheimili: Mýrargata 24, Neskaupsstað.

Dvalarstaður: Lindargata 7 B, Siglufirði.

Unnusta: Elín Vigdís Ólafsdóttir sama stað.

Fædd: 24. 5. 1958.

Talið er, að Daniel Águst sé sonur núverandi eða fyrrverandi yfirlæknis í Neskaupsstað.

Elín Vigdís er dóttir Ólafs Th. Ólafssonar, Vallholti 23 á Selfossi, sími 99-1659.

Daniel Águst er talinn fyrst koma við sögu fíkniefna árið 1973. Smyglaði þá 800 gr. af hassi frá Kaupmannahöfn, neytti þess og seldi. Hefur viðurkennt frekari hassneyslu og dreyfingu efnisins í Menntaskólanum á Laugarvatni.

Hlaut fyrir ofangreint ákærufrestun í 1 ár þann 19. 1. 1976.

Vitað er, að Daniel Águst hefur síðan stundað neyslu henni, m. a. í Stykkishólmi á s. l. vori, en hefur neitað því við málsrannsókn.

Pann 19. nóv. 1974 keypti Daniel Águst farseðil undir fölksku nafni til Kaupmannahafnar-Glasgow og fór með vél frá Flugleiðum frá Keflavíkurflugvelli daginn eftir.

Daniel Águst er talinn mjög þvermóðskufullur og ekki játa á sig sakargiftir fyrr en í fulla hnefnana.

Elín Vigdís mun vera svipað skapifar og hafa um hönd fíkniefni í félagi við Daniel Águst.



E. N. Bjarnason
lögreglum.

Rvík. 28.lo.1976, kl. 14,45 er tekin til skýrslutöku gæslu-fanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. g.6.7.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar sem er vegna hvarfs Geiffinns Einarssonar úr Keflavík þann 19.11.1974. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" I nóvember 1974 hafði samband við mig maður sem heitir Guðjón Skarphéðinsson og innti hann mig eftir því hvort ég gæti ekki selt fyrir sig spíra, sem hann gæti útvegað í gegnum einhver aðila. Ég svaraði því til að ég skyldi athuga málið og hafði ég samband við Kristján Viðar Viðarsson, en hann dvaldi þá að Laugavegi 32. Kristján kvaðst skyldi athuga málið og gaf ég Kristjáni jafnframt upp símanúmer hjá Guðjóni ef hann vildi hafa samband við hann. Ég veit að Kristján fékk í eitt skipti hjá Guðjóni, en það var Guðjón sem sagði mér frá því.

Þann 18.11.1974 hafði Kristján Viðar símsamband við mig að Hjallavegi 31 og skýrði hann mér frá því að það sé maður sem heiti Geirfinnur og jafnframt gaf hann mér upp símanúmerið hjá honum, en hann ætti heima í Keflavík, sem vildi kaupa spíra. Ég skrifaði nafn Geirfinns og símanúmer hans hjá mér, en síðan hafði ég símsamband við Guðjón Skarphéðinsson seinnipertinn þennan sama dag og skýrði honum frá þessu. Guðjón kvaðst geta útvegað spírann og gat þess að hann vildi hafa símsamband við manninn. Gaf ég honum upp símanúmer Geirfinns.

Þann 19.11.1974 hafði Guðjón símsamband við mig að heimili móðir minnar, að Grýtubakka lo, en þá var klukkan ekki orðin 20,00. Ég skýrði Guðjóni frá því að ég væri á fórum að Kjar-valastöðum á kvíkmyndasýningu, með móðir minni og Erlu Bolla-dóttur, sambýliskonu minni. Sagði hann mér að hann væri búinn að hafa símsamband við Geirfinn og væri ákveðið stefnumót við hann kl.21,30 um kvöldið í Keflavík. Það hafði verið um það samið að sá sem gæti selt spíra fengi ákveðnar prósentur fyrir það magn sem hann seldi og átti Kristján Viðar að fá ákveðnar prósentrur fyrir það magn, sem Geirfinnur hugðist kaupa, en mig minnir að hann hafi ætlað að kaupa 60 lítra. Hann spúrði hvort Kristján vildi ekki koma með til Keflavíkur, en ég kvaðst ekki geta svarða því, en ég skyldi hafa samband við hann, sem ég síðan gerði frá Kjarvalsstöðum. Ég minnist þess að er ég hringið í Kristján var það Páll Konráðsson, sem svaraði í símann.

I samtali okkar Guðjóns var það ákveðið að hann kæmi að Hjallavegi 31 og sækti okkur Erla, en það hafði verið ákveðið að hún kæmi með, um kl.21,00 um kvöldið, en sýningin að Kjarvalsstöðum var búinn um kl.20,45. Æg vil geta þess að Guðjón þekkti Erlu Bolladóttir lítið eitt. Strax eftir sýningur að Kjarvalsstöðum ók Erla bifreið okkar, sem var jeppabifreið af tegundinni Land-Rover að Grýtubakka lo, þar sem mððir míni fór úr bifreiðinni. Síðan fórum við rakleitt að Hjallavegi 31. Við höfðum ekki verið þar í langa stund, er Guðjón kom þar, hann kom inn og spurði okkur hvort við værum ekki tilbúinn til að halda af stað, og man ég að hann bað okkur að flýta okkur þar sem við værum orðin sein fyrir. Við fórum út í bifreið, sem Guðjón hafði til umráða, en ég tel að það hafi verið Citreon bifreið, brún og ljós að ofan, ég man að ég settist í framsæti bifreiðarinnar og að Erla settist í aftursætið. Síðan var ekið af stað og stöðvað á Vatnsstíg, við höfðum ekið Laugaveg og beygðum norður Vatnsstíginn, og snéri framendi bifreiðarinnar til norðurs.

Æg fór að húsi nr.32 við Laugaveg og þar hringdi ég dyra-bjöllunni og kom Páll Konráðsson til dyra. Æg sá Kristján standa nokkuð innar á ganginum og kallaði ég til hans að koma. Kristján kom strax og gengum við saman að bifreiðinni. Æg hef áður lýst fatnaði Kristjáns í lögregluskyrslu. Æg man að Guðjón var klæddur í leðurjakka og hvíta peysu, sem náði upp í háls. Æg settist í framsæti bifreiðarinnar aftur, en Kristján settist í aftursæti og man ég að hann fór inn í bifreiðina hægra megin. Bifreiðin hafði verið staðsett rétt norðan við horn, sem er á húsi því sem Dún & Fiðurhreinsunin er í á Vatnsstíg.

Strax var hadlið af stað og var ekið að Hverfisgötu og þar beygt til austurs og síðan var beygt suður Snorrabraut og rakleitt styttstu þeið til Keflavíkur án þess að stöðva nokkuð. Á leiðinni til Keflavíkur var rætt um Geirfinn og var það Guðjón sem hón þær umræður. Æg minnist þess að Guðjón sagði eitthvað á þá leið að Geirfinnur hefði verið eitthvað neikvæður er hann ræddi við hann og man ég að það var rætt um það að ef Geirfinnu yrði ekki eins og maður skydli honum sýnd full harka. Samræðurnar snérust einnig um það að hann gæti verið hættulegur. Ekki kom til umræðu að Geirfinnur skyldi dreppinn. Æg minnist þess að Kristján tók pátt í samræðum þessum.

Guðjón hafði sagt mér frá því hverjir stæðu bak við petta smygl og hef ég sagt frá þeim aðilum í öðrum lögregluskyrslum sem af mér hafa verið teknar.

Einnig gat hann pess að smaglið væri sótt á báti, en ég pekki ekki þá aðila, sem par eru.

Er til Keflavíkur kom var farið beint að Hafnarbúðinni, en þangað ók Guðjón beint. Bifreiðin var stöðvuð pannig við húsið að afgreiðsludyrnar voru fyrir aftan bifreiðina. Eins og fyrr er getið og komið er fram í skýrslu sem af mér hefur verið tekin, hafði stefnumótið verið ákveðið kl. 21,30, en sú áætlun hafði farið út um þúfur. Æg tel að klukkna hafi verið 22, lo til 22,15 er við vorum komin til Keflavíkur. Var því ákveðið að hringja aftur til Geirfinns og stakk ég upp á því að Kristján færi og hringdi. Guðjón skrifaði á bréfmiða símanúmer Geirfinns og afhenti Kristjáni miðann. Æg minnist pess að Guðjón reif bréfmiðann úr vasabók, sem hann hafði. Æg sá er Guðjón skrifaði miðann. Á honum stóð nafn Geirfinns, símanúmer hans, ég man að tölustafirnir 31 stóðu í því og jafnframt var talað um að hann skyldi koma gangandi á þann stað sem ákveðið hafði verið að hittast. Kristján fór inn á Hafnarbúðina og kom aftur eftir stutta stund aftur og spurðum við þá hvort hann hefði náð sambandi við Geirfinn og svaraði hann því játanndi. Við biðum smástund, en síðan var bifreiðinni snúuð við og skyndilega sá ég mann, sem var kominn alveg að bifreiðinni hjá okkur. Bifreiðin var þá stöðvuð og Kristján opnaði hurðina og heilsaði Geirfinni og settist Geirfinnur inn í bifreiðina hægra megin að aftan. Bifreiðinni var ekið af stað og var verið að ræða um spíra. Síðan var ekið að Dráttarbrautinni og bifreiðin stöðvuð að ofan verðu við hús þau sem eru við Dráttarbrautina. Þá veitti ég athygli sendibifreið sem stóð nokkuð neðar í Dráttarbrautinni, en var þó nokkuð langt frá sjónum og bryggju þeirri sem er við Dráttarbrautina. Eftir að Guðjón hafði stöðvað bifreiðina gákk hann strax að sendibifreiðinni, en við hin biðum öll í bifreiðinni. Æg minnist pess að ég sá Guðjón vera að ræða við einhvern í sendibifreiðinni og tel ég að það hafi verið ökumaðurinn, en hann var þeim megin við bifreiðina. Síðan fór hann í yfirbyggingu sendibifreiðarinnar og tók þar two plastbrúsa, sem ég tel að í hafi verið spíri, en þetta voru brúsar undan maurasýru, égsá er hann setti þá í farangursgeymslu bifreiðar sinnar. Síðan gengum við allir að sendibifreiðinni og þá var farið að ræða um greiðslu fyrir spírann.

Upphaf samræðnanna var að einn mannanna, sem ég hef áður lýst, sem lágum, þrekvöxnunni manni, með kringlótt andlit ~~og var aþykktum~~ og var aþykktum spurði mig hvort ég hefði verið til sjós. Tók ég ekki spurning mannsins pannig að hann væri að bjóða mér sjóferð, heldur fannst mér hann taka mig fyrir annan. Kristján

pekkti manninn sýnilega enda hafði ég séð ~~hann~~ þá á þali saman úti á götu og vissi ég að hann hafði komið heim til Kristjáns einhvern tímann á árinu 1973. Kristján svaraði manninum að ég (þ.e. Sævar) hafi ekki verið til sjóss. Guðjón segir þá við þybbna manninn "þekkist þið ekki" og átti við Geirfinn. "Néi, ég þekki hann ekkert", svaraði sá þybbni, en Geirfinnur sagði ekkert. Guðjón sagði þá við Geirfinn "ætlar þú ekki að taka þessa", en Geirfinnur svaraði engu. Þá segir Guðjón. "Hvaða vitleysa er þetta eiginlega" og horfði á okkur Kristján. Kristján fór þá að tala við Geirfinn og sagði við hann. "Vorum við ekki búinir að ræða þetta í Klúbbnum?" Geirfinnur jánskaði því en sagðist ekkert vilja með þetta að gera og sagðist þekkja Sigurbjörn í Klúbbnum og okkur hina. Kristjá sagði þá "Heyrðu sko", en sá þybbni sagði við Geirfinn. "Þú þegir yfir þessu". Geirfinnur svaraði þessu engu og vildi ekker við okkur ræða og gerði sig límklegan til þess að fara. Kristján stóð andspærir Geirfinni, en við hinir til hliðar, ég stóð næst Kristjáni hægra megin við hann, Guðjón var vinstra megin við Kristján, en hægra megin við Geirfinn, en þybbni maðurinn vinstra megin við Geirfinn. Geirfinnur gekk áfram og ýtti hann Kristjáni úr vegi, en Kristján sló þá til hans og sá ég að höggið lenti á andliti Geirfinns, stökk ég einnig á Geirfinn og sló hann í andlitið, en Geirfinnur preif í mig og fleygði mér frá sér. Ég sá að Geirfinnur sló Kristján í kviðinn og andlitið, en ég stóð upp aftur og stökk á Geirfinn og sló hann.

Þá kom þybbni maðurinn aftan að Geirfinni og tók hann hálstaki, en Guðjón var þá kominn með ca. 50 til 60 cm. lurk í hægri hënd og sló hann mjög fast högg í höfuðið og heyrði ég að Geirfinnur gaf frá sér sársaukastunu og varð máttlaus. Þybbni maðurinn hélt Geirfinni uppi með hálstaki og dró hann afturá bak og sleppti honum síðan, en Geirfinnur datt niður hreyfingalaus. Í sama mund kom Kristján með barefli og sló hann 2 högg að ég held í höfuðið á Geirfinni liggjandi, en þá virtist hann átta sig á því að hann var meðvitundarlaus. Mér finnst mjög erfitt að lýsa þessu í samhengi, því þetta gerðist allt á örstuttum tíma. Við Kristján fórum að huga að Geirfinni og sáum að hann var algjörlega meðvitundarlaus. Kristján þukklaði á Geirfinni og horfði svo á mig og hrísti höfuðið og tók ég það pannig að Geirfinnur væri dáinn. Kristján og þybbni maðurinn tóku undir sitthvorum handlegg Geirfinns, drógu hann pannig að sendibifreiðinni og settu hann inn í farangursrými um afturhurð, en við Guðjón gengum að bifreið hans. Þá upp-götvaði ég að Erla var farinn, en síðar kom Kristján til okkar Guðjóns.

Kristján sagði okkur að ákveðið hefði verið að fara heim til hans að Grettisgötu 82 og þangað mundi sendibifreiðin koma og við mundum hitta hina þar, er til Reykjavíkur kæmi. Við, þ.e. ég Kristján og Guðjón ókum um nágrennið til að leita Erlu, en fundum hana ekki, en ég hafði þá veitt því athygli að kápa hennar, sem ég hef aður lýst og brún hliðartaksa lá í aftursæti bifreiðarinnar, en þar sat ég á leiðinni til Reykjavíkur, en Kristján sat í framsætinu hjá Guðjóni. Guðjón ók að einhverju húsi í Keflavík og fór þar inn Hann var þar í u.p.b. 10-15 mín. en þegar hann kom aftur til baka var haldið til Reykjavíkur og sem leið liggur að Grettisgötu 82, en þá var kl.rúmlega 01,00. Ég minnist þess að ég óskaði eftir því að fá að vera eftir í Keflavík, vegna Erlu, en Kristján og Guðjón aftóku það með öllu. Er til Reykjavíkur kom ók Guðjón eftir Grettisgötunni og lagði bifreið sinni vinstra megin gegnt húsi nr. 78. Fórum við allir hjá Kristjáni og sáum þá að sendibifreiðin stóð ljóslaus við húsið (garðsmegin) eins og ákveðið hafði verið. Við fórum þá út um bakiðyrnar og að sendibifreiðinni og settist Guðjón hjá bifreiðarstjóranum. Í farangursrými bifreiðarinnar voru 5 stórir plastbrúsar með spíritus og hjálpaði þybbni maðurinn okkur Kristjáni að bera þá inn í kjallarageymslu til Kristjáns. Er ég sá Geirfinn tekin úr sendibifreiðinni, en það var Kristján og þybbni maðurinn sem héldu á honum á milli sýn, gerði ég mér það fyllilega ljóst að hann var dáinn. Geirfinnur var settur í geymslu þá sem spírinna hafði verið látin. Ég man að ég gekk að hægri framhurð á sendibifreiðinni og sagði við Guðjón að hann skildi koma, því Geirfinnur væri dáinn. Guðjón kom með mér inn í geymsluna en þar voru þeir Kristján og þybbni maðurinn búinir að leggja Geirfinn til. Hafði verið sett utan um hann gólftæppabútur, þannig að aðeins höfuð hans stóð uppúr. Sá ég þá að augu hans voru opin og brostin áverki og blóð á vinstra gagnauga og hafði blóðið runnið fram eftir enni hans, eins og hann hefði legið á grúfu. Einnig minnist ég þess að hafa séð áverka á vanga Geirfinns, sem ég taldi að væri eftir högg það sem Guðjón hafði veitt honum með lurknum. Eftir að hafa gengið fórum Geirfinni var farið út geymslunni og henni læst, en við fórum upp í íbúð Kristjáns, en það var rætt hvað gera skyldi. Fljóttlega varð samkomulag um að koma Geirfinni fyrir og Kristján hafði orð á því að hann gæti ekki verið lengi í geymslunni þar sem amma sín gæti farið þangað hvenær sem væri. Margir staðir voru nefndir, þar sem hægt væri að koma Geirfinni fyrir, leggja hann einhvers staðar til, þar sem hann fyndist, en þá var rætt

um að fingraför gætu fundist, rætt var að henda honum í sjóinn, fara með hann út í Hraun, í kirkjugarð, en að lckum kom Guðjón með upp á stungu að fara með hann á afskekktan stað austur í Grafning, en það var Guðjón kunnugur. Pangar hafði ég farið með Guðjóni sumarið 1974. Ég hef lýst leið peirri sem ekið var er Geirfinnur var dysjaður, en það var farið eftir Pingvallavegi, Mosfellsheiði, beygt suður Grafningsveg og hann ekin nokkuð langt, framhjá bænum Nesjavöllum og minnist ég þess að vegurinn lá alveg við vatn og ekki langt frá þeim stað var Geirfinnur grafin.

Eftir að ákveðið hafði verið að fara og grafa Geirfinn minnist ég þess að Guðjón og þybbni maðurinn ræddust við varðandi sölu á spíranum, sem fyrr er getið. Minnist ég þess að Kristján kvaðst geta selt verulegt magn af honum. Ekki veit ég hvað varð af brúsum þeim sem Guðjón hafði sett í bifreið sína í Keflavík, en þeir voru aldrei teknir út úr bifreiðinni.

Um nóttina ók Guðjón mér heim að Hjallavegi og minnist ég þess að hann var fámáll. Er ég fór úr bifreiðinni gleymdi ég kápu Erlu og handtöskunni. Um morguninn þann 20.11. kom Erla heim, en ég get ekki tímasett það. Ég man að ég spurði Erlu hvar hún hefði verið og svaraði hún því til að hún hefði dvalið í húsi í Keflavík, um nóttina. Ég sagði Erlu ekki frá því hvað hefði skeð í Dráttarbrautinni. Hún hafði orð á því að hún hefði séð áflog við Dráttarbrautina og hefði hún þá orðið hrædd og forðað sér í burtu.

Ég hafði símsamband við Guðjón pennan sama dag og spurði hann þá m.a. um kápuna og handtöskuna. Hann sagði mér að hvorutveggja væri í bifreiðinni. I þessu samtali var einnig rætt um Geirfinn og þann stað sem grafa ætti hann á. Guðjón kvaðst sjálfur ætla að tala um það við Kristján. Síðan um kvöldið pennan sama dag kom Guðjón með kápuna og handtöskuna heim að Hjallavegi. Þann 21.11. hafði ég símsamband við Guðjón og var ákveðið að hittast heima hjá Kristjáni Viðari um kvöldið. Hann talaði um það að hafa samband við þybbna manninn. Ég mætti heima hjá Kristjáni um kvöldið og þar voru þá fyrir Guðjón og þybbni maðurinn svo og Kristján sjálfur. Kristján og þybbni maðurinn fóru í geymsluna þar sem Geirfinnur hafði verið settur og settu hann inn í svarta plastpoka, sem átti að flytja hann í. Geirfinnur var brotin saman og settur í poka, en ekki veit ég hvað margir pokar voru notaðir utan um hann. Síðan var vafið hvítt nælon band utan um pokana, það vafið og settir á það margir hmútar. Þarna um kvöldið var endanlega ákveðið að flytja Geirfinn á laugardeginum austur í Grafning.

Á laggardeginum þann 23.11. sittax eftir hádegi kom Guðjón og sótti mig að Hjallavegi 31. Síðan var farið að Grettisgötu 82 og var bifreiðinni lagt á bifreiðastæði, sem er beint fyrir framan húsdýrnar þar sem Kristján býr. Er við komum inn til Kristján var þar fyrirþybbni maðurinn svo og Kristján. Guðjóni var sagt að fara og koma með bifreiðina garðmeginn að húsinu sem hann og gerði. Við þrí hinir fórum í geymsluna í kjallara hússins og bárum Geirfinn út í bifreiðina. Var hann settur í aftursætið, en þar voru einnig Kristján og þybbni maðurinn, en ég settist sjálfur í framsæti bifreiðarinnar. Síðan var ekið rakleitt á þann stað, þar sem ég hef áður lýst í skýrslunni og Geirfinnur grafin þar. Ég minnist þess að Guðjón var með nokkuð stórt kúbein í bifreið sinni og var það notað til að losa grjót með, en ekki höfðum við önnur verkfæri. Ég tel að það gafi verið farið með Geirfinn 300-400 metra frá veginum sjálfum. Síðan var haldið til Reykjavíkur.

Um vorið 1975, en það var nokkru eftir að ég kom frá Kaupmannahöfn hitti ég Guðjón og var þá m.a. rætt um þann stað þar sem Geirfinnur hafði verið garfin á. Eins og fyrr er getið var aðeins sett yfir hann grjót og því hugsanlega að plastpokarnir sæust í gegnum grjótið. Fórum við þá saman ég og Guðjón austur að bænum Gljúfraholti, en það er í Ölfusi og var erindi okkar þangað að reyna að fá lánaða skóflur hjá kunningja mínum sem heitir Benóný Egísson. Við hittum hann þar, en hann gat þá ekki lánað okkur skóflu, þar sem þær væru í láni hjá bóna þeim sem á bænum býr, en sá staður þar sem Benóný bjó á, er er annað hús sem er þarna á jörðinni og þar dvaldi nokkuð af fólk sem neytir fíkniefna. Varð því ekkert úr að við færum á þann stað þar sem Geirfinnur var grafinn, og mér vitanlega hefur hann ekki verið hreyfður frá þeim stað, þar sem hann var upphaflega settur. Ég vil geta þess að er austur kom var rætt um að henda Geirfinni í Þingvallavatn, en frá því var horfið. I þessari ferð sem við Guðjón fórum að Gljúfraholti stal ég hamri, sem er klaufhamra, með svörtu plasti á hansfangi. Er við fórum frá Gljúfraholti fórum við á Selfoss en Guðjón ætlaði að ~~há~~látta mig fara inn í Apótekið sem er á Selfossi. Ég guggnaði á því, en hamarinn setti ég í bárujárnsklæðan skúr, sem er samfastur við hús það ~~en~~ Apótekið er í. Hef ég vísað lögreglnnni á þennan stað til að hægt sé að finna hamarinn og staðreyna þessa sögu mína. Ég minnist þess að Benóný hafði orð á því við mig hvort ég hefði stolið hamrinum og játaði ég það fyrir honum.

Varðandi klæðaburð Geirfinns þann 19.11. get ég ekki mikið tjáð mig, nema ég man að hann var dökkklæddur en frekari lýsingu get ég ekki gefið.

Sendiferðabifreið sú sem sagt er frá í skýrslu minni að hafi verið í Dráttarbrautinni tel ég vera bifreiðina R-34711, en mér hafa verið sýndar myndir að mörgum bifreiðum og tel þetta vera bifreiðina. Hinsvegar minnist ég þess ekki að hafa séð ökumann bifreiðarinnar svo ég get ekki fullyrt það hver ók bifreiðinni þetta kvöld.

Skýrslutöku lauk kl.24,00.

Upplesið, staðfest:

Sævar M. Cisielski.....

Sævar M. Cisielski

Skýrsluna tök:

.....Tunar Sigurðsson.....

Túnar Sigurðsson, lögreglum.

*.....Tunar Sigurðsson
lögreglum ..*

Mætta er gert kunnugt um það að hann hefur verið lengur en 6 klst. í yfirheyrlu og gaf hann samþykki sitt til þess að halda áfram uns skýrslan væri fullgerð.

Mætti vill bæta eftirfarandi atriðum við skýrslna, í fyrsta lagi það að hann hafi sett hamarinn við hliðina á dælu, sem var í ~~skúrnum~~ skúrnum og að kúbein það sem notað var til að losa um grjót er Geirfinnur var grafinn var tekið heima hjá Kristjáni og tel ég að það hafi verið sett þangað aftur og svo vill ég leiðréttu það að það var farið á Land-Roverbifreið sem ég var eigandi að, en það var Huðjón sem ók bifreiðinni. Það var talið betra að fara á þeirri bifreið þar sem nokkur snjór var og hægt að komast lengra á þannig bifreið. Jafnframt vill ég geta þess að það var í nóvember 1975, að ég fór ásamt Erlu Bolladóttur til Keflavíkur en erindi okkar þar var að kaupa dollara. Þá sýndi Erla mér hús það sem hún kvaðast hafa dvalið í nött þá er við fórum í Dráttarbrautina. Ég veit ekki hvað gatan heitir sem hús þetta er við, en ég tel að ég geti sýnt hvaða hús þetta er. Ég veit að drengur sá sem bjó þarna er kallaður "Siddi", og er hann fyrrverandi unnusti Erlu.

Upplesið, staðfest: *Sævar M. Cisielski*

Skýrsluna tök: *Túnar Sigurðsson*

V. d'r

670

DÝDING / re

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Rvk., 28.10.1976

Athugasemd:

Í dag var haldið áfram að spyrja Erlu Bolladóttur.

Viðstaddir voru:

Víðir
Pétur Eggerz og
undirritaður.

M.a. sagði hún þetta:

"Ég var ásamt Sævari og móður hans þann 19.11.1974 að horfa á bíómynd. Sævar er búinn að skýra frá hvernig bíómynd það var. Um kl. 20.30 fórum við, ca. kl. 20.40 ókum við mömmu Sævars heim. Ég stýrði bílnum. Það var Land-Rover bíllinn okkar.

Um kl. 21.00 fórum við Sævar á Landrovernum til kunningja Sævars, Knudssen. Til að byrja með beið ég út í bíl, en svo kom Sævar og sótti mig inn í hús. Ég talaði við frú Knudsen, á meðan Sævar ræddi við Knudssen um kvíkmyndir. Umræðan stóð u.p.b. eina klst.

Klukkan var um 22.00 þegar við fórum frá húsi Knudssens. Fórum við þá eitthvað áfram um bæinn. Einhversstaðar stoppaði ég, ekki man ég hvar, kannski við Óðinsgötuna eða einhversstaðar."

Erla gerði hér hlé á frásögn sinni og sagðist ekki hafa stoppað við Óðinsgötu. Spurð, hvort einhver hefði komið upp í bílinn og hver það hefði verið, varð hún þögul og dró sig í hlé. Hún grét og sló hendur fyrir andlit sér.

Loks: "Ég get ekki sagt, hvort ég hafi verið við Óðinsgötuna." ~~Síðan~~ Aðspurð, hver óþekkti maðurinn hefði verið, sem ásamt henni, Sævari og Kristjáni með í ferðinni til Keflavíkur var, svaraði hún engu.

Fundi slitið.

- 2 -

Viðbót:

Aðspurð, hvort hún hefði heyrt eða tekið eftir símtali, sem Sævar hefði talað við Kristjan þann 19.11.74, svarar hún eftirfarandi:

"Rétt áður en við fórum á kvíkmyndasýninguna hringdi Sævar úr íbúð móður sinnar til Kristjáns. Æg heyrði eitt-hvað af því sem hann sagði. Æg held að það hafi verið eitthvað um kl. 19.30.

Sævar spurði Kristján hvort hann mundi vilja koma með til Keflavíkur. Sennilega var Kristján ekki strax á því vegna þess að ég heyrði svo Sævar segja: "Hugsaðu málið."

(Schütz, APr.a.D.)

Undirritaður hefi leitað upplýsinga um bifreiðaeign Björgvins Hermannssonar Laugavegi 32 Reykjav. f: 17/9. 1934.

Bifreiðina R 31695 kaupir Björgvin 15. sept. 1972. Þetta er Land Rover jeppabifreið hvít-grá að lit árg. 1962. Þann dag er bifreiðin skráð á hans nafn, en síðan selur hann hana 8.ágúst 1975.

2. júlí 1976 kaupir Björgvin bifreiðina R 401 sem er Mersedes Benz fólkabifr. 280. Árg. '73, græn að lit.

Bifreið þessa kaupir hann af Guðjóni Guðjónssyni Bjarmalandi 16 Reykjavík (N.nr. 2913 5568) Þá skráir hann bifreiðina á númerið R 7392 og er núna skráður eigandi þessarar bifreiðar.

Ekki verxður séð að hann hafi átt aðrar bifreiðar á þessum tíma.

28/lo. 1976.

Jónas Bjarnason
Ranns.löge.m.

673

Björnvin Hermannssoy Langsagi 32.17.9.1934.

Færingard. og ár

17348 Rvsk. 22.9.1951.

Óknak. átg.

Athugasemdir

Daga	Nr. kuru	Keruefni	Afgeildar
<u>Sviptur í 4 mánuðum frá 11.1.1934</u>			
26.9.62			
15.12.63.	15658/63.	I. Meint ölvun v. akstur.	Fellt niður Jan.1964
4.2.65.		I.	
8.7.1967	9192/67	Ölvaður á hestbaki - Hellu á Rangárvöllum - Mótbreiði við lögregluna - GEYMSLA	
2.10.69.	14063/69	Meint ölvun v. akstur.	E 539
19.12.1969		Sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglustjóra-Ökuskr. afhent 19.12.1969	
16.5.1970	6074/70	Ökna.75 km - Vesturlandavegur - Réttindaleus Meint ölvun við akstur R.7392 - Geymsla	
5.7.1970	9285/70	Réttindaleysi við akstur	R.7392
Bréf sákan.		Sviptur ökuleyfi f 1 ár frá 19.12.1969	
27.10.1970			
7.9.1971		I	
1.1.1973	29/73	Brot á stöðvunar skyldu við Néatun	Fellt m3 niður 9/7
28.4.1973	2969/73	Meint ölvun við akstur R.31695	
29.11.74	9416/74	Meint ölvun við akstur R-31695	
15.1.1975		Sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglustjóra-Ökuskr. (ekki) afhent 1.7.1976	
Bréf S.R. 7.1.1976		Sviptur ökul. svilang frá 15.1.1975	
1.7.1976	2736/76	Meint ölvun við akstur R.401 - Réttindaleus	
9.7.1976	2907/76	Réttindaleysi við akstur	R.7392

Föstudaginn 29. okt. 1976 fór ég undirritaður austur í Grafning sunnan Pingvallavatns ásamt Rúnari Sigurðssyni lögreglum. til að athuga sannleiksgildi sögu Sævars Marinós Ciselski þar sem hann hafði greint frá að hann ásamt fleifum hafi farið með lík Geirfinns Einarssonar 23. nóv. 1974 austur í Grafning og urðað það þar.

Sævar hafði gert lauslegan uppdrátt af staðnum, en eftir honum átti líkið að vera urðað einhverstaðar á milli Hagavíkur og Villingavatns.

Við svipuðumst um á umgetnu svæði, en það er allstórt um sig og uppdrátturinn ógreinilegur. Þar sem við fundum ekkert markvert varð Sævar fluttur austur af Grétári Sæmundssyni og Haraldi Árnasyni lögr.mönnum. Hann létt fyst aka sér suður yfir umgetið svæði án þess að geta bent á khveðin stað, en síðan var súið við og er við vorum upp á all hárrí meloldu sem er norðan við Ölvusvatnsána sagði hann að við værum komnir á staðinn þar sem þeir hefðu tekið líkið úr bílnum. Hann gekk síðan vestur eftir melöldunni en var ekki öruggur um hvert hann ætti að leita, en fljóttlega stoppaði hann í litlu gildragi þar sem í var mikið af lausu grjóti og einnig mold. Hann kvaðst telja sig öruggan á að parna hefðu þeir urðað Geirfinn. Snjóföl hafi verið á jörðu og þeir eingöngu látið grjót ofan á hann. Þetta var í um 300 metr. frá veginum og þannig staðsett að ekki sást til vegarins. Ekki sagði hann að meira grjót hefði verið sett ofan á líkið, en að hann hafi getað séð í plastið er hann hafi horft niður á milli steinanna

Parna var mikið af lausagrjóti en 'ekki gat ég greint að neitt hefði verið hreyft við því. Við ruddum grjótinu til eftir því sem við gátum en án árangurs.

Næsta dag. þ.e. 30. okt. fór undirr. ásamt Ivari Hannessyni' lögr.m. með verkfæri á umræddan stað þar sem við leituðum af okkur allan grun í grjóturðinni en án árangurs.

Sævar létt þess getið að hann og Guðjón Skarphéðinsson hefðu í maí eða júní 1975 atlæð að fela lík Geirfinns betur með því að moka mold yfir það. Hafi þeir í þeim tilgangi farið seint um kvöld á stað austur og komið við í Gljúfurholti í Ölfusi og hitt þar kunninga þeirra Benóný Egísson. Þeir hafi beðið hann að lána sér skóflur, en hann ekki getað það þar sem þær væru í láni hjá

Dagbjarti Hannessyni sem þá var ábúandi á jörðinni. Sævar kvaðst hafa, er þeir fóru þaðan stolið frá Benóný klaufhamri. Hamar þessi hefði verið með svart götótt gúmmí á skaftinu. Ekki ggt hann lýst honum frekar.

Þeir hafi síðan ekið austur á Selfoss þar sem Guðjón hafi beðið hann að brjótaст inn í apótekið og stela þar lyfjum.

Sævar kvaðst hafa leitgað fyrir sér að komast þar inn og farið á bak við búðina og eins kaupfélagið sem þar er hjá. Sér hafi ekki litist á þetta og farið til baka, en Guðjón verið óánægður og sagt sér að reyna meira. Hann hafi þá farið aftur á bak við kaupfélagið og komist þar inn í smá herbergiskompu. Brotin hurð hafi verið þar fyrir grá að lit. Hann hafi hengt hamarinn utan í dælu sem þar hafi verið á vegg og síðan aftur farið til Guðjóns og sagt honum að ekki væri hægt að brjótaст þarna inn. Þeir hafi síðan ekið til Reykjavíkur. Ferðin hafi verið farin á Citroen bifreið Guðjóns.

Jónas Bjarnason

Jónas Bjarnason
ranns.lögr.m.

Er taka átti lögregluskyрslu af Benóný Egissyni kom í ljós að hann var komin til Danmerkur. Undirritaður fékk þær upplýsingar hjá föður hans að hann hefði farið þangað í skóla. ~~Hans~~ Hans er ekki von/fyrr ^{til baka} en vorið 1977.

Jónas Bjarnason

Jónas Bjarnason
ranns.lögr.m.

ÜBERSETZUNG / reRannsóknarnefnd Reykjavík.

Reykjavík, 30.10.1976

Athugasemd:

I dag kl. 13.00 var Erla Bolladóttir tekin til yfirheyrslu, og lauk henni kl. 16.15.

Umræðan snerist aðallega um fjórðamanninn, sem eftir framburð hennar hefur tekið þátt í ferðinni til Keflavíkur þann 19.11.1974.

Viðstödd voru:

Víðir
Pétur Eggerz og
undirritaður.

Erla skýrir svo frá:

Ég segix í dag, að ég hafi ekki tekið þátt í ferðinni til Keflavíkur þann 19.11.1974. Ég get sannað það vegna þess að ég var það umrædda kvöld stödd hjá Knudssen-fjölskyldunni ásamt Sævari.

Eftir að henni hafði verið bent á fyrri framburð sinn, viðurkenndi hún loks aftur að hafa verið með í ferðinni ásamt þeim Sævari, Kristjáni og einum manni til, sem ekki er vitað hver var.

Spurt um fyrrverandi vin sinn Sidda svarar hún eftirfarandi:

"Lengi áður en ég kynntist Sævari þekkti 'eg Sidda. Við vorum mjög nánir vinir. En í des. 1972 hættum við að vera saman og hef ég ekki verið með honum síðan.

Siddi á hvorki hús né herbergi, skyldfólk áx eða vini í Keflavík. Það er rangt að ég hafi verið hjá Sidda í Keflavík nóttina 20.11.74. Siddi vann í Grindavík, í frystihúsi. Þar bjó hann ásamt starfsbróður sínum í leigherbergi. Ég hæimsótti hann þangað meðan við vorum saman. Ég vil taka fram, að ég kynntist Sævari ekki fyrr en hálfu ári eftir að ~~hún~~ við Siddi hættum að vera saman. Sævar er mjög afbrýisamur. Það er útilokað að ég hafi verið hjá Siddi aðfaranótt 20.11.74.

Einu sinni hef ég verið með Elvari, en mér fannst hann of íhaldssamur til að vera með honum til lengdar. Ekki hef ég verið með honum í rauða húsinu í Keflavík. Ég segi satt. Ekki heldur einhversstaðar annarsstaðar í Keflavík.

Nú var hún aftur spurð um óþekktamanninn, sem talað hefur verið um sem fjórða kmann. Erla endurtók að hún hafi ekki þekkt hann.

Eftir smá umhugsun nefndi hún Jósep, stjúpföður Sævars. Aðeins seinna Guðjón Skarphéðinsson. Spurð hvort hún viði ekki nefna rétta nafnið, sagði hún, að það hafi hvorki verið Jósep né Skarphéðinsson.

Aftur varð hún ~~þ~~ bögul, byrjaði að gráta og sló hendurnar fyrir andlitið á seð. Loks sagði hún, að hún væri hrædd við manninn. Henni var sagt, að framburður hennar væri algjört trúnaðarmál, og farð með hann þannig. Samt vildi hún ekki segja meira en að það væri mjög hættulegur maður. Hann ætti mikið af peningum og hann hefði stýrt málið. Maður sem hefði gert svona áður, mundi hiklaust endurtaka það.

Erla: "Ef ég segi ekkert meira, hvernær verður þá rannsókninni lokið? Allt er þetta spursmál um eitt orð."

Henni var sagt, að rannsóknin væri í fullum gangi, og að betra væri fyrir hana að segja sannleikann.

Erla: "Kannski var það stjúpfaðir hans Sævars eftir allt, en ég þekki þennan fjórða mann ekki nógul vel."

Henni var sagt, að þetta væri ekki trúlegt, þar sem hún segist vera hrædd við mannin og að það sé ástæðan fyrir því að hún vilji þegja um hann.

Erla verður aftur mjög þögul.

Aðspurð segist hún hafa séð manninn í fyrsta skipti þann 19.11.74. Beðin um að lýsa honum segir hún svo:

Hæð ca. 1.80 m.,
meðalmaður að líkamsvöxt,
breiður um axlir,
dökkbrúnt, stutt háár, greitt fram,
ekkert skegg,
aldur ca. 35-40 ára,
var í brúnum leðurjakka.

Maðurinn sat kyrr í bílnum þegar Kristján fór í Hafnarbúðir. Hann fékk (Kristján) símanúmerið hjá óþekkta manninum, sem sat í bílstjórasætinu. "Eg gat ekki heyrt, þegar hann sagði Kristjáni símanúmerið."

Aðskpurð: "Samtalið sem ég er búin að segja frá milli Sævars og fjórða mannsins í bílnum á leiðinni og var á þá leið, að riðja þyrfti úr vegi manni, sem væri með "stæla", hefur örugglega farið fram. Æg man mjög veleftir því og þetta er sannleikur."

Erla sagðist vera fús til að skrifa niður fleiri upplýsingum, þ.a.m. ef til vill nafn óþekkta mannsins.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

30. okt. 1976.

Í dag fór ég undirritaður til Selfoss og hitti þar að mál Kristján Guðason til heimilis að Austurvegi 2, fæddan 16. 4. 1907. Kristján er starfsmaður Kaupfélags Árnessinga á Selfossi, nokkurskonar húsvörður og eftirlitsmaður.

Tilefnið ferðar minnar var, að Sævar M. Ciesielski hafði greint frá því í skýrslu, að hann hefði fyrir um það bil 1 1/2 ári stolið klaufhamri að Gljúfurholti í Ölfusi. Eigandi hamarsins hafi verið Benóný Egísson, sem á þeim tíma hafi dvalið að Gljúfurholti. Pennan hamar sagðist Sævar svo hafa sett inn í litla kompu, nánast skáp, í húsi rétt við hlið Apóteksins á Selfossi. Apótekið er í næsta húsi við hús kaupfélagsins, sem er Austurvegur 2.

Kristján hafði í sept. eða okt. 1975 fundið klaufhamar skammt frá dyrum nefndrar geymslukompu. Hamarinn hafði legið undir strigapoka hinumegin húisasunds gengt dyrum kompunnar. Kristján hafði í fyrstu haldið, að trésmiður, sem hafði verið að vinna þarna rétt hjá, ætti hamarinn, en smiðurinn kannaðist ekki við hann. Hamar þessi er með/skafti úr gerfiefni, klæddu svörtu gúmmíi rúmlega að hálfu og raufar langs eftir gúmmíinu. Að skafti hamarsins hafði verið verðmiði, er Kristján fann hann, en svo hefðu tölustafirnir verið orðnir máðir, að ekki kvaðst Kristján hafa getað lesið hvað á miðanum stóð. Kristján gat þess, að miðinn hefði ekki verið samskonar og þeir, sem kaupfélagið notaði.

Kristján hafði fyrir örfáum dögum néglt hlera fyrir dyrnar að geymslukompunni. Hann kvaðst hafa gert það vegna þess, að hurðin hafi verið orðin ónyt og börn hefðu getað gengið þar út og inn. Kristján reyf hlerann frá dyrunum og sýndi mér inn í kopmunu. Þar inni var aðeins spýtnarusk, aðallega leyfar af gömlu hurðinni, sem augljóslega hafði verið grá að lit, og sláttuvélargreiða, sem Kristján

kvaðst sjálfur eiga. Á veggnum hægra megin við dyrnar í kompunni var handdæla, en Kristján sagði kompuna hafa verið notaða til afgreiðslu á steinolíu og dæluna í því sambandi. Langt er síðan þessu var hætt.

Hamarinn var mér afhentur og kom ég með hann hingað til borgarinnar.


E. N. Bjarnason
lögreglum.

Rvk. l. nóv. 1976.

I dag talaði ég við Kristján Viðar Viðarsson og spurði hann nokkurra spurninga varandi ýmis atriði, er fram komu í skýrslum Sævars C. frá 27 og 28. okt. s.l. svo og skýrslu Erla B. frá 22. okt. s.l.

Atriðin, sem tekin voru úr skýrslum þessara aðila, eru merkt með rómverskum tölum og fara svör Kristjáns á eftir hverju atriði.

Beitt var "Indjánaaðferðinni"

Erla, 22.10.76.

I Farið til Keflavíkur í Land-Rover bifreið hennar og Sævars.

K: Man það ekki.

II Bifreiðin var stöðvuð við vigtina við Keflavíkurhöfn og ég sá skilti þar að lútandi.

K: Ég man að bifreiðin var stöðvuð við norð-austurhorn Hafnarbúðarinnar, við útstillingaglugga, með hægri hlið að húsinu.

III Kápan, sem Erla var í, hafði verið f eigu Huldu Waddel, en Hulda var skólasystir Kristjáns og hann komið heim til hennar.

Sævar, 27.10.76.

I Kristján hringdi í Sævar, að Laugavegi 31, þ. 18.11.1974.

K: Ég minnist þess ekki, að við Sævar hefðum samband, dagana fyrir 19. nóv. 1974, a.m.k. ekki í síma, en ég man, að Sævar kom einhverntíma um það leiti til míni, að Laugavegi 32, til að spurja um eithvað, sem ég man ekki lengur hvað var.

II Fór gangandi að Laugavegi 32 og spurði eftir Kristjáni.

K: Sævar hringdi til míni fyrr um daginn og mig minnir að hann hafi einnig hringt um kvöldið. Það getur þó verið, að hann hafi spurt um mig við dyrnar og ég man, að dyrabjallan hringdi um þetta leiti.

III Kristján var klæddur í lærasiðan loðskinnsjakka, hvítan.

K: Ég átti pennan hvíta loðskinnsjakka, þegar ég bjó á Laugavegi 32. Ég gæti hafa verið í honum þegar spurt var um mig um kvöldið 19. nóv. '74, því ég gekk stundum í honum innandyra og fór oft í honum í nærliggjandi verzlanir.

IV Kristján spurði ökumanninn hvað klukkan væri og hvort hann byrfti að fara eithvað út í það.

K: Eg átti engin orðaskipti við bifreiðarstjórnann, en hann sagði við mig "Gerðu svo vel" þegar hann hleypti mér inn í bifreiðina, á Vatnsstíg.

V Ekið var niður Vatnsstíg og beygt austur Hverfisgötu.

K: Ekið var niður Vatnsstíg, stöðvað á Vatnsstíg, við Skúlagötu (sendibifreiðin) og beygt til vinstri, vestur Skúlagötu. Farið var heim til Valdimars Olsen, að Framnesvegi 61 og þar fór Sævar út úr bifreiðinni. Eg spurði Sævar, hvað hann ætlaði að gera þar og hann svaraði: "Eg þarf að skreppa hérna aðeins og tala við mann".

VI Kristján og ökumaðurinn ræddu saman í bifreiðinni á leið til Keflavíkur.

K: Eg talaði ekkert við bifreiðarstjórnann á leiðinni.

VII Ökumaðurinn ók hratt til Keflavíkur, eins og hann væri að flýta sér.

K: Ökumaðurinn ók rólega í bænum og á leiðinni til Keflavíkur, en hratt til baka á heimleiðinni.

VIII Ökumaðurinn heilsaði Geirfinni, í Keflavík.

K: Þegar Geirfinnur kom inn í bifreiðina talaði hann við ökumanninn, en ég man ekki hvað þeir sögðu.

IX Kristján, ökumaðurinn og Geirfinnur ræddu saman.

K: Eg færði mig til í sætinu, svo að Geirfinnur kæmið inn, en talaði ekkert við hann. Geirfinnur talaði mikið við ökumanninn, en ég man ekki orðaskipti.

X Hafði samband við Kristján daginn eftir og spurði hann m.a. um kápu Erlu.

K: Hafði ekkert sambandi við Sævar, eftir Keflavíkurferðina, fyrr en ég hitti hann í Tjarnarbúð seint í desember.

Sævar 28.10.1976.

I Hafði sambandi við Kristján í nóvember 1974, að Laugavegi 32, vegna spírasölu og Kristján ætlaði að athuga málið.

K: Sævar bað mig einu sinni að selja fyrir sig hass, en það var ekki í nóv. eða des. 1974. Hann hefur aldrei beðið mig að selja annað fyrir sig.

II Gaf Kristjáni upp símanúmer Guðjóns Skarphéðinssonar.

K: Eg hefi aldrei talað við Guðjón Skarphéðinsson, nema hann hafi verið útlendingslegi maðurinn í Dráttarbrautinni.

III Gekk með Kristjáni að bifreiðinni við Vatnsstíg.

K: Eg man, að ég gekk einn að bifreiðinni og þá sat Sævar í framsætinu.

IV Rætt var um Geirfinn á leiðinni til Keflavíkur.

K: Eg minnist þess ekki, enda var ég sofandi á leiðinni.

V Ökumaðurinn reif miða úr vasabók, sem hann var með og skrifaði á hann nafn og símanúmer Geirfinns.

K: Ökumaðurinn fór innan á sig, tók miðann og skrifaði hann, rétti Sævari miðann og hann mér. Eg sá ekki þegar ökumaðurinn skrifaði á sjálfan miðann, því hann gerði það í kjöltu sér.

VI Ekið var um Keflavík til að leita Erlu.

K: Eg man, að það var ekið hægt eftir aðalgötunni í Keflavík, eða götunni sem lögreglustöðin er við. Eg vildi fara út úr bifreiðinni, en ökumaðurinn og Sævar aftóku það með öllu.

VII Ökumaðurinn fór inn í hús í Keflavík og dvaldist þar í 10-15 mínútur.

K: Það var hvergi stöðvað í Keflavík, á heimleiðinni.

VIII Lagt var af stað til Reykjavíkur u.p.b. kl. 00:30.

K: Það var lagt af stað til Reykjavíkur, eitthvað eftir miðnætti.

IX Benóný Egisson.


K: Sævar seldi mikið hass fyrir Benóný Egisson, þegar Sævar var að byrja á hassviðskiptum sínum og áður en hann byrjaði sjálfstætt. Eg þekki Benóný ekki persónulega, en veit hver hann er. Eg veit, að hann er mikill vinur Öðda Karls.

Kristján virtist ekki sýna nein þeðlileg viðbrögð gagnvart framangreindum spurningum og erfitt áð átta sig á sannleiksgildi svara hans. Aftur á móti, þegar ég spurði Kristján hver Steindór Úlfarson væri og hvort hann þekkti Steindór, (Kristján hringdi í símanúmer Steindórs, 23. sept. 1975, en þá var Kristján fangi á Litla-Hrauni) voru viðbrögð Kristjáns mjög sterk og virtist sem honum kæmi spurning þessi mjög á óvart. Kristján neitaði, að þekkja nokkuð til Steindórs, en spurði aftur á móti ítrekað, hversvegna hann væri spurður að þessu.

Er ég ræddi við Kristján um hvíta loðskinnsjakkann (III í framburði Sævars frá 27.10.'76) sagði hann, að ef fundist hefðu brunnar þúðuragnir í loðskinnsjakkanum, vildi hann taka fram, að hann hafi eitt sinn verið í honum á rjúpuveiðum. Fór ég ekki nánar út í það atriði við Kristján.

Kristján sagðist mikið hafa hugsað um sendibifreiðina á Vatnsstígnum og sagðist nú muna, að hún hafi verið blá að lit, en farmhúsið líkt á litinn, en þó ekki eins. Hann sagðist muna, að hliðarhurðin á farmhúsinu hafi verið hvít að innan og að óþefur eða fúkkapefur innan úr því. Eftir endilangri hlið farmhússins,

p.e. hliðinni gegnt hliðardyrunum, hafi verið óbólstraður trébekkur. Sætaáklæðið í stýrishúsinu hafi verið ljósbrúnt að lit, en hann hafi séð inn í stýrishúsið, þegar ökumannshurðin stóð opin. Hafi hann heyrt einskonar gjallandi talhljóð koma úr stýrishúsinu og sér þá dottið í hug, að talstöð væri í bifreiðinni, en kvaðst þó ekki hafa séð slíkt tæki.



Haraldur Árnason
rannsóknarlögr.m.

1. nóv. 1976.

I skýrslu dagsettri þann 6. 12. 1974 undirritaðri af Kristjáni Péturssyni og Hauki Guðmundssyni kemur fram, að þeir hafa gert könnun á farþegalistum flugvéla Flugleiða (Flugfélags Íslands og Loftleiða) yfir tímabilið 18. til 30. nóv. 1974.

20.

Þar kemur fram, að með flugi nr. 230 þann 19. 11. 1974 til Glasgow og Kaupmannahafnar hefur verið farþegi með nafninu J. Guðmundsson. Sá hefur gefið upp heimilisfangið Ketilsbraut 20 á Húsavík, en dvalarstað að Hótel Vík hér í borginni. Hótel Vík er ekki nú hótel og var ekki í nóvember 1974, heldur er þar og var til húsa leiklistarfélag, eða skóli, sem nefnir sig SAL. Nokkur einstaklingsherbergi eru í húsinu, en mjög er erfitt að henda reiður á her kann að hafa dvalið þar 19. nóv. 1974.

Samkvæmt rannsóknum fyrrnefndra aðila, þá kannaðist enginn við J. Guðmundsson að Ketilsbraut 20 á Húsavík, eða í Hótel Vík. Farseðill J. Guðmundssonar var nr. 1081173039. Haraldur Tómasson í tekjudeild Flugleiða h/f hefur upplýst mig undirritaðan um, að farseðill með þessu númeri hafi aðeins gilt aðra leiðina, það er héðan til Kaupmannahafnar, en ekki til baka. Haraldur taldi ekki gerlegt að finna út hvenær J. Guðmundsson kynni að hafa komið hingað til lands aftur.

I skýrslu gerðri af Hauki Guðmundssyni kemur fram, að J. Guðmundsson sé Daniel Danielsson frá Neskaupsstað. Starfsstúlka í ferðaskrifstofunni Útsýn mun hafa pekkt Daniel á mynd. Daniel hafði eitt sinn heimilisfangið Ketisbraut 20 á Húsavík og er fæddur 14. 8. 1954. J. Guðmundsson gaf upp sama fæðingardag og ár. Daniel heitir að auki Ágúst og hefur nafnnúmerið 1562-4507.

Daniel Ágúst er nú talinn búa að Lindargötu 7 B á Siglufirði og vera skipsverji á m/b Tjaldi.

Varðandi upplýsingar þeirra Kristjáns og Hauks, þá hafa þeir báðir verið spurðir um hvernig þeir hefðu fundið

út, að J. Guðmundsson hafi verið Daniel Danielsson.
Hvorugur gat um það sagt og viðaði hvor á annan.


E. N. Bjarnason
E. N. Bjarnason
lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 2. nóv. 1976.

I dag kl. 11:00 fór undirritaður ásamt Karli Schutz og Auði Gestsdóttur í fangelsið við Skólavörðustíg, þar sem við ræddum við Erlu Bolladóttur, núverandi gæslufanga.

Erla sagðist ekki muna eftir því hver hefði verið fjórði maður í bifreiðinni til Keflavíkur. Hún kvaðst muna það að Sævar hefði verið með barefli "spítu", sem hann hefði notað til þess að lemja Geirfinn með, en Kristján Viðar og fjórði maðurinn hefðu verið vopnlausir og notað hnefana í átökunum. Eftir þessa aðförl hefði Geirfinnur legið á jörðinni hreyfingalaus og kvaðst Erla þá hafa farið bártu og falið sig í einhverju húsi um nöttina.


Sigurbjörn Eggertsson
lögreglum.

2.11.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt Jónasi Bjarnasyni lögreglum.

Erindið þangað var að ræða við, Jóhannes Helga Einars-son, f.8.1.1963, tilh. Brekkustíg 8, Ytri-Njarðvík sími 92-1034.

Við ræddum við Jóhannes og gat hann engar frekari upplýsingar gefið um mann þann, sem hann sá koma í Hafnar-búðina þann 19.nov.1974. Hann sagðist þó halda, að maðurinn hefði verið með sléttu húð á andliti.

Við sýndum Jóhannesi 44 ljósmyndir, sem rannsóknarnefndin hefur varðandi mál þetta. Hann skoðaði allar myndirnar nákvæmlega, en án árangurs.

Þá spurðum við Sigurbjörgu Jónu, móður hans um tímann, sem hún telur sig hafa verið á þarna við Hafnarbúðina og sagðist hún örugg um, að þetta hafi verið á tímabilinu frá kl.18,00 til 19,00 og örugglega ekki eftir kl.19,00.

Jóhanneson
Jóhanneson
Jóhanneson

2.11.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, ásamt Jónasi Bjarnasyni lögreglum.

Erindið þangað var að ræða við, Hafdís Viktoríu Valdimarsdóttur, f.l.6.1951, nafnnr. 9256-5408, tilh. Háaleiti 5, Keflavík, sími 92-3289.

Hafdís var gift, Einari Guðb. Gunnarssyni, sem nú er sambýlismaður Guðnýjar Sigurðardóttur.

Við spurðum Hafdís um skilnað hennar við Einar og hvort hún hafi þekkt Geirfinn og Guðnýju.

Hafdís sagðist hafa verið gift Einari í um 4 ár og hefðu þau eignast two drengi og væri eldri drengurinn van-gefinn. Báðir hefðu drengirnir verið á heimili þeirra, en sá vangefni væri nú á Kópavogshæli, en hinn hjá henni.

Hafdís sagði, að þau Einar, hefðu skilið í fullri vináttu og hefði hún fyrst farið til Reykjavíkur og unnið þar, en síðan fluttst til Grindavíkur og búið þar um tíma með manni, en slitið samvistum við hann og þá flutt á Háaleiti 5, Keflavík.

Hún sagði að frá Einari hefði hún farið í febrúar 1975 og væru þau nú skilin að lögum.

Hafdís sagðist hafa þekkt Geirfinn Einarsson í sjón og einnig Guðnýju, enda hefði Guðný verið vinkona Huldu, systur Einars. Hún sagðist vera örugg um það, að Guðný og Einar hefðu ekki verið farin að vera saman, er skilnaður þeirra átti sér stað og hefði samband þeirra byrjað löngu eftir að hún og Einar skildu í febrúar.

Hún sagðist hafa frétt er þau byrjuðu að vera saman, en ekki muna nú, hvenær það samband hófst.

Hafdís sagðist hafa gott samband við Guðnýju og Einar og koma til þeirra, enda hefðu þau drenginn oft fyrir hana er þannig stæði á vinnu hjá henni. Hún sagðist vita að sam-búð þeirra væri góð, enda væri Einar einstakur maður.

Hafdís sagði okkur aðspurð, að henni hefði fundist Geirfinnur vera óvenju rólegur karlmaður og eitthvað það í fasi hans, sem bent gæti á "sveitamann". Hún sagðist hafa heyrt allskonar kjaftasögur um Geirfinn, eftir hvarf hans, en ekki muna þær sögur nú, enda ekki lagt trúnað á þær.

Ivar Hannesson
Lögreglum.
Ivar Hannesson.

Miðvikudaginn 3. nóv. 1976 kl. 11,00 var enn einu sinni tekin til yfirheyrslu Bjarni Þór Þorvaldasson t.h. Bergþórugötu 27 f: 19. sept. 1953.

Erla Bolladóttir segir í skýrslu frá 15. ágúst 1976 og síðan aftur lo. sept. 1976 að Bjarni Þór Þorvaldsson hafi ekið henni, Kristjáni V. Viðarssynu og Sævari M. Ciselski til Keflavíkur að kvöldi þess 19. nóv. 1976. Jafnframt segir hún að hún hafi gleymt blárri kápu í bifr. Bjarna er hún yfirlagð hana.

Undirritaður spurði Bjarna ítarlega um þetta, en hann heitaði algjörlega að hafa ekið eða farið í umrædda ferð eða muna neitt eftir kápnum.

K. Schutz ranns.lögreglum. yfirheyrði Bjarna einnig, en hann hélt fast við fyrri framburð sinn. Hann kvaðst hafa ekið Sævari í ~~bifreið~~ einu sinni eða tvívar í Mercedes Benz bifreið sem bróðir hans átti, en það hafi verið fyrir ágúst 1974 því þá hafi bifreiðin bilað og ekki verið notuð eftir það. Þá um Verzlunar-mannahelgina hafi framrúða hennar brotnað og bifreiðin þá tekin úr umferð.


Bjarni hélt jafnframt fast við fyrri framburð sinn að hann myndi ekki neitt eftir umræddri kápu heima hjá sér, eða í bifreiðum sem hann hefði haft til afnota.

Bjarni kvaðst ekki neitt muna eftir 19. nóv. 1974 eða dögunum næstu þar í kring, en kvaðst telja sig öruggan um að hann myndi muna eftir því ef hann hefði farið til Keflavíkur.

Bjarna var sérstaklega bent á það ósamræmi sem framm kæmi hjá honum að hann gæti munað greinilega atburði fyrir 19.nóv. 1974, en síðan teldi hann að dagarnir þar um kring hefðu algjörlega burkast þar út. Bjarni kvaðst ekki neitt geta að þess gert, hann vildi og hefði reynt að muna eftir þessum dögum en gæti það alls ekki.

Yfirheyrslu lauk kl. 12,00.

Jónas Bjarnason


ranns.lögr.m.

Miðvikudaginn 3. nóv. 1976, kl. 22:50, er mættur til skýrslutöku, í fangelsinu Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, f. 21.4. '55, núverandi gæzlufangi.

Mætta er kunnugt um tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna viðbótaratriða, sem ryfjast hafa upp fyrir honum, varðandi rannsóknina á hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Gætt er ákvæða ~~xxxxx~~ l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Þegar Sævar hringdi til míni, milli kl. 15:00 og 16:00 þann 19. nóv. 1974, spurði ég hann hverjir stæðu á bak við þetta smygl og hvort það væri Sigurður Hákonarsson, svaraði Sævar því til, að þeir vildu ekki láta nafns síns getið. Ég fullyrði, að Sævar hringdi til míni milli kl. 20:00 og 21:00 og sagði mér að koma ~~strax~~ í bifreið, sem biði niðri á Vatnsstíg, en spurði ekki eftir mér við dyrnar, á Laugavegi 32, enda sat hann við hlið bifreiðarstjórans, þegar ég kom að bifreiðinni. Mér finnst, að þetta hafi verið Moskwitch bifreið af nýlegri gerð, en Ökumaðurinn er mér ókunnur.

Á leiðinni til Keflavíkur, töluðu þeir mikið saman, Sævar og Ökumaðurinn, en ég heyrði ekki hvað þeim fór á milli, þar sem þeir töluðu svo lágt. Þegar við komum að Hafnarbúðinni, bað Sævar mig um að hringja í Geirfinn og var það í fyrsta sinn sem ég heyrði mannsins getið. Ökumaðurinn skrifaði nafn og símanúmer Geirfinns á miða, rétti Sævari miðann, sem síðan rétti hann til míni. Ég fór svo og hringdi eins og fyrir mig var lagt.

Eftir að ég kom til baka, færði Ökumaðurinn bifreiðina, og stöðvaði síðan. Eftir stutta bið kom Geirfinnur inn í bifreiðina til okkar, settist við hlið mér, en síðan var ekið í Dráttarbrautina. Einhverjar samræður áttu ~~sé~~ stað, á leiðinni út í Dráttarbraut, en ekki get ég munað ~~um~~ um hvað þær snérust.

Þegar við komum í Dráttarbrautina, finnast mér eins og annar bíll hafi verið þar fyrir og ég man, að við karlmennirnir stigum allir út úr bifreið okkar, samtímis, en Erla sat eftir í bifreiðinni. Er við vorum staddir við norðurgafl skemmunnar í Dráttarbrautinni, kom til okkar Guðjón Skarphéðinsson og ræddu hann og Ökumaðurinn saman. Guðjón spurði síðan okkur Sævar, hvort við hefðum verið til sjóss og svaraði ég játandi, en Sævar engu.

Ekki varð ég var við neinn flutning á varningi, úr bifreið þeirri, er fyrir var, yfir í bifreið þá er við komum í,

en ef svo hefur verið, ætti Erla að vita það, þar sem hún sat eftir í bifreiðinni.

Alllöngu síðar, varð ég var við, að átök og rifrildi hafði hafizt, að ég held um borð í bátnum, milli Sævars og Geirfinns, en báturinn lá við bryggjuna. Bárust átökin frá bofni, upp á bryggjuna og í átt til lands. Ég sá þá, að Sævar hélt með báðum höndum um endann á c.a. 80 cm. löngum planka. Ég man, að ég blandaði mér í þessi átök, en ég get ekki gert mér grein fyrir því, hvort ég sló til Geirfinns, eða ekki. Ég get ekki gert mér ljósa grein fyrir því, hvort fleiri aðilar voru þarna viðstaddir, en þó finnst mér það geta verið. Þegar ég fór burt af staðnum, lá Geirfinnur á jörðinni og menn átóðu í kring um hann. Ég veit ekki hverjir fjarlægðu hann af staðnum, en ég kom þar hvergi nálægt.

Varðandi það, hvort lík Geirfinns hafi verið geymt í vaska-húsi heima hjá mér, að Grettisgötu 82, þá tel ég það vera, þar sem Sævar sýndi mér þar, fáeinum dögum síðar, stóran böggul í svörtum plastumbúðum og sagði hann, að petta væri lík Geirfinns. Sævar sagði, að flytja ætti líkið, en ég sagðist ekki vilja koma nálægt þessu. Ég veit, að þá beið bifreið eftir Sævari á Grettisgötunni, gegnt húsinu, og fékk Sævar þaðan hjálp til að flytja líkið út úr húsinu. Ekki veit ég hver, eða hverjir, voru í bifreiðinni, en mér finnst petta hafa verið blá og hvít sendibifreið. Ég veit ekki hvað varð um lík Geirfinns, eftir þetta.

Ég man það, að Sævar hringdi til mínn, að Laugavegi 32 og spurði mig að því, hvort kápa Erlu væri þar og svaraði ég því neitandi. Sagði ég Sævari ósatt, þar sem ég var reiður honum, en kápan hafði komist inn í húsið vegna mistaka.

Ég man ekki hvort ég var í Klúbbnum, sunnudaginn 17. nóv. '74, en ég fullyrði, að ég hefi aldrei talað við Geirfinn Einarsson fyrr en ég hringdi til hans úr Hafnarbúðinni, hvað þá átt við hann viðskipti.

Skýrslutöku lauk kl. 00:55.

Vottur:

Sigurbj. V. Egertsson.
Sigurbj. V. Egertsson.

Upplesið, staðfest,

Kristjan Viðar Viðarsson
Kristjan Viðar Viðarsson.

Haraldur Arnason
Haraldur Arnason
rannsóknarlögr.m.

Miðvikudaginn 3. nóv. 1975 talaði undirritaður við Dagbjart Hannesson fyrrv. bónda í Gljúfurholti Ölvusi, f26/2. 1919 nú til heimilis Týsgötu 7 Reykjavík. (N.nr. 1516-4069)

Dagbjartur bjó í Gljúfurholti vorið 1975 er Sævar Marinó Ciseláki kvaðst hæffa komið þangað til að fá lánaðar skóflur hjá Benóný Egissyni.

Dagbjartur kvaðst muna að umrætt vor líklegast nálægt mán-aðamótunum maí-júní hefði hann fengið lánaðan ístungugaffal hjá Benóný. Ekki kvaðst hann muna hvort hann fékk í sama skiptið lánaða skóflu, en þó gæti það verið, en hann myndi sér-staklega eftir að hafa fengið gaffalinn þar sem hann hefði brotnað.

Dagbjartur kvaðst muna að þá seinnipartinn um veturinn eða um vorið hefði Benóný komið og spurt sig um hamar sem hann væri búin að tapa. Ekki kvaðst Dagbjartur hafa vitað um hamarinn, en halda að þetta hefði verið klaufhamar með trésakfti.

Jónas Bjarnason

ramus. lögr.m.

Fimmtudaginn 4. nóv. 1976 koma framm eftirfarandi atriði hjá Sævari Marinó Ciselski við yfirheyrslu hjá K. Schulz ranns.lögr. manni.

"Sigurbjörn Eiríksson í Klúbbnum fór með til Keflavíkur 19. nóv. 1974, eða var í Keflavík!"

"Sigurbjörn pekkir Kristján Viðar Viðarsson því ég veit að hann gaf honum einu sinni 1/2. ks. af ákavíti"

"Ég get bent á húsið þar sem Erla gisti í 19. nóv. 1974 í Keflavík. Þar bjó Elvar einu sinni"

Sævari er kynntur framburður Erlu, þar sem hún segist hafa séð hann margberja Geirfinn ~~en~~ lufteða spítu.

Sævar segir: "Ég ætla ekki að hlífa þessu fólki lengur. Ég var heima hjá mömmu 19. nóv. Þá fóru Kristján og Erla til Keflavíkur þar sem Kristján létt Erlu skjóta Geirfinn"

"Ég gerði filmu um kirkjugarðinn nokkru eftir að við gróðum Guðmund þar. Lögreglan eyðilagði filmuna við húsleit hjá mér því þeir héltu að hass væri í pakkanum"(boxinu)

"Guðjón sótti mig heim 19. nóv. Hann var á Citroen bílnum. var þá ekki búin að kaupa hann en hélt við konuna sem átti hann og fékk bílinn oft að láni. sá hann fyrst hjá honum í okt 1974!"

"Ég hefi nú sagt alveg satt frá í máli þessu. Guðjón ók suður eftir. Sigurbjörn tók þátt í þessu"

"Ég á ávisanareikning í Búnaðarbankaútibúinu í Bankastræti"

"Það var rætt um peninga og spítitus við Geirfinn í Klúbbnum, en svo kom síðar í ljós að hann vildi selja spítitus, en ekki kaupa" Teppið sem vafið var utan um Geirfinn varð eftir í kjallarnum hjá Kristjáni"

"Geirfinnur var fluttur austur fyrir fjall, Ég er ekki viss um að finna staðinn"

Undirritaður ásamt Grétari Sæmundssyni ranns.löggreglum. fluttum Sævar að yfirheyrslu lokinni í fangelsið í Siðumúla.

Hann kvartaði mikið yfir því að sér væri ekki trúða og sagði m.a.

"Það er alt satt sem ég sagði í löngu skýrslunni sem ég gaf seinast. Eg hefi ekki meira um ~~síx~~ málið að segja"

Við bentum honum á að til þess að honum væri trúð byrfti hann að benda á eitthvað ápreifanlegt og síðan var hann spurður eftir-farandi spurninga.

"Hvert var lík Geirfinns flutt"? Svar: Austur í Þingvallavatn.

Það er ekki satt, á þeim tíma var engan bát að fá? Svar: "Hann var grafin fyrst"

Hvar var hann grafin? Svar: "Einhverstaðar í Grafninginum, ég er ekki viss á staðnum"

Það var ekkert á staðnum sem þú bentir á í Grafningum? Svar: "Guðjón hefur grafið hann upp eftir að ég lenti í fangelsinu og hent honum í vatnið"

Það er ekki rétt að hann hafi verið grafin þarna. Það sægust ummerki á staðnum ef maður hefði verið grafin þarna upp aftur ?.

Svar: "Þetta var ekki rétti staðurinn"

Hvar er hann ?. Svar: "Ég veit það ekki. Einhverstaðar í Grafningi"

Fóruð þið nokkurn tíma með hann austur í Grafning? Svar: "Já Benóný getur borið um að við komum að fá lánaðar skóflur.

Til hvers ætluðu þið að nota skóflurnar ? Svar: "Grafa Geirfinn betur"

Vissurðu þá hvar hann var ? Svar: "Guðjón vissi það"

Sá mikið á Geirfinni ? Svar: "Hann var blár á öðrum vanganum og sár eða skráma á kinnbeininu. og ég held að annað augað hafi verið blátt og hálf sokkið"

Jónas Bjarnason
ranns.löggreglum.

Avk. 5. nóv. 1976.

I dag, kl. 01:30, var haft samband við mig frá fangelsinu í Siðumúla og mér sagt, að Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufangi óskaði eftir viðtali við mig, þar sem hann hefði viðbótarupplýsingar varðandi Geirfinnsmálið. Eg fór og talaði við Kristján, en hann skýrði frá eftirfarandi:

Eg man það nú, að ég var staddur í veitingahúsinu Klúbbnum, einhverja helgi, áður en Keflavíkurferðin, 19. nóv. 1974, var farin. Eg get ekki munað hvaða kvöld þetta var, það gæti verið sunnudaginn 17. nóv. 1974, en þó held ég að þetta hafi verið nokkru fyrr. Eg man, að við Sævar Ciesielski stóðum á stigapalli á II hæð, þegar Sævar benti mér á mann, sem stóð við glervegg, sem skilur víンbar frá stigapallinum. Bað Sævar mig að fara til manns þessa, sem stóð þar á tali við eitthvað fólk og spurja hann hvort hann vildi kaupa spíra. Eg sagði Sævari, að hann gæti gert þetta sjálfur, en hann hélt áfram að nauða í mér, svo ég létt undan að lokum. Eg hefi aldrei vitað til, að Sævar stundaði spírasölu og taldi því, að þetta væri eitthvað dulmál varðandi hasssölu. Eg gekk til mannsins og bað hann að tala við mig einslega og bað fólkið, sem hann var að tala við, að færa sig. Eg man ekki hvort fólkið færði sig, eða við gengum afsíðis og ég lagði spurninguna fyrir manninn. Virtist hann verða mjög undrandi og spurði mig hversvegna ég spyrði. Sá ég þá, að þetta var ekki "á hreinu" og gekk frá manninum til Sævars. Eg reiddist Sævari og hélt, að hann væri að fíflast með mig og spurði hann, hvað hann meinti, með því að láta mig ganga á ókunnuget fólk og spurja það um einhverja vitleysu. Sævar svaraði þessu engu, en spurði mig hverju maðurinn hafi svarað. Eg sagði honum þá og sá ég, að Sævari líkaði þetta illa, svo ég minntist ekki aftur á þetta atvik.


Þegar ég hugsa um þetta nú, þá finnst mér að maðurinn geti hafa verið Geirfinnur Einarsson, en þó get ég ekki fullyrt um það. Eg man, að hann var klæddur í dökkan jakka og að mig minnir í dökkum buxum, en ég man ekki hvort hann var með hálsbindi. Mig minnir fastlega, að skyrta hans hafi ekki verið hvít og að hún hafi verið munstruð.

Eg man ekki, hvort ég fór með Sævari í Klúbbinn, þetta kvöld, eða hitti hann þar, en þó finnst mér frekar, að við höfum farið þangað saman. Mér finnst líka, að einn, eða fleyri, hafi verið

með okkur parna í Klúbbnum, en ég kem því þó ekki fyrir mig.

Ég man ekki eftir að hafa hitt neinn sérstakan, betta kvöld í Klúbbnum, þar sem ég var mjög ölvaður, en ég veit, að ég hlýt að hafa hitt þar fólk sem ég þekki. Ég man heldur ekki hvernig, né hvenær, ég skildi við Sævar parna um kvöldið, eða hvert ég fór, að skemmtuninni lokinni, en mig minnir fastlega, að viðtalið viðmanninn, á stigapallinum, hafi farið fram um miðnættið.

Meðan Kristján sagði frá, virtist hann í fullkomnu jafnvægi og bar ekki á neinum taugaóstyrk. Að han⁹ eigin sögn, hafði hann skömmu áður tekið inn svefnlyfjaskammt, og sagði hann jafnframt, að slík lyf virkuðu vímugefandi á hann, frekar en svæfandi, en ekki bar á neinum vímuáhrifum, þegar ég talaði við hann. Sagðist hann mundu gera allt er hann gæti, til að reyna að muna, hvaða kvöld betta atvik átti sér stað, í Klúbbnum og hver, eða hverjir hafi verið með honum og Sævari.



Haraldur Arnason
rahnsóknarlögr.m.

Föstudaginn, 5.11.1976, kl. 13.00, er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Vilhjálmur Svanberg Helgason nem í Háskóla Íslands, f. 20.6.1952 í Reykjavík, tilh. Alfheimum 28, hér í borg sími 37251. Nafnnr. 9310-1898.

Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar og gætt er ákv. l.mgr. 40.gr.laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Ég vil í skýrslu þessari byrja að greina frá kynnum mínum og Guðnýjar Sigurðardóttur. Ég man ekki nákvæmlega í hvaða mánuði við fyrst hittumst, en það var í einhverju húsi í Garðahreppi, en þangað kom ég í boði frænku minnar Heiðu, en með Heiðu var þá Guðný.

Það var að ég held í fyrsta sinni, sem ég sá Guðnýju.

Þarna var einungis húsráðandinn, sem ég ekki veit nafn á og svo við þrjú. Húsráðandinn mun hafa verið gamall skólabróðir Heiðu, að því er mig minnir, að hún segði mér.

Þarna vorum við í nokkra klukkutíma og síðan fór ég með Guðnýju, heim til Heiðu. Þar vorum við Guðný síðan saman og þar hafði ég fyrst samfarir við Guðnýju.

Ég vissi að Guðný var gift, en ekki veit ég hvar maður hennar var þá. Ég held, að ekkert hafi verið rætt um það.

Eftir þetta hittumst við Guðný all oft. Við hittumst heima hjá henni, heima hjá Sjöfn vinkonu hennar á Vesturgötu 13, Keflavík og heima hjá mér. Ég svaf heima hjá Guðnýju nokkrar nætur, en maður hennar, sem ég þá vissi að hét Geirfinnur, var þá aldrei heima. Ég svaf í stofunni og ég held, að Guðný hafi oftast læst mig þar inni og þá vegna þess, að hún vildi ekki, að börnin yrðu þess vör, að ég var parna.

Ég hitti hana í nokkur skipti heima hjá Sjöfn, en ekki man ég eftir að þá væri talað um, að Geirfinnur væri heima, enda bar nafn hans, nær aldrei á góma í því sambandi. Þegar Guðný kom til mína, þá var það að deginum, en einusinni, eða tvísvar var hún hjá mér heila nótt.

Guðný sagði mér nokkru eftir að við kynntumst, að hún væri ekki hamingjusöm, eða að hún og Geirfinnur ættu ekki saman. Ég man þó ekki hvernig hún orðaði þetta, en þetta lá í orðum hennar. Hún talaði í því sambandi um, að skilja við Geirfinn, en ekki mun það hafa verið vegna mína, enda taldi ég aldrei þessa kynningu okkar neitt í þeim dúr, að hún vildi skilja vegna vináttu okkar. Ég hafði ekki slíkt í huga og

ekki var mér vitanlega minnst á hjónaband í neinni alvöru, en eitthvað mun hafa verið grínast í því sambandi.

Ég vil því geta þess hér, að ekki var neinn grundvöllur frá minni hálfu, að stofna til hjónabands, enda ég þá nýlega byrjaður í löngu námi og févana og Guðný með tvö börn á framfæri. Heldur var ekki neinn tilfinninga grundvöllur á milli Guðnýjar og míni fyrir hjónabandi, frá minni hálfu.

Ég man að sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974, þá kom ég til Keflavíkur að mig minnir seint um kvöldið og fór heim til Sjafnar og þangað kom síðan Guðný. Ég hafði verið í Kópavogi hjá Heiðu og hringdi þaðan í frænda minn Hauk Helgason og spurði hann hvort ég fengi gistingu, ef ég yrði um nóttina í Keflavík.

Ég kom þarna á bifreið minni R-42273, sem er Vauxhall Viva fólksbifr. blá að lit.

Þarna heima hjá Sjöfn var eitthvað verið með áfengi, en ekki man ég, hvort það var verulegt. Ég man ekki í smáatriðum, hvað gerðist þetta kvöld heima hjá Sjöfn, en ég minnist þess ^{að} eitt sinn er við vorum heima hjá Sjöfn, að þá fór Guðný heim og kom aftur, en ekki man ég þá hversvegna.

Þá man ég einnig eftir því, að hjá Sjöfn var systir hennar, sem mig minnir, að hafi átt heima úti á landi. Ég man þó ekki hvort það var þetta umrædda kvöld, eða annað, en allavega var Guðný þá þarna einnig.

Ég svaf heima hjá Sjöfn þessa umræddu nótt og var það á bekk þarna í einu herbergjanna og mig minnir, að ég ~~svæfi~~ fram yfir hádegi á mánudag. Ég man ekki hvað ég hafði fyrir stafni pennan dag, en minnir þó, að ég hafi einhverntíma pennan dag, farið þarna inn út að ganga og þá m.a.litið inn á bókasafn, sem ég man, að var nýtýskulegt. Mig minnir, að verið væri að múra húsið að utan, eða allavega var húsið ómálað. Það var þó ekki verið að vinna við húsið.

A mánudagskvöldið kom Guðný til Sjafnar, en var þá stutt. Ég ætlaði þá heim á bifreiðinni, en er ég var lagður af stað, sá ég fram á, að ég væri ekki með nóg benzín til Reykjavíkur, eða treysti ekki á það og fór þá aftur, heim til Sjafnar og talaði eitthvað við hana, en fór því næst heim til Hauks frænda míns og fékk að ~~sofa~~ par. Það mun hafa verið eftir miðnætti, sem ég kom til Hauks og frá honum fór ég um morguninn og þá til Reykjavíkur, eftir að hafa keypt benzín.

Ekki man ég svo hvaða dag það var, sem Sjöfn hringdi heim

til míni og sagði mér, að Geirfinnur væri horfinn og taldi ég þá, að Sjöfn væri að grímast. Ég man ekki hvað okkur fór á milli í símanum, orði til orðs, en Sjöfn spurði mig hvar ég hefði verið og sagði ég ~~hanni~~, sem var, að i Reykjavík og í skólanum. Mér varð óneitanlega hverft við, er ég heyrði á henni, að þetta væri í fullri alvöru og ég man, að eitthvað var talað um, að ef Geirfinnur kæmi ekki fram, þá yrði að segja frá sambandi okkar Guðnýjar.

Ég var svo nokkrum dögum síðar boðaður til Hauks Guðmundssor löggreglumanns og gaf þá skýrslu. Ég hafði samband við Guðnýju í síma, en ekki man ég hvort það var áður en ég var hjá Hauki, eða á eftir. Heldur man ég ekki hvað okkur fór á milli.

Ég man þetta þó óljóst. Ég man hinsvegar, að Sjöfn hitti ég í sjoppunni, sem er við veginn upp á Keflavíkurflugvöll, en ég kom á sjoppuna í leiðinni til Hauks og þá var Sjöfn þar í bíl og bað hún mig um að ~~komma~~ ~~eftir~~ hafa verið ~~þ~~xx hjá Hauki. Ég held, að það hafi verið seinnihluta dags, sem Sjöfn hringdi í mig er hún sagði mér frá hvarfi Geirfinns, enda var ég í skólanum fyrir hádegi og oftast eitthvað eftir hádegi.

Ég hafði aldrei séð Geirfinn Einarsson nema á ljósmynd.

Ég frétti hjá Heiðu frænku minni, að Guðný væri mjög langt niðri og um mánuði eftir hvarf Geirfinns fór ég til Guðnýjar með Heiðu. Einnig gæti hafa verið meira en mánuður frá hvarfi hans, er við fórum til hennar. Þá var Sjöfn hjá Guðnýju og mig minnir kunningi Sjafnar. Þá var eitthvað verið með áfengi, en ekki man ég hvort það var mikil drykkja, en held þó ekki. Þá nött gistum við Heiða parna og mig minnir örugglega, að ég væri hjá Guðnýju í svefnherberginu.

Ég kom til hennar í nokkur skipti eftir þetta, en ekki var samband okkar þá neitt náið, en við vorum þá ekki saman í þeirri mynd, sem áður. Þá vil ég geta ~~þ~~xx, að við Guðný hittumst heima í íbúð Sjafnar, er Sjöfn var í vinnu, en það var ekki oft. Það varu síðustu skiptin, sem við höfðum samfarir og upp úr þessu rofnaði samband okkar, en þá var komið fram í janúar eða febrúar 1975. Síðan hefur ekkert samband verið á milli okkar og ekki einusinni símasamband.

Ég hefi enga minnstu hugmynd um, hvernig Geirfinnur hefur horfið og hefi einungis fylgst með því, sem fjöldiðlar hafa sagt um málið.

Guðný hafði aldrei orð á því við mig, að Geirfinnur vissi um samband okkar, enda var yfirleitt lítið rætt um Geirfinn.

Ég hefi að hugsuðu máli reynt að munna betur hvað skeði

sunnudagskvöldið 17.nóv.1974 og man nú,að við vorum öll all mikið drukkin og ég tel nú hugsanlegt,að ég ~~manni~~ geti hafa farið heim með Guðnýju,en ég man það þó óljóst.

Eitthvað rámar mig í,að sóttur hafi verið "landi" heim til hennar,en ekki man ég hvort það var í þetta sinni.

Ég held,að hún hafi farið ein er þessi "landi" var sóttur. Ég er heldur ekki viss um að þetta hafi verið "landi" en ég vissi þó til þess,að þau brugguðu.

Ég get fullyrt,að ég var ekki í Keflavík seinnihluta þriðjudagsins 19.nóv.1974,en ég kom til Reykjavíkur/^{um}Morguninn og fór þá beint í skólann. Ekki hringdi ég heldur í Guðnýju þann 19.nóv.1974 og það var ekki fyrr en síðar, sem ég hafði samband við hana,eins og ég áður hefi greint frá."

Yfirheyrslu lauk kl.15,20.

Vottur:

Upplesið staðfest,

Grétarsæmundsson

Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Níni Órg. Helgason

Vilhjálmur Svanberg Helgason.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Juar Hannesson.

RANNSOKNARNEFND REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.11.1976

1) Athugasemd.

I dag var farið í fangelsið við Síðumúla í þeim tilgangi að tala við gæzlufangann Guðjón Skarphéðinsson.

.Viðstaddir voru: Grétar Sæm.

Pétur Eggerz og
undirritaður.

Guðjón var spurður að því, hvort það væri rétt, að hann hefði sagt við Grétar, að hann þyrfti að hugsa málið, ef ske kynni, að hann væri eitthvað viðriðinn málið. G. sagði, að eitthvað slikt hefði hann sagt. Hann sagði orörétt: "Ég hef hugsað mikið, til að reyna að muna eitthvað, en ég finn ekkert. Ég hef aldrei áður heyrt nafn Geirfinns nefnt. Nei, ég er alls ekki viðriðinn þessu máli."

Eftir þetta var Guðjóni skýrt frá framburði þeirra Erlu og Sævars frá 15.11.1976:

- Símtalið milli Sævars og Guðjóns eftir að löggreglan hafði hringt dyrabjöllunni hjá Sævari. Guðjón á að hafa sagt: "Segðu ekkert um Geirfinnsmálið". -

Guðjón: "Þetta er hrein lýgi."

- Símtalið frá Kaupmannahöfn -

Guðjón: "Ef símtalið hefur kostað 3.000.-- krónur þá getur það aðeins hafa tekið 3 minutur. Það er hægt að sjá það í símaskránni." G. fékk tækifæri til að líta í símaskránnna, fann samt ekki þessar upplýsingar.

Guðjón: "Ég hef aldrei sagt Sævari að það væri of ótryggt að koma heim til Íslands. Ef Erla hefur verið ófrísk, þá hefur hún í hæsta lagi verið komin 2 mánuði á leið. Ég hef heldur aldrei sagt, þau (Erla og Sævar) eigi að flytja sig eitthvað lengra í burtu."

- 2 -

- Samtöl í íbúð Guðjóns eftir heimkomu þeirra Erlu og Sævars, o.s.frv.

Guðjón: "Þetta er allt uppspuni, lýgi."

"Þegar Erla kom til míni janúar 1976, spurði ég hana auðvitað, hvað gerst hefði í Geirfinnsmálínu. Allir hafa áhuga á því."

(Schütz, APr.a.D.)

1. 11. 1976 var gerð athugun vegna Þórhalls Leifssonar, bifreiðastjóra, til heimilis að Hagamel 45, Reykjavík, f. 16. 3. 1948, n.nr. 9612-1598.

Hildegard Þórhallsson, Karfavogi 54, Rvík., er stjórmóðir hans. Leifur Þórhallsson faðir hans lést á s.l. vetri.

Hann mun búa einsamall nú, en fyrir um 2 árum slitu hann og Sigriður Þorláksdóttir samvistum. Þau áttu eitt barn saman. Hún býr nú í Kópavogi og er gift þar, en milli hennar og Þórhalla mun nú vera óvinátta. Ekki mun ráðlegt að tala við hana um Þórhall, þar sem hún er sögð nokkuð lausmál og hætta á að hann frétti um eftirgremslan-ina.

Aðalstarf hans er að aka sendibifreið, R-34711, sem er G.M.C. árgerð 1773, græn að lit, með drifi á öllum hjólum, farangursrými aðskilið frá stýrishúsi, hurðir aftan á farangursrými og á hægri hlið þess. Hann ekur frá Náyju-sendibiflastöðinni, en hefur nokkrum sinnum verið í föstum verkefnum fyrir ~~xímann~~ Landsímann. Talinn nýlega hafa verið að aka fyrir Grensásstöðina.

Helstu vinir: Börkur Skafsson og Sigurður J. Guðjónsson, en þeir hafa báðir orðið uppvísir að eiturlýfjadreifingu.

Þórhallur hefur orðið uppvís að dreifingu á hassi og am-fetamini, en dómur í málínu er ekki genginn. Hann er sagður erfiður í yfirheyrslu.

Gretar Samundsson
Gretar Samundsson

löggreglum.

Mánudagskvöldið 8. nóv 1976 óskaði Sævar M. Ciselski gæzlufangi í fangelsinu við Síðumúla eftir samtali við K. Schulz ranns.lögreglumann, sem fór til viðtals við Sævar ásamt Pétri Eggertz sendiherra.

Sævar sagðist vilja segja þeim sannleikann um hvar lík Geirfinns Einarssonar væri niðurkomið og sagði það grafið út á Álfanesi. Hann gerði síðan uppdrátt af staðnum og kvaðst örugglega geta vísað á hann.

Friðjudaginn 9. okt. 1976 fór undiritaður ásamt Ívari Hannessonni lögreglumanni með Sævar út á Álfanes. Sann fór fyrst á stað þann sem hann hefði teiknað upp, en kvaðst ekki vera viss um að þetta væri sá rétti og er við gengum frekar á hann kvaðst hann sjá að þetta væri skakkt hjá sér.

Við ókum nokkra vegi með hann þarna um nesið en hann kvaðst ekki' kannast við þessa staði svo öruggt væri.

Að síðustu ókum við með hann veginn sem liggur yfir vestur endann á Garðaholtinu og framm hjá bænum Hausastöðum og í áttina niður að sjó. Þar kvaðst hann kannast við sig og kvaðst telja að þeir hefðu komið þar með lík Geirfinns og beygt til vinstri með fram sjónum.

Þarna er ekki hægt að aka til vinstri með fram sjónum mena nokkra metra. Þar fórum við út og eftir stutta leit benti hann á stað efst í fjöruborðinu og sagðist öruggur um að þarna væri lík Geirfinns grafið. Sagðist hann miða það við skúr sem þarna er, en hann var áður búin að segja að líkið væri grafið í um 15. metr. frá skúr eða bátaskýli.

Við yfirheyrslu í sept. s.l. yfir Albert Khlan Salftasyni hafði Albert einnig farið á pennan stað og kvaðst telja að hann hefði einhverntíma ekið þangað í myrkri með Sævar Ciselski og Kristján Viðar. Þeir hefðu beygt þarna inn á sandinn ofan við fjöruna, til vinstri. Þar hefðu Kristján og Sævar farið út og g verið eitthvað að grafa við hægri hliðina á bílnum. Hann kvaðst ekki vita hvort þeir hefðu verið að grafa eitthvað niður þarna eða grafa upp. Hann kvaðst munu þetta mjög óglöggt. Ær hann hafði gefið þessar upplýsingar (þ.e. Albert) grófum við Grétar Sæmundss. ranns.lögr.m þarna í sandinn en án ágangurs enda var þarna um talsvert svæði að ræða og við aðeins með handverkfæri. 20 til 30 metr. eru á milli staðanna sem þeir bentu á.

Jonas Bjarnason
Ranns.lögr.m.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 8. nóv. 1976.

I dag hef ég undirritaður kannað atriði, varðandi Guðjón Skarphéðinsson, f. 19/6 1943 til heimilis að Grettis-götu 3la, Rvík., nafn nr. 2930-7458, sem getið er í skýrslu dags. 5/11 1976 í lið 2.

- a) Samkvæmt upplýsingum frá Sakaskrá ríkissins, hefur Guðjón ekki hlotið dóm og er ekkert skráð á sakavottorð hans.
- b) Guðjón er grunaður um aðild á smygli fíkniefna, sem fundust í bifreið hans 12. des. 1975.
Hann hefur verið kærður fyrir að aka á bifreiðinni R-45248, yfir tún við bæinn Miðhús í Gnúpverjahr.. (mál nr. 4533/75)
Hann hefur verið kærður af Seðlabanka Íslands þann 10/12 1975, fyrir innistæðulausa tékka, samtals að fjárhæð kr. 63.203,00. (mál nr. 6142/75)
- c) Guðjón var í fangageymslu löggreglunnar Hverfisgötu 113, á vegum fíkniefnadeildar löggreglunnar frá 12/12 1975 kl. 18:07 til 13/12 75 kl. 15:10.
Hann kom í fangelsið við Síðumúla 13/12 1975 kl. 15:40 í gæsluvarðhald vegna fíkniefnamáls og var látin laus þann 18/12 1975 kl. 17:30.
- d) Samkvæmt upplýsingum frá Bifreiðareftirliti ríkissins hefur Guðjón verið skráður eigandi að bifreiðinni R- 45248, sem er Citroen D19 árgerð 1967, frá 4/4 1975. Skráður eigandi að bifreiðinni, áður en Guðjón eignaðist hana, var Hólmfríður Sigurðardóttir, Fögrukinn 25, Hafnarfirði, sími: 52113, nafn nr. 4282-9528. Samkvæmt upplýsingum frá eiginmanni Hólmfríðar, Magnúsi Ríkharðssyni var bifreiðin sold Guðjóni þann 26/3 1975.
- e) Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu löggreglustjórans í Reykjavík hefur Guðjón ekki leyfi fyrir skotvopnum.

Sigurbj. V. Þagertss.
Sigurbj. V. Þagertss.
lögreglum.

Þriðjudaginn 9. 11. 1976 kl. 19:30 er máttur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Kristján Viðar Viðarsson, gæslufangi, til heimilis að Grettisgötu 82, Reykjavík, fæddur 21. 4. 1955 í Reykjavík. Hann hefur frá kl. 15:50 í dag verið til yfirheyrslu hjá rannsóknarlöggreglunni.

Honum er kunnugt tilefni yrirheyrlunnar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40 gлага um meðferð opinberra mála. Eftir það skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

"Þann 20. 11. 1974 kom Sævar að Laugavegi 32 og spurði eftir mér. Hann bað mig að koma út í bifreið og tala við sig. Æg fór út en ekki inn í bifreiðina. Þessi bifreið var sama bifreiðin og við fórum á til Keflavíkur kvöldið áður og einnig var ökumaðurinn hinn sami. Eftir að ég hafði talað við Sævar og var kominn inn til míni aftur, þá mundi ég eftir, að kvöldið áður hafði ég gleymt brúnum leðurfrakka í bifreiðinni. Eg bað kunningja minn að fara út í bifreiðina og ná í frakkann. Hann fór út, en kom til baka aftur með kápu af Erlu, sem einnig hafði' gleymst í bifreiðinni, en frakkinn varð eftir í bifreiðinni. Með þessum hætti komst kápa Erlu í mína vörslu. Síðast þegar ég vissi þá var kápan sett í geymslu við stiga að Laugavegi 32, og hef ég ekki séð hana síðan og veit ekki hvað af henni varð. Verið getur að Sævar hafi sótt kápuna.

Nokkrum dögum áður en Keflavíkurferðin var farin talaði Sævar við mig í síma. Sævar sagði mér að maður kæmi til míni á bifreið og atti ég að fylgja þessum manni til Sævars að Hjallavegi 31. Maður þessi kom til míni fyrrihluta kvölds. Hann ~~var á nýlegri~~ Bens fólksbifreið dökkti að lit og fór ég með honum. Aleiðinni ræddi ég við ökumanninn. Eg þekkti hann ekki og er ég viss um að þarna var ekki um sama mann að ræða og ók okkur síðar til Keflavíkur. Maðurinn spurði mig hvort á Hjallaveg við værum að fara, en ég sagðist þekkja húsið. Hann sagðist vera mágur Sævars og spurði ég þá hvort hann væri bróðir Erlu en hann neitaði því. Eg spurði hann ekki frekar hver hann væri. Þegar við komum að húsinu þá benti ég ökumanninum á aðrar af

tvennum dyrum hússins og á hvorn dyrabjölluhnappinn af tveim hann ætti að hringja á til að ná sambandi við Sævar, en hann virtist hvorugt vita. Ökumaðurinn kom til baka að bifreiðinni, en Sævar kom út í dyrnar, snéri þar við en kom skömmu síðar aftur og var þá Erla með honum, bæði ferðbúin. Þegar Sævar kom að bifreiðinni, þá sagði ökumaðurinn út um opinn gluggann, "ert þú Sævar," Sævar játaði því, en ég sagði auðvitað er þetta Sævar. Mér fannst þessi spurning undarleg þar sem ég hélt að ökumaðurinn þekkti Sævar þar eð hann hafði sagst vera mágur hans. Sævar og Erla koma þarna upp í bifreiðina og var ekið rakleitt að Klúbbnum við Borgartún. Þar stöðvaði ökumaðurinn og fór inn í húsið, þar sem hann dvaldist a.m.k. 15 min. Síðan kom hann út um bak-dyr hússins og er hann kom í bifreiðina, þá kom í ljós, að það sem átti að gera þetta kvöld hafði eitthvað breyst. Skömmu síðar fór ég úr bifreiðinni.

Það er rétt að Sævar hringdi til míð og spurði hvort ég gæti selt fyrir hann spíra. Ég ætlaði að athuga málid, en í þessu sambandi gaf Sævar mér upp nafn Guðjóns Skarphéðinssonar og símanúmer. Pennan Guðjón þekkti ég ekki, en nafn hans og símanúmer skrifaði ég á miða. Ég hafði ekki samband við Guðjón og ég keypti ekki af honum spíra. Ég létt einhvern á Laugavegi 32 hafa miðann með þeim orðum að hægt væri að kaupa spíra hjá þessum manni. Sá sem tók við miðanum hafði þau orð, að hann ætlaði að koma honum til Björgvins Hermannssonar, húsráðanda.
~~Ég xekkxxmágu kegtxxaðx Björgvinxxhafix sagxxmáxxxaðxhannxþekkti
 skixxfinxxmágxhannxxmáxxkaupax spíraxxmáxxégxhafixxoxsagtxSævarxi
 fráxjxjxí~~

Ég man að Björgvin sagði mér frá manni, sem hann þekkti í Keflavík, og vildi kaupa spíra. Björgvin fékk mér miða með símanúmeri á og kom ég honum til Sævars. Ekki man ég eftir nafni í þessu sambandi.

Ég er viiss um að Guðjón Skarphéðinsson ók ekki bifreiðinni, sem ég, Sævar og Erla fórum í til Keflavíkur, heldur ók hann sendi bifreiðinni af Vatnsstígnum og sá ég hann um kvöldið í Dráttarbrautinni.

Það getur verið að Sævar hafi komið og spurt eftir mér við dyrnar að Laugavegi 32, en svo farið á undan mér, þar sem ég man eftir

að hafa gengið einn að bifreiðinni, á Vatnsstíignum. Það getur vel verið að Páll Konráðsson hafi svarað, er Sævar hringdi bjöllunni, en ég veit það ekki með vissu.

Á leiðinni til Keflavíkur þann 19. 11. 1974 heyrði ég ökumanninn og Sævar ræða um einhvern ~~fxxxx~~ sem vandræði voru með. Eg tók ekki þátt í þeim umræðum og vissi ekki um hvern þeir voru að tala. Ég svaf mestan hluta leiðarinnar, en verið getur að ég hafi talað eitthvað við þau hin.

Ég man ekki eftir neinum stöfum úr símanúmeri Geirfinns, sem ég hringdi í úr Hafnarbúðinni. Það getur vel verið að ég hafi verið beðinn að ~~xxxx~~ segna honum að koma gangandi. Ég man, að er Geirfinnur kom að bifreiðinni, þá opnaði ég hurðina hægrameginn að aftan, færði mig til og hann settist við hlið mér. ~~xxxx~~ Ég minnist ekki að hafa átt orðaskipti við Geirfinn, en hann talaði aðallega við ökumanninn.

Frá Hafnarbúðinni var ekið beint í Dráttarbrautina. Ég man ekki eftir að hafa séð sendibifreiðina þar, en þar sá ég Guðjón Skarphéðinsson, sem ég taldi vera ökumann sendibifreiðarinnar á Vatnsstíignum. Ég minnist ekki að hafa séð varning settan í bifreiðina, sem ég kom í til Keflavíkur.


Ég veit ekki við hvaða mann er átt, sem sagður er hafa komið heim til míni einhverntíma á árinu 1973 og hefur verið lýst sem lágum, þrekvöxnum og þybbnum manni. Þar tel ég vera átt við Sigurbjörn Eiríksson, sem ég er næstum fullviss að hafi verið í Dráttarbrautinni um kvöldið 19. 11. 1974.

Ég kom að þar sem Geirfinnur var að rifast við Sævar, Guðjón Skarphéðinsson, bílstjórnarrann sem við komum með til Keflavíkur, og manninn sem ég álít vera Sigurbjörn Eiríksson. Ég veit ekki um hvað var rifist, en tel það vera eitthvað varðandi spíra-viðskipti. Ég blandaði mér í rifrildið, sem endaði með því, að Geirfinnur ætlaði að fara. Ég varnaði honum vegar, en hann gerði sig líklegan til að ráðast á mig. Þá sló ég hann með hnefanum. Ekki man ég hvar ég sló, ~~xxxxxx~~ en ég er viss um að ég sló hann ekki í höfuðið. Sævar sló einnig til hans og man ég að

Geirfinnur henti Sævari frá sér. Þá sló hann einnig til míni, en þá tók maðurinn sem ég tel vera Sigurbjörn Eiríksson haus-tak á Geirfinni. Eg tók planka og man ég að ég sló Geirfinn allfast með honum eftir að hann var laus úr haustakinu og kom höggið á öxlina. Við það hentist hann til jarðar/eftir þetta fleigði ég frá mér plankanum ~~og~~ Guðjón tók hann upp og sló ~~Geirfinn~~^{en} Geirfinn með honum, þar sem hann lá á jörðinni en ekki veit ég hvar næ hve oft ~~eg~~^{xx} hann sló."

Þegar yfirheyrslu var hér komið var kl. 21:45 og er yfir-heyrslu frestað til næsta dags.

Vottur:




Grétar Sæmundsson

Upplesið staðfest,



Kristján Viðar Viðarsson



Haraldur Árnason lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

10. nóv. 1976.

Kl. 16: er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Vilhjálmur Knudsen kvíkmyndagerðarmaður til heimilis að Hellusundi 6 A hér í borg sími 13230, vinnusími 22539, fæddur 14. 5. 1944 á Bíldudal, nafnnúmer 9315-9861.

Vilhjálmur er mættur hér aftur sem vinti í máli þessu og honum er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar og vitnaskylduna. Tilefni yfirheyrlunnar er að reyna að tímasetja sem nákvæmast hvenær Vilhjálmur hitti ~~þam~~ Sævar Ciesielski ~~og xExiuxBolliadóttir~~ í Kjarvalsstöðum í nóvember 1974 og hvenær Sævar ~~eðaxþau~~ komu heim til Vilhjálms að kvöldi til, en þá bjó Vilhjálmur að Kirkjuteig 16 hér í borg.

Eftir að Vilhjálmi hefur verið gert ljóst ofangreint, þá skýrir hann frá eftirfarandi: Eg er alveg viss um, að ég hitti ~~þam~~ Sævar Ciesielski ~~og xExiuxBolliadóttir~~ í húsinu Kjarvalsstaðir hér í borginni að kvöldi þess 19. nóv. 1974. Æ þeim tíma var kvíkmynd gerð af mér sjálfum og föður mínum sýnd á hverju kvöldi í Kjarvalsstöðum. Mynd þessi heitir Eldur í Heimaey. Eg man ekki fyrir víst hvaða dag sýningar hófust, eða hvaða dag þeim lauk, en ég tel líklegt að ég gæti aflað mér þeirra upplýsinga og mun þá ~~skýkixxf~~ skýra frá þeim hér. Sýningar voru að öllu jöfnu 3 á kvöldi, en þegar aðsókn var mikil, gátu þær orðið f 4. Fyrsta sýning hófst kl. 20:00, þó gat það dregist um ca. 10 mínútur. Sýningartími myndarinnar var 30 mínútur.

Að kvöldi þess 19. nóv. 1974 fór ég, ásamt konu minni, í Kjarvalsstaði gagngert til þess að sjá þessa mynd og var það aðallega að áeggjan föður míns. Faðir minn er nú látinna. Í Kjarvalsstaði komum við hjónin um kl. 20:00, eða rétt um það leiti, sem fyrsta sýning myndarinnar það kvöldið hófst. Þessa tímasetningu byggi ég á vinnubók minni frá þessum tíma. Samkvæmt henni, hef ég ~~h~~tt að vinna heima hjá mér á Kirkjuteignum kl. 19:30 að kvöldi 19. nóv. 1974 og ég man fyrir víst, að þaðan fórum við hjónin rakleiðis í Kjarvalsstaði

Ég man ekki betur, en fyrstu sýningunni þetta kvöld hafi seinkað eitthvað lítilsháttar, ég gæti trúð um ca. 10 mínútur. Fyrstu sýningu hefur því lokið um kl. 20:40 og sú næsta hófst um kl. 20:50. Ég sá þá sýningu einnig, svo og upphafið á þriðju sýningunni þetta kvöld og gerði ég það að allega til þess að fylgjast með aðsókninni, sem var mjög góð. Eftir á frétti ég, að fjórða sýningin hefði verið þetta kvöld.

Pegar ég kom út af fyrstu sýningunni, það er um kl. 20:40, þá hitti ég Sævar og var það rétt utan við dyr sýningarsalarins, ~~í~~ nánar til tekið í enda gangs, eða veitingastofu inn af anddyri hússins. Með Sævari var kona, sem hann fyrir mér kynnti sem móður sína. Erlu Bolladóttur man ég ekki eftir að hafa séð þá. ~~Við Sævarxxræðum~~ Faðir minn var einnig með mér og kynnti Sævar móður sína einnig fyrir honum og konu minni. Ekki man ég til þess, að við Sævar ræddum neitt sérstakt, þó finnst mér einhvern veginn, að hann hafi eitthvað haft orð á því, að hann væri á leið eða að fara til Keflavíkur. Þetta er þó atriði, sem ég treysti mér engan veginn til þess að staðfesta. Pegar við slitum talinu og við skildum við Sævar og móður hans, þá mun klukkan hafa verið um 21:00, því ég held, að önnur sýning myndarinnar hafi verið byrjuð.

A þessum tíma, það er í okt., nóv. og des. 1974, þá kom Sævar heim til míni nokkrum sínum, venjulega kl. 20:00 eða kl. 21:00. Dagsetningar og tíma þessu varðandi get ég séð og hef athugað í nokkurskonar vinnulista frá þessum tíma. Sævar var með tæki til kvíkmyndagerðar frá mér og með þessum komum sínum var hann ýmist að skila tækjum eða sækja önnur.


Einu sinni man ég eftir því, að Sævar kom nokkuð seint að kvöldi, eða milli kl. 23:00 og 23:30 og var það ekki af neinu sérstöku tilefni, hildur meira eins og af tilviljun. Hann ræddi við mig um gerð kvíkmyndar, sem hann hafði á prjónunum og ræddi eitthvað við mig varðandi myndina, en hún átti að fjalla um fanga í fangelsi. Í því sambandi mun Sævar hafa tekið einhverja silmubúta (senur) í Fossvogskirkjugarðinum, við nýbyggingu vöruskála SÍS skammt frá Kleppspítalanum og í fjörunni við Laugarnesstanga. Pegar Sævar var búinn að


dvelja hjá okkur í ca. 45 mínútur, þá kom upp úr kafinu, að stúlka biði hans út í bifreiðinni. Honum var þá sagt að sækja stúlkuna, mað hann gerði, og reyndist það vera Erla Bolladóttir. Æg hafði áður orðið þess var, að þegar hann kom til mína að kvöldi, þá beið stúlka í bifreiðinni meðan hann talaði við mig. Þetta var í eina skiptið, sem Sævar kom svona síðla dags heim til mína á þessum tíma. Æg er ekki viss um hvaða dag heimsókn þessi átti sér stað, en ég held, það hafi verið að kvöldi 22. nóv.

Þegar ég hitti Sævar í Kjarvalsstöðum þetta kvöld, það er 19. nóv. 1974, þá talaði ég ekki við Erlu, enda man ég ekki fyrir víst hvort hún var ~~með~~ barna í húsinu eða ekki. Eitt er ég viss ~~m~~, að hún var ekki hjá Sævari, en mig minnir, að ég hafi séð hana til sýndar. ~~.káxxekkxkx~~

Æg vil taka það fram, að samkvæmt vinnudag-bók minni, sem ég hef verið að glugga í, þá hef ég skráð, að kvíkmyndin Eldur í Hejmaey hafi síðast verið sýnd í Kjarvalsstöðum að kvöldi þess 22. nóv. 1974. Það er þess vegna, sem ég tel þau ~~hafaxx~~ Eldur og Sævar hafa ~~komið~~ heim til mína síðla kvölds þann dag, því mér hefur verið tjáð, að hún hafi sagst hafa ~~komið~~ heim til mína eftir sýningu myndarinnar. ~~Það vil ég ekki~~ ~~útiloka~~ ~~veggxx~~, að hvorki Sævar eða Erla ~~hafi komið~~ a heimili mitt kvöldið, sem ég fór með konu minni og föður í Kjarvalssstaði, það er 19. nóv. 1974.

Yfirheyrslu lauk kl. 17:50.


E. N. Bjarnason
lögrwglum.

Upplesið, staðfest:

Vilhjalmur Knudsen

Miðvikudaginn 10. 11. 1976 kl. 17:00 er mættur til skýrslutöku á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Kristján Viðar Viðarsson, gæslufangi, til heimilis að Grettisgötu 82, Reykjavík, fæddur 21. 4. 1955 í Reykjavík.

Skýrslutaka þessi er í beinu framhaldi af yfirheyrsli hjá rannsóknarlöggreglunni, sem hófst kl. 15:00 í dag.

Mætta er kunnugt tilefni yfirheyrlunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

"Það var ekki stöðvað neinstaðar í Keflavík á heimleiðinni þann 19. 11. 1974 og ég minnist þess ekki, að leitað hafi verið að Erlu. Eg man að það var ekið hægt eftir Aðalgötunni og hafði ég á orði, að ég vildi fara til lögreglunnar, en ökumaðurinn og sérstaklega Sævar vildu það ekki. Kápa og taska Erlu voru í aftursæti bifreiðarinnar, þar sem ég sat. Kápuna sótti Sævar síðar til míð að Laugavegi 32, en ég hef áður sagt hvernig hún komst í mína vörslu.

Eg man, að sendibifreiðin lagði af stað á eftir okkur úr Keflavík, en ég sá hana þó ekki á leiðinni. Þetta var dökk-blá bifreið með hvítu farmhúsi, tvöfaldri hurð að aftan og einfaldri hurð á vinstri hlið. Eg held að bifreið þessi hafi verið af Chevrolet-gerð, en ég man ekki hvaða tegund var sú fólkabifreið, sem við vorum í. Eg man þó, að hún var rauð að lit og fannst mér hún líkjast Cortinu eða Vauxhall.

Er komið var til Reykjavíkur var ekið norður Laugarásveg og mér skipað að fara úr bifreiðinni við áfengisverslunina. Eg fór þá úr bifreiðinni, en henni var snúið við og ekið til baka, og ég gekk af stað vestur Sundlaugaveg. Er ég var kominn skammt vesturfyrir sundlaugarnar kom sendibifreiðin akandi á eftir mér og stöðvaði hjá mér. Eg var beðinn að fara inn í farmhúsið sem ég gerði. Þar voru þá fyrir tveir menn, brekni maðurinn, sem ég hef áður lýst og annar maður sem ég get ekki

munað hver er, en á gólfínu lá Geirfinnur. Æg get ekki gert mér grein fyrir hvort hann var þá láttinn eða meðvitundarlaus. Prekni maðurinn hélt á skammbýssu og varaði hann okkur við, að hann ætlaði að skjóta á Geirfinn. Þó mér ekki á sama og sagðist ætla út. Var þá ökumanni gefið merki um að stöðva og ók hann inn á leigubifreiðastæði á mótmum Sundlaugavegar og Ötrateigs og stöðvaði þar. Fór ég út úr bifreiðinni og gekk spölkorn frá. Síðan gekk ég aftur að bifreiðinni og fór inn í farmskýlið. Fann ég þá þúðurlykt. Spurði ég hvort þeir hefðu hleypt af skoti, en sá sem hélt á byssunni svaraði því neitandi. Fór ég fram á að þeir fírbyssuhlaupinu en var einnig sinjað um það, en mér finnst að skotið hafi verið á Geirfinn. Æg man að ég heyrði annan manninn stinga upp á því, að skjóta Geirfinn og skilja hann svo eftir á almannafæri.

Síðan var ekið vestur Borgartún, suður Snorrabraut og inn í sundið sem liggur milli húsagarðanna milli Grettisgötu og Njálsgötu. Æg fór að aðaldyrum að Grettisgötu 82, og opnaði síðan bakdýrnar innanfrá, en sendibifreiðinni hafði þá verið lagt við garðhliðið gegnt dyrunum. Síðan var Geirfinnur fluttur úr bifreiðinni og inn í vaskahúsið í kjallaranum og síðan í geymslu gegnt vaskahúsinu. Æg minnist þess ekki að hafa aðstoðað við þetta, en ég minnist þess að hafa aðstoðað við að bera nokkra bláa plastbrúsa ca. 30 l. hver, en þeir voru settir í vaskahúsið. Þegar búið var að koma Geirfinni og spírabrúsunum fyrir, þá var farið upp í herbergi mitt og rætt um hvað gera ætti við lík Geirfinns. Æg man, að það voru nokkrar uppástungur, sem ég man ekki, en ákveðið var, að láta Geirfinn vera í geymslunni, þangað til annað yrði ákveðið. Í þessum umræðum tóku þátt, Sævar, Guðjón Skarphéðinsson, prekñaxni maðurinn, ökumaður fólkbsifreiðarinnar og ég.

Pann 23. ll. 1974 kom Sævar til míni að Laugavegi 32, en það var þegar hann sótti kápu Erlu. Bað Sævar mig að fylgja sér heim til míni að Grettisgötu 82. Sævar var í bifreið með Guðjóni Skarphéðinssyni, en ég vildi ekki fara í bifreiðinni og gekk því heim, en þá voru þeir Sævar og Guðjón komnir þangað. Tókum við þá lík Geirfinns úr geymslunni og settum það í vaska-

húsið. Þetta voru síðustu afskipti míن af líki Geirfinns Einarssonar og veit ég ekki hvað varð um það síðar.

Ég álít að Sævar vilji ekki að lík Geirfinns finnist vegna þess að skotáverki kann að vera á því.

Ég minnist þess, að þegar búið var að setja lík Geirfinns inn í geymsluna, þá var það einhver sem setti utan um það svart plast! ~~líkxxgxpáðxxenxxekxfxtáxxkxxskapaknum~~

Yfirheyrslu lauk kl. 19:25.

Vottur:


Grétar Sæmundsson

Grétar Sæmundsson

Upplesið staðfest,

Kristján Viðar Viðarsson

Kristján Viðar Viðarsson


Haraldur Árnason

Haraldur Árnason lögreglumaður.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 10. nóv. 1976.

I þessari skýrslu verða tekin saman, þau atriði, þar sem Guðjóns Skarphéðinssonar hefur verið getið, varðandi ferðina til Keflavíkur þann 19/11 1974.

Skýrsla tekin af Kristján Viðar bann 15/5 1976, bls. 234.

1. Guðjón í samræðum við Sævar, við sendibifreiðina á Vatnsstíg í upphafi ferðarinnar.
2. Guðjón spurði Sævar hvort ekki væri nóg pláss í fólksbifreiðinni.
3. Guðjón sagði við mennina í sendibifreiðinni, "nú leggjum við af stað." Lokaði síðan hurðinni á farangursgeymslunni.
4. Guðjón stjórnaði mönnunum.
5. Guðjón var í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóv. 1974.
6. Guðjón spurði mig að því hvort ég hefði verið til sjós.
7. Guðjón sagði mér að vera upp við bát í Dráttarbrautinni.
8. Bréf frá Erlu Bolladóttur 18/8 1976, bls. 513.

8. Guðjón fór í annari bifreið til Keflavíkur, en ég Sævar og Kristján Viðar.
9. Sá Guðjón á Vatnsstíg í upphafi ferðarinnar.

Skýrsla tekin af Erlu bann 1/9 1976, bls. 545.

10. Ekið heim til Guðjóns á Ásvallagötu, áður en farið var til Keflavíkur.
11. Sá Guðjón á Vatnsstíg í samræðum við Sævar og Kristján.
12. Erla segir hugsanlegt að Guðjón hafi ekið Land-Róver jeppa Sævars til Keflavíkur. (bls. 586)

Skýrsla tekin af Sævari bann 28/10 1976, bls. 662.

13. Guðjón spurði Sævar að því hvort hann gæti selt fyrir hann spíra.
14. Sævar segist vita að Guðjón hafi látið Kristján hafa spíra.

15. Guðjón hringdi heim til móður minnar á Grýtubakka 10, skömmu fyrir kl. 20:00 þann 19/11 1974 og sagðist eiga stefnumót við Geirfinn í Keflavík kl. 21:30.
16. Guðjón kom um kvöldið á Hjallaveg og sótti okkur.
17. Guðjón var kæddur í leðurjakka og hvíta peysu upp í háls.
18. Guðjón sagði, að Geirfinnur væri eitthvað neikvæður og skyldi honum sýnd full harka, þar sem hann gæti verið hættulegur.
19. Guðjón sagði hverjir stæðu á bak við smyglið.
20. Guðjón ók beint að Hafnarbúðinni í Keflavík.
21. Guðjón reif bréfmiða úr vasabók og skriffaði nafn Geirfinns og símanúmer, sem í voru tölustafirnir 31.
22. Í Dráttarbrautinni talaði Guðjón við mennina í sendibifreiðinni.
23. Guðjón setti 2 plastbrúsa í farangursgeymslu fólksbifr.
24. Guðjón sagði við Geirfinn; "Ætlar þú ekki að taka þessu." "Hvaða vitleysa er þetta eiginlega".
25. Guðjón sagði við Geirfinn: "Vorumx við ekki búrir að ræða þetta í Klúbbnum".
26. Guðjón var með 50 til 60 cm langan lurk í hægri hendi og sló Geirfinn í höfuðið með honum.
27. Guðjón ók að einhverju húsi í Keflavík, eftir að við fórum úr Dráttarbrautinni.
28. Guðjón ók frá Keflavík að Grettisgötu 82, Rvík., og lagði bifr. vinstramegin á götuna gegnt húsi nr. 78.
29. Guðjón fór með mér inn í geymsluna, þar sem Geirfinnur lá.
30. Sá áverka á vanga Geirfinns, eftir höggið sem Guðjón veitti honum með lurkinum.
31. Guðjón kom með þá hugmynd að flytja líkið austur fyrir fjall.
32. Guðjón ók með á Hjallaveg um nóttina 20/11 1974.
33. Guðjón kom á Hjallaveg þann 20/11 með kápu og veski Erlu.

34. Guðjón kom heim til Kristján að Grettisgötu 82, þann 21/11 1974, þegar líki Geirfinns var pakkað inn.
35. Guðjón sótti mig á Hjallaveg þann 23/11 1974 til þess að flytja líkið.
36. Guðjón var með stórt kúbein í bifreiðinni, sem var notað til þess að losa grjót og setja yfir líkið.
37. Í maí- júní 1975 fór ég með Guðjóni austur fyrir fjall, til þess að moka betur yfir líkið, en úr því var ekki.
38. Þá ætlaði Guðjón að láta mig brjótast inn í apótekið á Selfossi.
39. Guðjón ók Land-Róver jeppanum til Keflavíkur.

Skýrsla tekin af Kristjáni Viðar þann 3/11 1976, bls.694.

40. Í Dráttarbrautinni kom Guðjón til okkar.

Skýrsla tekin af Sævari þann 4/11 1976, bls. 697.

41. Guðjón sótti mig á Hjallaveg 19/11 1974.
42. Guðjón ók bifreiðinni til Keflavíkur.

Skýrsla tekin af Kristján Viðar þann 9/11 1976, bls.

43. Guðjón ók sendibifreiðinni til Keflavíkur.
44. Sá Guðjón í Dráttarbrautinni.
45. Geirfinnur var að rífast við Guðjón og Sævar.
46. Guðjón sléf Geirfinn með lurk.

725

Fimmtudaginn 11. 11. 1976 fór ég undirritaður ~~ssamt~~ P. Eggerz og K. Schütz með Sævar Cisielski til að láta hann sýna hvernig og hvar bifreiðarnar hefðu verið stöðvaðar í gernnd við Grettis-götu 82, er komið var úr Keflavík. Í skýrslu Sævars þann 28. 10. 1976 lýsir hann því að komið hafi verið á tveim bifreiðum að þessu húsi og hafi lík Geirfinns verið flutt úr annari bifreiðinni inn í húsið.

Sævar sagði, að fólksbifreiðinni hafi verið lagt vinstra megin á Grettisgötunni við hús nr. 77. Hann sjálfur, Kristján Viðar og Guðjón Skarphéðinsson hafi farið inn til Kristjáns Viðars aðaldyra megin og síðan opnað kjallaradyrnar sem snúa að bakgarðinum.

Sendibifreiðinni hafi verið lagt í sundið milli bakgarðanna milli Grettisgötu og Njálsgötu á móts við garðhlið húss nr. 82 þ.e. heimili Kristjáns Viðar. Framendi hennar hafi snúið að Barónsstíg og hafi henni verið ekið aftur á bak inn í sundið frá Barónstíg milli húsa nr. 31 og 33. Þess skal getið, að við hinn enda sundsins á Snorrabraut, er bípuhandrið þannig að nú er ekki hægt að aka ~~xxxx~~ um sundið frá þeim endanum.

Grétar Sæmundsson
Grétar Sæmundsson
löggreglum

Föstudaginn, 12.11.1976. Kl.07,25, fór undirritaður, ásamt rannsóknarlöggreglumönnunum, Jónasi Bjarnasyni, Eggerti N.Bjarnasyni og Sigurbirni Víði Eggertssyni að Rauðarárstíg 32, hér í borg.

Þar handtókum við Guðjón Skarphéðinsson nema, f.19.6.1943, tilh. Rauðarárstíg 32 Reykjavík, nafnnr. 2930-7458.

Þeir Eggert og Sigurbjörn fluttu Guðjón í Borgartún 7 til yfirheyrslu. Guðjón kom án móþróa, en hann var í svefni er við komum. Guðjón samþykkti að við mættum framkvæma húsleit og annaðist undirritaður leitina, ásamt Jónasi.

Herbergi Guðjóns er í rishæð hússins, en móðir hans og tvær systur búa á 1.hæð til vinstri og einnig er þar ung dóttir Guðjóns. Íbúðin er 3 herb.eldhús, gangur og snyrtiherb.

Herbergi Guðjóns er mjög lítið súðarherbergi.

Ekkert athugunarvert fundum við í íbúð móður hans, né í geymslu, enda sagði móðir hans, að Guðjón væri með dót sitt í herberginu í risinu.

Í herberginu leituðum við í öllum hirslum og í öllum bókum, svo og í fatnaði og rúmfatnaði.

Leitin bar ekki annan árangur en þann, að í tösku undir skrifborði fundum við litla minnisbók sem var í opnu umslagi.

Í bók þessa eru skrifaðar margskonar upplýsingar og heimilisföng, sem ekki gefa neinar grunsemdir til kynna.

Hinsvegar er í bókinni laust blað, sýnilega rifið úr bókinni og í miðju bókarinnar er skrifað á tvö blöð.

Eftirfarandi er skráð á lausa blaðið og á hin tvö:

"Pórbergur deyr 13.nóv, tveim dögum fyrr ráðist á ungan mann við Pórscafé, hann dó af völdum slagsmála.

Laugardag 16.var Victor Borge hér.

Ingimar Erlendur um Kristínu E- röttækni rögtækni.

Priðjud.19.Victor Borge í Háskólabíó.

Geirfinnsmál fyrst nefnt í Mbl. föstud. 22.nóv. á 3.síðu sagður þar hafa horfið af heimili sínu kl.22,30.

Laugardag 23.talað um dularfullt mannshvarf. Blá úlpa grænar buxur úr flaueli-grænköflött skyrta brúnir skór.

Villa í frásögn því þar er talað um ferð Geirfinns frá heimili sínu með kunningja sínum þriðjud.kvöld 18.hlyttur að eiga að vera 19.nóv.

Fyrir liggur nákvæm lýsing á manninum, sem hringdi í Hafnbúð kl.20,00-23(yfir þessu stendur 22,30)

▲ 4 nóv.viðtal við Har.B1.

Priðjud.24 nóv.3.síða ~~læggjum~~ löng grein af hverju hugsanlegt morðmál.

Pórður Ingimarsson vinnufélagi Geirfinns. Ellert Skúlason vinnuveitandi.

Miðvikud. 27. nóv. Mynd var tekin af Geirfinni í Klúbbnum 17. nóv. hann var þar á dansleik ásamt kunningjum sínum. Mynd af Leirfinni er í því blaði.

Fimmtud. 28. fengin nöfn 70 manna af öllu landinu. Maður á Akureyri á G-bíl kl. 6,20 þriðjud. 26. nóv. á smurstöð starfsm. þóttust þekkjamanninn af leirstyttunni. Hvaða tegund af bíl var þetta.

29. nóv. Hópurinn farinn að þrengjast."

Þjóðviljinn.

"16. nóv. landsfundur Alþbl. stendur fyrir dyrum.

17. nóv. Slade hljómleikar.

Priðjud. 19. nóv. landsfundur Alþþ. á að hefjast á fimmtudag.

Miðvikud. 20. löbg grein í Þjóðv. eftir Guðm. J. Hversvegna er húsnæðisleysi í Rvík.

23. nóv. Þorbergur jarðaður. Viðtal við Höskuld um bindindismál.

24. nóv. Sigurður Guðjónsson. Geðdeildin Reykjavík.

Priðjud. 26. nóv. Mannshvarfið í Keflavík. Cornelins og Frille eru hér fimmtudsgskvöld 7. nóv. og laugardag 9. nóv. "á Laugaveg 28. 6. júní Getið skal, að á 1. síðu bókarinnar stendur: "Skrif að með nýkeyptum penna Sævars." Ljósrit úr bókinni fylgja með.

Ivar Hannesson
lögreglum.

þónbeginn deyr 13 móð
fræm lögmum fyrir náðið
á ungar með vid
þorscafé. Það óf af
völdum slagsmála.

Langardag 16 var Victor
Borge hér.

Enginær frílandur
um Kristinn E - röð Hekni
rögð okni.

þriðjudag 17. Victor Borge,
Haskólabó.

Seðin — smál fyrst mefnt
i Mbl. fóruð 22 móð á 2 síðu
sauður þar hefur verið af
heini illi sinnu III 22.30
langard 23 talað —
dutengjilds — — shvarð.
Klá ilpa grænar bistrum

ur flaneli - gorenköfötl skylda
brum skum.

Villa i frásögn þui þer er
salas ~~in~~ fyrir Guðjón.
Frá heimili sinn með
15 m ^í ingja sinn pridjul.
Líföld 18, hlyður ~~at~~ eiga at
vera 19 má.

Fyrir liggur mákuæm 15 cm
á ~~metrum~~ sem hrings
i Hafnarfirði 11. 22,50 - 23
14 má. Vildal við Haf Bl.
pridjul 24 má.
3 sida löng græm.
at hærju hugsa mygt
mordomál.

páður ~~2~~ sínumssan.
nú undilagi Seinjus.
Eftir Skulason rínumvej

Miðv.d 27. máj.

Mynd var tekin af Sæfjörð
i Klúbbnum 17. máj
var van þer á dæslík
ástand kuminsin
sinnar. mynd af
Leifjörði en í því
Glæði

Fimmtud 28.

Fersir nöfn 70 manna
af öllu landinu.

Meðan á Akureyri
á G. líll kl. 6.20
þridjud 26. máj. á sunnudög
ssengs. þóttust þeitja
meðin af Leirsystuni
Hvadur degild af líll
van þetta.

11 mör

Höpunum janin at
þrensjæt.

pjöðnuljón

16 mör landsfjörður
Alþbl. strandur fyrir durn

17 mör Slade h)jómléikh.
þridjudi 19 mör

landsf. Alþþ. næst hefjot
og í fin sundag.

míðvikuð 20

löng er ein i þjöðr. eftir
Sudm. j. Huers megnar
niss-æðilegssí i 12 vik.

23 mör þorbergur
þorðar.

Viðtel við Höskulð
ur líðlinnismál.

24 mör. Sigrún Guðjónssann
Þedheildim Þorðkjavík

pridjuel 26 mör
Men-skverfjöld i Neflurit,

Garnelius og Trille
en his ~~fl~~ ^{eggkvæld} 10
7 mör og langard 9 mör.

Föstudaginn 12. 11. 1976 kl. 07:25 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Guðjón Skarphéðinsson, nemi, til heimilis að Rauðarárstíg 32, Reykjavík, fæddur 19. 6. 1943 á Marðarnúpi, A.-Hún., s: 28989.

Honum er bent á að hann sé undir grun vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Ég fullyrði, að ég hef enga vitneskju varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar, eða nokkuð í því sambandi umfram það sem ég hef lesið í dagblöðum.

Ég er viss um að ég var ekki á Vatnsstíg þar sem Sævar og Erla segjast hafa verið. Ekki hafði ég heldur þar nokkur afskipti af ~~Sendibifreið~~ eða fólksbifreið.

Það er alrangt að ég hafi átt símtal við Geirfinn og á eftir sagt Sævari að ég ætti stefnumót við hann, þ.e. Geirfinn. Ég hafði aldrei heyrt Geirfinns getið fyrr en ég las um málið í blöðum.

Ég minnist þess ekki, að ég hafi hringt heim til móðurs Sævars til að tala við hann. Það kann að vera að ég hafi hringt til hans á Grundarstíg, er hann bjó þar, en það hefur þá verið seint á árinu 1975.

Ég er þess alveg fullviss, að ég fór ekki til Keflavíkur þann 19. 11. 1974 ásamt Sævari, Erlu og Kristjáni Viðari. Sömuleiðis er ég þess fullviss að ég var ekki í Keflavík á þessum tíma.

Ég bekki Sævar. Erlu bekki ég nokkuð, en Kristján Viðar bekki ég ekki. Fyrstu kynni míni af Sævari voru þau, að ég kenndi honum í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Eftir það hafði ég stopul samskipti við hann. Það var hann sem leitaði eftir mínum kunningsskap en ekki öfugt. Segja má, að hann hafi ekki verið

náinn vinur minn. Erlu þekki ég aðeins vegna tengsla hennar við Sævar.

Ég hef aldrei komið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 og þar af leiðandi kannast ég ekki við þá stöðu að fólksbifreið hafi verið stöðvuð aðaldyrameginn og ~~stó~~ sendibifreið í sundinu bak við húsið. Ég veit ekkert um samtal sem á að hafa átt sér stað heima hjá Kristjáni aðfaranótt 20. 11. 1974. Ég hef ekki heyrt talað um að flytja lík Geirfinns.

Það er ófyrirleitin lýgi að segja, að ég hafi tekið þátt í samræðum, þar sem talað hafi verið um að sýna yrði einhverjum manni fulla hörku. Það einnig lýgi að ég hafi látið af hendi miða með nafni og símanúmeri Geirfinns. Einig er það lýgi að ég hafi átt nokkurn þátt í átökum í Dráttarbraut Keflavíkur. Allt það sem mér skilst að hafi komið fram varðandi þátttöku mína í því er gerðist í Keflavík, það er lýgi, þar sem ég kom þar hvergi nærrí.

Mér er ekki ljóst hvers vegna því hefur verið haldið fram, að ég sé viðriðinn þetta mál, en ég bendi á að það mun hafa gerst áður í þessu máli, að saklausum mönnum hafi verið bendlað við það.

I nóv. 1974 var ég nýlega búinn að kaupa íbúð og var ég flest kvöld að vinna við að standsetja hana. Ég tel kvöldið 19. 11. 1974 hafi ég verið að vinna í íbúðinni. Ég á ekki gott með að fára ákveðnar sönnur á það. Eitt sinnum um þetta leyti fór ég á tónleika Korneliusar Vreesjwick. Þegar ég var kallaður til yfirheyrlsu í mai s.l. þá var mér löst að farið var að bendla ~~mig~~ við málið. Eftir það fór ég að reyna að finna út hvar ég var þetta kvöld. I því sambandi fór ég á Landsbókasafnið og skoðaði blöð frá þessum tíma og skrifaði ég hjá mér helstu atriði varðandi málið og einnig atburði, er gerðust á þessum tíma, í því augnamiði rifja upp þennan tíma. Mér hefur hér á skrifstofunni verið sýnt blað úr dagbók minni, þar sem ég hafði skrifað hjá mér þessi atriði.

Sævar kom einusinni heim til míni í nóv. 1974 en ég man ekki nákvæmlega hvenær það var, en ég er viss um að það var um kvöld á virkum degi. Mér finnst, að þetta kunni að hafa verið þetta umrædda kvöld 19. 11. 1974. Erla var nýlega búin að kaupa Land Rover bifreið og var Sævar nokkuð hreykinn af því. Þau voru tvö í bifreiðinni og var erindi þeirra ekkert annað en að bjóða mér að prófa að aka bifreiðinni. Sævar bað mig ekki að aka sér neitt sérstakt og ekki var talað um nein afbrot. Ég fór með þeim í bifreiðinni og ók Erla fyrst um Túngötu og gagn um miðbæinn að horninu hjá Laugásvegi og Skothúsvegi. Þar stöðvaði hún og ég tók við og ók heim til míni. Þetta mun hafa verið um kl. 21:00 til 22:00. Ég fór úr bifreiðinni og heyrði ég ekki meira frá þeim fyrr en Sævar hringdi til míni síðar um veturinn frá Kaupmannahöfn."


Yfirheyrslu lauk kl. 13:10.

Vottur:




Haraldur Arnason

Upplesið staðfest,



Guðjón Skarphéðinsson



Grétar Sæmundsson lögreglum.

Föstudaginn 12. 11. 1976 kl. 17:45 er aftur mættur til yfirheyrslu á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Guðjón Skarphéðinsson, nemi til heimilis að Rauðarárstíg 32, Reykjavík, s: 28989, fæddur 19. 6. 1943 á Marðarnúpi, A.-Hún.

Eftir að fyrri yfirheyrslu lauk var hann fluttur í Fangelsið við Síðumúla til geymslu.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrlunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

"Svo sem ég sagði í upphafði fyrri yfirheyrslu í máli þessu nú í dag, þá fullyrði ég, að ég er algerlega saklaus að hvarfi Geirfinns Einarssonar.

I byrjun okt. 1974 og þar til ágúst 1975 starfaði Ég hjá Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Ég hafði ekki aðgang að sendibifreið þess fyrirtækis, en sú bifreið er af gerðinni Saab station. Ég man ekki til að ég hafi ekið sendibifreið og er ég alveg fullviss um að hafa aldrei ekið þesskonar bifreið í Reykjavík.

Sjálfur átti ég ekki neina bifreið árið 1974. Ég man ekki til að ég hafi fengið neina bifreið að láni þetta ár utan það að ég fékk lánaðar bifreiðir tengdaföður míns, en þær eru af gerðunum Blaizer og cortina. Cortinan var rauð að lit, en hin bifreiðin drapplituð með svörtu þaki. Þetta ár tók ég einu sinni bílaleigubifreið og kem ég að því síðar.

Ég keypti citroen bifreið skömmu fyrir páskan 1975. Söluverð hennar var kr. 200.000,oo. Þessa bifreið á ég enn, en hún hefur verið í geymslu hjá Eymskip frá því 12. 12. 1975.

Um mánaðarmót júní og júlí 1974 tók ég vw-bifreið á leigu hjá Bílaleigu Karnabæjar. Í henni fór ég ásamt Sævari og bróður

mínúm austur að Kálfá til laxvæiða. Við ókum um Hellisheiði sem leið lá ~~um~~ um Selfoss. Við vorum tæplega einn dag við ána, en ókum svo um Skeið, framhjá Skálholti og Þrastalundi og síðan upp Grafning og um Mosfellsheiði til Reykjavíkur. Ekki minnist ég þess að við höfum stöðvað neins staðar á leiðinni, nemá ef til vill í sjóppu til að versla. Erindið var ekki annað, en að Sævar bauð okkur í veiði.

Sævar var á humarbát sem réri frá verstöð fyrir austan fjall um vorið 1975. Á þeim tíma var ég að hugleiða, að fara til útlanda til langdvala. Sævar vissi um þá ætlan og hafði látið í ljós áhuga að fara með mér, en ég hafði ekki áhuga ~~á~~ að hafa hann með. Ær Sævar var fyrir austan mun hann hafa fengið þá hugmynd að brjótast inn í apotekið á Selfossi. Æg man að hann talaði um að mikið væri geymt af Kokaini í apotekum á Íslandi og hægt væri að selja það erlendis. Í þessu sambandi talaði hann um að auðvelt væri að brjótast inn í apotekið á Selfossi. Það mun svo hafa verið á föstudags-~~má~~ laugardagskvöldi, að við Sævar fórum austur að Gljúfurárholti til Benonýs Egissonar. Ær við vorum í Gljúfurárholti þetta kvöld, um eða eftir miðnætti, þá fór Sævar að byðja mig að aka sér til Selfoss í því augnamiði að brjótast inn í apotekið. Æg gerði það og lagði bifreiðinni og beið sjálfur í bifreiðinni, en Sævar fór út með svarta skjalatösku. Nokkru síðar kom hann aftur að bifreiðinni og hafði þá hætt við innbrotið. Talaði hann um að innbrotið væri ekki framkvæmanlegt þar sem mikil mannaferð væri eða eitthvað í þá átt. Ær rauninni bjóst ég ekki við öðru en að þessar hugmyndir Sævars væru mannalæti. Eftir þetta ók ég til Reykjavíkur, en ég man ekki hvort Sævar varð eftir í Gljúfurárholti. Ekki varð ég var við að Sævar væri með hamar meðferðis í þessari ferð, en verið getur að hann hafi verið með verkfæri í töskunni.

Æg er þess fullviss, að Sævar talaði ekkert um hvar Geirfinnur væri grafinn, í þessari ferð. Ekki kom til tals að fá nein graftól. Þingvallar segir mér ekkert í þessu sambandi.

Æg minnist þess að ég kom tvívar í Gljúfurárholt ásamt Sævari árið 1975. Annað skiptið er það sem frá er greint hér næst að

framan, en nokkru fyrr þetta sumar fór ég í veiðitúr austur í Kálfá. Þá var Erla með okkur og þýsk stúlka. Þetta skipti gistum við eina nótt hjá Benóný. Ekki var minnst á Geirfinn frekar í þessari ferð en hinni. I báðum þessum ferðum fórum við í minni eigin bifreið, þ.e. citroen- bifreiðinni.

Ég minnist þess að eitt sinn er ég kom í Gljúfurárholt, ekki man ég fyrir víst hvenær, þó tel ég það hafa verið í byrjun júní þetta sumar, en það rifjast nú upp fyrir mér, að það mun hafa verið í þriðja sinnið, sem ég kom í Gljúfurárholt með Sævari þetta sumar. Þá var gestkomandi fleira fólk, sem ég kannaðist lítið við. Var þá haft um hönd hass og minnir mig að ég hafi þá tekið þátt í að reykja hass. Ekki er mér kunnugt um hver átti það hass sem reykt var. Ég hef ekki í annan tíma tekið þátt í að reykja hass, þar sem Sævar ~~hefur~~ verið viðstaddir og ég hef ekki staðið í neinum hassviðskiptum með honum. Ég hef allsekki verið í neinum þess konar viðskiptum hvorki fyrr né síðar.

Svo sem ég hef sagt frá áður þá hringdi Sævar heim til mína í mars, að mig minnir, árið 1975. Þetta var collect símtal, það er hann hringdi á minn kosnað. Mér mun hafa verið sagt í upphafi að þetta væri collect símtal og hvort ég tæki það. Þessu játaði ég en gerði mér allsekki grein fyrir hvað það taknaði, enda hefði ég ekki farið að tala við Sævar fyrir fyrir minn reikning. Mér var heldur ekki í upphafði sagt hver vildi tala við mig. Erindi Sævars virtist ekki vera neitt sérstakt. Hann spurði almennra tíðinda úr Reykjavík, talaði um hvernig félagar sínir hefðu það o. s. frv. Ekki minntist hann neitt á hvarf Geirfinns. Mér er það ekki ljóst enn vegna hvers hann var að hringja til mína.

I nóv. 1974 bjó ég einn með konu minni og tveim börnum. Að þeim tíma kom hann ekki á heimili mitt. Hins vegar man ég að hann kom til mína í ágústmánuði þetta haust. ~~xxxxxxpexxxxxxxxxxxxxxx~~
~~póstsvíkamálus~~. Erindið var að sýna mér stórt og vandað segulband sem hann hafði að láni. Nokkru áður hafði hann talað um að ég aðstoðaði hann í póstsvikamálínu, en ég neitaði því.

Mér hefur verið sýnd loftmynd af Dráttarbraut Keflavíkur og fullyrði ég, að á þann stað hef ég aldrei komið. Ég neita algerlega að hafa þann 19. 11. 1974 tekið þátt í nokkrum átökum á þessum stað. Svo sem ég hef skýrt frá áður þá er ég saklaus af því að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns Einars-sonar og hef ég enga vitneskju um það mál. Ég minnist þess að einhverntíma heyrði ég Sævar segja, að hann vissi allt um þetta mál. Ekki sagði hann neitt meira og ekki var hann spurður, enda taldi ég þetta algéra markleysu. Annað en þetta hef ég ekki heyrt Sævar tala um Geirfinnsmálið. Ég hef ekki heyrt hann tala um flutning á líki eða neinu í því sambandi.

Ég get ekki fundið nokkra ástæðu fyrir því að Sævar, Erla og Kristján Viðar skuli vera að bendla ~~mé~~ við við þetta mál. Ég fullyrði ~~en~~ einu sinni að þar fara þau með lýgi."

Yfirheyrslu lauk kl. 19:45.

Upplesið staðfest,


Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Guðjón Skarphéðinsson
Guðjón Skarphéðinsson

B

**Nr. VI Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977**

G.Br.

GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 2

FRUMRIT : Bls. 503 - 1000

**Phobos I
CONFIDENTIAL**